almenningi aðalatriðin í þessu umburðarbrjefi kunn á þann hátt, sem yður þykir bezt
við eiga.

60 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir vesturamtinu um sveitfesti Ragn-
24. maí. hildar Vigfúsdóttur. — Hreppsnefndin í Helgafellshreppi hefur með brjefi dagsettu 11.
janúar þ. á. skotið til landshöfðingja úrskurði vesturamtsins frá 17. nóv. f. á., er felldi
úr gildi úrskurð sýslumannsins í Snæfellsnessýslu dagsettan 9. október f. á., en með
þessum úrskurði sýslumannsins var ákveðið, að ekkjan Ragnhildur Vigfúsdóttir ætti sveit
í Eyrarhreppi. Af skjölum málsins sjest, að nefnd Ragnhildur fluttist vorið 1875 frá
Rimabæ í Eyrarsveit að Berserkjahrauni í Helgafellssveit til sonar síns Jóhannesar og var hjá
honum uns hann dó sumarið 1884, fór hún þá til ekkju hans Steinunnar Jónsdóttur og
hefur dvalið hjá henni síðan. Haustið 1884 var að vísu gerð aðsjón á bjargræði fyrstjéðrar
Steinunnar, og þarð það virtist ónógt var henni veittur 18 kr. styrkur af sveitarsjóði, en
einsog amtið hefur ljóslega sýnt getur þessi styrkur ekki álitist veittur optnefndri Ragn-
hildi, sem þannig hefur dvalið yfir 10 ár í Helgafellssveit, án þess á þeim tíma að hafa
þegið nokkurn sveitarstyrk. Úrskurður amtsins ber því að standa óraskaður.

Í forföllum landshöfðingja.

Jón Pjetursson.

61 Brjef landshöfðingja til söfnunarsjóðsins í Reykjavík um hlunnindi samkvæmt
25. maí. tilskipun 5. jan. 1874 fyrir söfnunarsjóðinn í Reykjavík. — Eptir að bónaibrjef yðar,
dagsett 5. janúar þ. á um hlunnindi samkvæmt tilskipun 5. janúar 1874 fyrir «Söfnun-
arsjóðinn í Reykjavík» hefur verið borið upp fyrir ráðgjafanum, veiti jeg sjóði þessum
hlunnindi þau, er getur um í nefndri tilskipun, 1. og 3. tölulið, um 5 ára tímabil, er
teljist frá 11. júní þ. á., þó með þeim skilyrðum: að ábyrgð sú, sem stofnendur sjóðsins
hafa tekizt á hendur með 2. gr. samþykktar 7. nóvbr. 1885, skerðist ekki; að ákvarðan-

prófessor í Parísarborg hafa kastað í Golfstrauminn, rækju við strendur Danmerkur, að þær þá verði
teknar upp með nauðsynlegri varkárni og að sömuleiðis skjöl þau, sem í þeim eru, verði send annað
hvort utanríkisstjórninni í Parísarborg eða erfðaprinsinum af Monaco, og að þeim verði látin fylgja
skýrsla um, hvaða dag og hvar flöskurnar hafi fundizt og hvernig þær þá hafi verið á sig komnar.

Að því er snertir lögum á flöskum þessum, hefur dómsmálastjórnin fengið þessar upplýsingar:
Í Golfstrauminn hefur verið kastað flöskum eða hylkjum með þrennskunar lagi:

1, 10 koparkúlum, 30 centimeter (hjerumbil 1 fet danskt) að þvermáli; hver kúla samanstendur
af tveim hálfkúlum, sem eru skrúfaðar saman í „kantsjuk“, sem skotið er inn á milli, með skrúf-
nögglum, sem finnandi strax tekur eptir, svo hann á hægt með að opna kúluna.

2, 20 tunnur, er taka 16 potta, í lögum eins og ölancker, með þykkum stöfum og járnbenntar,
tjargaðar að innan og fylltar haframylsnu.

3, 150 algengar flöskur, með tappa í og „kantsjuk“-loki þar yfir.

Í hverju hylki er blað; er þar á frakknesku, dönsku og fleiri málum skýrt frá tilgangi blaðs-
ins og skorað á menn, að koma því til yfirvaldanna. Blaðið er í lokaðri glerpípu og þannig vafið sam-
an, að sjá má nokkuð af því, sem á það er prentað. — — —

anna í samþykkt sjóðsins um reikningsskil sje nákvæmlega gætt og að send sjeu lands- **61**
höfðingja árlega eptirrit af reikningum hans, svo ber og að skýra landshöfðingja frá sjer- 25. maí.
hverri breytingu er kynni að verða gjörð á samþykkt sjóðsins, og frá því, ef skipti verða
á stofnendum sjóðsins, samkvæmt 2. og 3. gr. samþykktarinnar.

Þetta er hinni heiðruðu stjórnarnefnd hjermeð tilkynnt til þóknanlegrar leið-
beiningar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um aug- **62**
lýsing vogreka. — Í þóknanlegu brjefi 17. febrúar þ. á. hafið þjer, herra amtmaður, 26. maí.
skýrt frá, að menn úr Ólafsfirði hafi haustið 1884 fundið bát á sjó úti og bjargað hon-
um að landi, og að bátur þessi hafi verið virtur á 12 kr., en að finnendur hafi heimtað
7 kr. fyrir að róa hann í land. Þó að fara beri með vogrek þetta eptir 25. gr. skips-
strandalaganna 14. janúar 1876 og þá enn fremur að auglýsa það eptir 22. gr. þeirra
prisvar sinnum í frjettablaði því, þar sem birta skal opinberar auglýsingar, þá hafið
þjer borid það upp, hvort ekki megi sleppa að auglýsa þetta lítillfjörlega vogrek á þenna
hátt, þarsem andvirði þess að frádregnum björgunarlaunum og öðrum útgjöldum ekki
hrökkvi fyrir auglýsingarkostnaði, og borga nettoandvirði vogreksins beinlínis í landssjóð.

Útaf þessu vil jeg tjá yður, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar og til frek-
ari ráðstöfunar, að jeg fellst á, að í tilfelli því, sem hjer er um að ræða, sje farið að á
þann hátt, sem þjer hafið lagt til, en þarsem þjer enn fremur hafið mælt fram með því
að framvegis megi fylgja sömu reglum við auglýsing vogreka, er finnast á sjó úti sem
um vogrek, er reka á land upp, þannig að þau því aðeins verði auglýst í frjettablöðum
að þau sjeu meira virði en 30 kr., en ella í yfirdóminum nema þau sjeu minna virði
en 10 kr., og þá sjeu þau alls ekki auglýst, þá er jeg því að vísu samdáma, að fara
skuli með auglýsingu vogreka, er finnast á sjó úti, á sama hátt sem með auglýsingu
vogreka sem reka á land upp, en þaraf leiðir, að öll vogrek er finnast á hafi úti og
heyra undir 1. gr. í opnu brjefi 4. maí 1778, ber að auglýsa á þann hátt, sem 22. gr.
skipstrandalaganna mælir fyrir, en vogrek, sem heyra undir 2. og 3. gr. í tjeðu opnu
brjefi, á þann hátt sem segir í opnu brjefi 2. apríl 1853, 2. gr.; þó er að minni ætlan
ekkert á móti því, að þegar vogrek, sem annars ætti að auglýsa eptir 22. gr. skip-
strandalaganna, er svo lítills virði að nettoandvirði þess hrökkur ekki fyrir auglýsingar-
kostnaði, þá megi sleppa að auglýsa það, og virðist í því efni mega hafa hliðsjón af
ákvörðuninni í opnu brjefi 2. apríl 1853 um að vogrek, sem ekki eru 10 kr., virði þurfi
ekki að auglýsa.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um borgun handa fulltrúa **63**
stjórnarinnar á aukaalþingi 1886. — Samkvæmt allraþegnlegastri tillögu ráðgjafans 27. maí.
hefur hans hátign konunginum 25. þ. m. þóknast að fallast á, að gjöldin til fulltrúa
stjórnarinnar á aukaalþingi 1886 skuli ákveðin 1000 kr.

Þetta er eigi látið hjálíða þjónustusamlega að tilkynna yður, herra landshöfð-
ingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og til þess að þjer birtið það í B-deild Stjórnartíð-
indanna.

64
28. maí. Brjef landshöfðingja til verzlunarstjóra Pjeturs Sæmundssonar á Blönduósi um að póstmistararum í Reykjavík sje skylt að veita seðlum landsbankans móttöku sem borgun fyrir póstávísanir. — Útaf fyrirspurn yðar í brjefi dagsettu 1. þ. m. vil jeg tjá yður, að með því að svo er fyrir mælt í lögum 18. september f. á. um stofnun landsbanka, 4. gr., að seðlar þeir, sem getur um í 2. og 3. gr. skuli gjaldgengir í lands-sjóð og aðra almennasjóði hjer á landi og sjeu hjer manna á milli löglegur gjaldeyrir með fullu ákvæðisverði, þá er póstmistararum í Reykjavík skylt að veita seðlum þess-um móttöku sem borgun fyrir póstávísanir til Danmerkur og útlanda á sama hátt, sem dönskum gull- og silfurpeningum.

65
5. júní.

Reglugjörð

fyrir

landsbankann í Reykjavík.

I. kafli.

Um stjórn landsbankans.

1. gr.

Samkvæmt lögum um stofnun landsbanka 18. septbr. 1885, 19. gr., skal bankan-um stjórnad af 1 framkvæmdarstjóra og 2 gæzlustjórum. Framkvæmdarstjóri skal ann-ast dagleg störf bankans og stýra þeim. Gæzlustjórnir eiga að hafa umsjón með, að lögnum um landsbankann sje fylgt, og farið sje eptir ákvörðunum þeim, sem settar eru í þessari reglugjörð; er þeim því ekki að eins heimilt, hvenær sem er, að vera við staddir í bankanum til þess að hafa eptirlit með störfunum þar, heldur einnig skylt, svo opt sem þörf er á, og sjerstaklega þegar framkvæmdarstjóri kveður til, að eiga fund með honum til þess að ræða þau málefni, sem snerta bankann, er framkvæmdarstjóri óskar álits þeirra um, og ásamt honum að gjöra út um þau, svo sem um, hvort lán skuli veita, og með hverjum skilmálum, o. fl.

2. gr.

Bankastjórnin á að gæta þess, að endurskoðun framfari að minnsta kosti mánaðar-lega, til þess að flýta fyrir úrskurði á ársreikningnum, og til þess að hann verði sem fyrst birtur.

3. gr.

Bankastjórnin skal hafa eptirlit með bókfærslunni og gjaldkerastörfunum, og að minnsta kosti einu sinni á mánuði hverjum kynna sjer, hvort sjóður sá, sem fjehirði einum er trúad fyrir, sje jafnmikill og í bókunum segir. Framkvæmdarstjóra er auð-vitað einnig einum saman heimilt að hafa eptirlit með þeim, svo opt sem hann vill.

4. gr.

65

Bankastjórnin ákveður vinnutíma bankans, og skal annast um, að almenningi verði birt, hvenær bankinn sje opinn. Framkvæmdarstjóri skal ávallt vera viðstaddur á meðan á vinnutímanum stendur. Annar gæzlustjóranna skal og allajafna vera viðstaddur.

5. gr.

Á aðalpeningahirzlu bankans skal læsingin vera þannig gjörð, að ekki verði henni lokið upp nema með 2 lykllum, sem ekki eru eins. Hefur framkvæmdarstjóri annan lykilinn, en fjehirðir hinn, og verða þeir því ávallt báðir að vera við, þegar hún er opnuð. Þegar eitthvað er tekið úr sjóði eða í hann látið, skal það ritað í bók, sem til þess er ætluð. Skal fjehirðir rita nafn sitt undir, ef úr sjóði er tekið, en framkvæmdarstjóri, ef í hann er látið.

6. gr.

Fjehirði skal fengin önnur fjárhirzla, er hann skal geyma í það fje, sem honum er fengið til daglegra þarfa, og hefir hann einn lykilinn eða lykllana að henni.

7. gr.

Láta skal allar bækur og áriðandi skjöl bankans, þegar störfum er hætt á daginn, inn í hinar læstu peningahirzlu. Bækur bókarans skulu geymdar í þeirri eða þeim fjárhirzlu, sem framkvæmdarstjóri hefur annan lykilinn að.

8. gr.

Þegar bankastjórnir eiga fund með sjer, skal rita það, sem þar gjörist, í bók, sem til þess er ætluð. Rísi ágreininur milli þeirra um eitthvert málefni, ræður atkvæðafjöldi. Þó má framkvæmdarstjóri, ef hann álitur, að einhver ákvörðun gæzlustjóranna sje þannig löguð, að bankinn geti bedið tjón af, láta farast fyrir að framkvæma hana; en hann má aldrei framkvæma neitt það, er báðir gæzlustjórnir hafa neitað að leggja samþykki sitt á.

9. gr.

Starfsmenn bankans eru skyldir til að hlýða boðum ekki að eins bankastjórnarinnar í heild sinni, heldur einnig framkvæmdarstjórans eins. Þeir skulu vinna bankastjórninni eið að því, að þeir með árvekni og samvirkusemi skuli gegna störfum þeim, sem þeim eru falin, og ekki gjöra neinum út í frá kunnugt um málefni bankans, nje segja frá um viðskipti einstakra manna við hann.

10. gr.

Reikningsár landsbankans nær frá 1. janúar til 31. desbr. Eftir nýár skal semja ársreikninginn; skal hann vera fullbúinn fyrir 15. marz ár hvert og sendur landshöfðingja.

II. kafli.

Um störf landsbankans.

11. gr.

Bankinn veitir lán gegn tryggingu í fasteign, þó ekki gegn tryggingu í húsum, nema í Reykjavík, og ávallt gegn 1. veðrjetti.

12. gr.

Til þess að menn geti fengið lán úr landsbankanum gegn fasteignarveði, verða menn að fullnægja þeim skilmálum, er nú skal greina:

- a. Láta virða eignina til peninga af 2 óvilhöllum, kunnugum, dómkvöddum mönnum. Skal eigninni nákvæmlega lýst í virðingargjörðinni, og þess getið, hver hús sjeu á eigninni, sje það jörð, og hvað þau sjeu virt út af fyrir sig; einnig skal í henni tekið fram, hvert afgangur sje af jörðinni, og hafi jörðin nýlega gengið að kaupum og sölum, hvað gefið hafi verið fyrir hana.
- b. Útvega vottorð hlutaðeigandi embættismanns samkvæmt afsals- og veðbrjefabókunum um, hvort nokkur veðskuld eða önnur eignarbönd liggja á eigninni, og hver þau sjeu.
- c. Útvega vottorð hlutaðeigandi embættismanns samkvæmt embættisbókum hans um, að hlutaðeigandi hafi þinglesna heimild að fasteigninni, eða, sje það ekki unnt, þá vottorð hans um, að eignin sje vitanlega eign hans.

13. gr.

Landsbankinn lánar fje gegn sjálfskuldarábyrgð, þó því að eins, að ábyrgðarmennirnir sjeu búsettir í Reykjavík eða í nágrenni við hana.

14. gr.

Landsbankinn lánar fje gegn handveði. En meðan bankinn ekki hefur húsnæði, sem með öllu er óhætt fyrir eldsvoða, tekur hann ekki til sín annað handveð en arðberandi veðbrjef.

15. gr.

Um önnur störf, er bankinn getur haft á hendi, vísast til 6. gr. laga um stofnun landsbanka. Að því snertir viðtöku peninga sem innlán eða með sparisjóðskjörum, munu settar sjerstakar auka-ákvarðanir við reglugjörð þessa, þegar bankastjórnin sjer sjer fært að fást við það starf.

16. gr.

Bankinn lánar ekki minni upphæð en 50 krónur.

17. gr.

Bankinn getur heimtað 1 árs vexti fyrirfram af lánnum þeim, sem hann veitir.

18. gr.

Það er á valdi bankastjórnarinnar, hversu mikið hún vill lána að tiltölu við virðing-

arverð veðsins, en hún lánar þó að öllum jafnaði ekki nema helming virðingarverðs, og engu sinni meir en $\frac{2}{3}$ þess.

65
5. júní.

19. gr.

Þeir, sem vilja fá lán úr bankanum, skulu beiðast þess brjeflega, og geta þeir fengið prentuð eyðublöð undir slík brjef ókeypis í bankanum.

20. gr.

Svar bankastjórnarinnar upp á slíka beiðni verður að eins gefið munnlega, og getur enginn, sem synjað er um lán, heimtað, að honum sje gjörð grein fyrir, hverjar ástæður sjeu til synjunarinnar.

21. gr.

Ekki eiga menn heimtingu á, að tje það, sem bankastjórnin hefur ákveðið að veita einhverjum að láni, sje greitt fyr en næsta virka dag bankans eptir að láninu var heitið.

22. gr.

Sjerhver skuldunautur bankans má greiða lán það, er hann hefur fengið, allt eða nokkurn hluta þess, áður gjalddagi sá, sem ákveðinn er í skuldabryefinu, er kominn; en ekki getur hann heimtað neitt endurgoldið af þeim vöxtum, er hann kann að hafa greitt fyrirfram.

23. gr.

Engum veitist lán úr bankanum um lengri tíma en 10 ár; sjerhvert lán veitist mót afborgun og vöxtum, eptir því sem nánara um semst við bankastjórnina.

24. gr.

Það er á valdi bankastjórnarinnar, hvernig hún hagar bókum sínum og reikningsfærslu; en kosta skal hún kapps um, að haga því þannig, að auðvelt sje og greitt að kynna sjer fjárhag bankans.

25. gr.

Varasjóð má ekki lána út, heldur skal kaupa fyrir hann konungleg skuldabryef, er á skömmum tíma má koma í peninga.

Í bankastjórninni, Reykjavík 29. maí 1886.

L. E. Sveinbjörnsson. Jón Pjetursson. Eiríkur Briem.

*

*

*

Reglugjörð þessi samþykkist hjer með.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Reykjavík, 5. júní 1886.

Magnús Stephensen.

Auglýsing fyrir sjófarendur.

Í sambandi við auglýsingu landshöfðingja, dags. 23. marz p. á. (Stj.tíð. B. 42. bls.) kunngjörist hjer með almenningi, að afstaða ljóskera þeirra, er ræðir um í nefndri auglýsingu, er, samkvæmt því, er mælt hefur verið frá herskipinu «Diana», sem hjer segir:

1. Ljóskersins á Garðaholti 64° 5' 1" norðl. br. og 21° 57' 9" vestl. lengdar frá Greenwich.
2. Ljóskersins á Brekkuhól 64° 6' 0" norðl. br. og 21° 59' 5" vestl. lengdar frá Greenwich.
3. Ljóskersins á Gerðatöngum í Vatnsleysustrandarhreppi 64° 0' 7" norðl. br. og 22° 19' 4" vestl. lengdar frá Greenwich.

Reykjavík 16. júní 1886.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

STYRKUR ÆR LANDSSJÓÐI

Samkvæmt fjárlögum fyrir 1886 og 1887.

13 gr. B. V. b.

Barnaskólanum í Stokkseyrarhreppi veittur 300 kr. styrkur fyrir árið 1886.

16. gr. 14.

Hinu íslenska bibliúfelagi veittur 120 kr. styrkur fyrir árið 1886.

Ógmundi Sigurðssyni af ráðgjafanum veittur 400 kr. styrkur uppí kostnað við dvöl hans síðastliðinn vetur í Kaupmannahöfn til að framast í kennaramennt.

EMBÆTTASKIPUN OG LAUSN FRÁ EMBÆTTI.

25. maímán. veitti konungur prestí að Odda, sjera Matthíasi Jóhumssyni Akureyrarprestakall í Eyjafjarðarprófastsdæmi frá fardögum 1886.

29. s. m. veitti landshöfðingi prestí að Skútustöðum sjera Stefáni Sigfússyni Hofsprestakall í Álptafirði í Suðurmúlaprófastsdæmi frá fardögum 1886.

S. d. veitti landshöfðingi prestí að Miklaholti sjera Oddgeiri Guðmundsen Kálholtsprestakall í Rangárvallaprófastsdæmi frá fardögum 1886.

15. júní veitti landshöfðingi prestí að Útskálum, sjera Sigurði B. Sivertsen, lausn frá prestsembætti.

S. d. veitti landshöfðingi prestí að Stafholti, þræp hon. sjera Stefáni Þorvaldssyni, lausn frá prestsembætti.

ÓVEITT PRESTAKÖLL

Miklaholt í Snæfellsness prófastsdæmi (Miklaholts og Rauðamels sóknir) verður veitt með fyrirvara um breyting samkvæmt lögum 27 febr. 1880 um skipun prestakalla. Mat brauðsins, einsog það er nú, er: 1362 kr. 66 a. Það er auglýst 29 maí 1886.

Skútustaðir í Suður-Þingeyjar prófastsdæmi (Skútustaða og Reykjahlíðar sóknir). Metið 921 kr. 19 a. Auglýst 29 maí 1886.

Oddi á Rangárvöllum. Auglýstur 15. júní 1886. Metinn kr. 2529,97. Í matsupphæð þessari er afborgun af brauðinu ráðgjörð 700 kr. en framvegis er ætlast til að hún verði aðeins 500 kr. útlagðar í jarðaaufgjöldum.

Útskálar í Gullbringu- og Kjósarprófastsdæmi. Uppgjafaprestur eptirlaunast af brauðinu með 496 kr. 88 a. á ári. Metið 1696 kr. 88 a. Auglýst 15. júní 1886.

Stafholt í Mýraprófastsdæmi. Uppgjafaprestur eptirlaunast af brauðinu með 474 kr. 63 a. Metið 1674 kr. 63 a. Auglýst 15. júní 1886.

Öll þessi prestaköll veitast frá fardögum 1886.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um 67
 leyfi til að halda lotterí. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 2 p. m., hafið þjer, herra amt- 10. júní.
 maður, sent hingað með álitsskjali bæjarfógetans í Reykjavík erindi frá nefnd manna úr
 Good-Templars-fjelagsdeildunum «Framtíðin» og «Verðandi», þarsem þess er farið á leit,
 að deildum þessum verði leyft að halda lotterí um 600 kr., sem skuli vera í 40 vinn-
 ingum, er nemi hver frá 5 til 100 kr. og greiðist í peningum, eða ef það fæst ekki, þá
 að vinningarnir verði gagnlegir og vel valdir munir, er sjeu jafnmikils virði.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til frekari
 birtingar, að jeg, eptir reglum þeim, sem hingaðtil hefur verið fylgt, sbr. landshöfðingja-
 brjef 9. maí 1882 (Stj.tíð. B, 93. bls.), ekki álit rjett að veita leyfi til að halda lotterí,
 þarsem vinningarnir eru peningar, en aptur á móti leyfi jeg beiðendunum að halda
 lotterí, þarsem vinningarnir sjeu vel valdir gagnlegir munir, og að öðru leyti með því
 fyrirkomulagi og í því augnamiði, sem tekið er fram í áðurnefndu erindi. Ennfremur
 ber forstöðumönnum lotterisins að hegða sjer nákvæmlega eptir þeim reglum, sem þjer
 eða hlutadeigandi lögreglustjóri kynni að setja því til tryggingar, að engin vandkvæði
 hljótist af lotteríinu.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um 68
 bráðabirgðalán til að kaupa jörð undir búnaðarskólafun. — Með brjefi þessu veitti 11. júní.
 landshöfðingi sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu 3000 kr. lán til bráðabirgða úr landssjóði
 til að kaupa handa sýslunni jörðina Hvanneyri með eignum þeim, sem undir hana liggja,
 til búnaðarskólafunar, gegn því að lánið ávaxtist með 4% á ári og endurborgist ásamt
 1200 kr., láni sem veitt var með landshöfðingjabrjefi 19. okt. f. á. (sbr. Stjórnartíð. 1885
 B, bls. 136) innan loka þessa árs, ef sýslunefndin kynni að afsala öðrum eignina innan
 þess tíma.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um flutn- 69
 ing þingstaðar. — Eptir beiðni hreppsnefndarinnar í Skriðuhreppi í Eyjafjarðarsýslu, 15. júní.
 sem bæði sýslunefnd og sýslumaður hafa mælt fram með, og eptir tillögum yðar, herra
 amtmaður, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 29. apríl p. á., samþykkist hjermeð, að þing-
 staðurinn í tjeðum hreppi sje fluttur frá Skriðu að Staðartungu, með því skilyrði, að
 hreppsnefndin komi upp sem fyrst húsi á Staðartungu, er notað verði fyrir þinghús.

Þetta gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til frekari birtingar, og
 þarsem Staðartunga er þjóðjörð, vil jeg skora á yður, að leggja fyrir hlutadeigandi um-
 boðsmann, að hafa eptirlit með því, að fyrnefnt þinghús verði sett á hentugan stað, svo
 að tún jarðarinnar verði fyrir sem minnstu spelli og átroðningi.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu útaf fyrir- 70
 spurn viðvíkjandi rjettum skilningi á 5. gr. landamerkjaganna 17. marz 1882. — 15. júní.
 Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 10. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað er-
 indí frá sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu, þarsem hann ber upp þessar fyrirsurnir
 viðvíkjandi rjettum skilningi á 5. gr. í landamerkjalgum 17. marz 1882:

15. dag júlímán. 1886.

70
15. júní.

- 1, hvort gjöra beri þeim allt að 20 kr. sekt, sem eigi, áður en 5 ár eru liðin frá því að landamerkjälögin öðluðust gildi, hefur afhent sýslumanni til þinglesturs landamerkjälýsing jarðar þeirrar, sem hann á eða hefur umráð yfir, með árituðu samþykki þeirra, sem eiga land til móts við hann;
- 2, hvort í nokkru tilfelli beri að beita hinum tvöföldu sektum, sem lögin gjöra ráð fyrir, fyr en liðin eru full 6 ár frá því, að lögin náðu gildi;
- 3, hvort höfða beri opinbert lögreglumál gegn þeim, sem til sekta hafa unnið, eða hvort eigi sje heimild til að innfæra einungis sektina í dómsmálabókina á manntalsþingi og taka hana svo lögtaki samkvæmt lögum 16. desbr. 1885 um lögtak og fjárnám án undangengins dóms eða sættar, og
- 4, hvort nokkrum sektum eigi að beita fyr en á manntalsþingum 1888, úr því lögin, sem voru birt í B-deild Stjórnartíðindanna 4. maí 1882, eigi öðluðust gildi fyr en 27. júlí 1882,

og hafið þjer jafnframt því að láta í ljósi álit um, hvernig beri að svara þessum fyrirspurnum, beiðzt úrskurðar landshöfðingjans um úrlausn þeirra.

Um leið og jeg get þess, að jeg er yður, herra amtmaður, að öllu leyti samdóma um skilning þann, sem þjer þannig hafið látið uppi, á fyrirmælum 5. greinar í landamerkjälögum, skal jeg gefa yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til frekari birtingar, það sem hjer fer á eptir :

Um 1. Eptir 5. gr. landamerkjälaganna eiga sýslumenn að grennslast eptir á manntalsþingum, hvort eigendur og umráðamenn jarða í sýslunni hafi fullnægt skyldum þeim, sem þeim eru lagðar á herðar í 1.—4. gr. laganna, og sem einkum eru í því fólgðar, að þeir skrásetji hver um sig nákvæma lýsing á landamerkjum jarðar sinnar, sýni hana hverjum þeim, sem land á til móts, og láti síðan þinglýsa henni, ef allir hlutaðeigendur samþykkja hana, og í annan stað í því, að þeir setji glögg landamerki, þar sem þau eru ekki til af náttúrunnar hendi, en enginn ágreiningur er um, hvar þau eigi að vera. Verði það síðan bert á fyrstu manntalsþingum, sem haldin eru eptir að 5 ár eru liðin frá því að landamerkjälögin öðluðust gildi, að einhver hafi vanrækt skyldur sínar í því, sem nú var greint, og engar löggildar málsbæfur eru, þá ber sýslumanni að koma fram ábyrgð á hendur honum til sekta, sem þó ekki mega fara fram úr 20 kr. Aptur á móti virðist þeim eiganda eða umráðamanni jarðar, sem hefur skrásett lýsing á landamerkjum jarðar sinnar og sýnt hana þeim, sem land eiga til móts, eigi verða gefin sök á því, þó hann eigi hafi látið þinglýsa henni í tæka tíð, ef orsökkin er sú, að þeir, sem land eiga til móts, hafa ekki viljað samþykkja hana, því eptir 7. gr. landamerkjälaganna er mönnum sett í sjálfs vald, hvort þeir vilji ljúka þrætu um landamerki með málsókn eða eigi.

Um 2. Þessari spurningu ber að svara neitandi.

Um 3. Það er vitaskuld, að með brot á móti 1.—4. gr. landamerkjälaganna ber að fara sem með önnur lagabrot, er hið opinbera á sókn á, þannig að málið sje fyrst rannsakað og síðan, ef til kemur, hafin málsókn eptir reglum þeim, sem gilda um sakamála, og þannig að málsókn megi falla niður með samþykki amtsins, ef sá, sem fyrir sök er hafður, býður fram og greiðir hæfilega sekt.

Um 4. Þareð landamerkjälögin, eins og tekið er fram í fyrirspurninni, hafa ekki öðlast gildi fyr en 27. júlí 1882, kemur að minni ætlun ekki til fyr en á manntalsþingum 1888 að fylgja fram ábyrgð á hendur þeim, sem þá verða uppvisir að því, að hafa vanrækt að fullnægja skyldum þeim, er 1.—4. gr. tjeðra laga leggja þeim á herð-

ar, og verði hinir sömu menn aptur á manntalsþingum 1889 uppvísir að hinni sömu 70 vanrækt, þá ber að beita tvöföldum sektum fyrir hið umliðna ár og hinum sömu sektum 15. júní. framvegis fyrir hvert ár, er líður úr því.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um upp- 71 bót til leiguliða á Þjóðjörðum, sem höfðu orðið fyrir skemmdum af vatnságangi. — 15. júní.

Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 10. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað skoðunar- og matsgjörð hlutaðeigandi úttektarmanna á skemmdum, sem ýmsar þjóðjarðir í Svarfaðardal, er heyra undir stærri og minni Eyjafjarðarsýslujarða umboð, höfðu orðið fyrir af vatnságangi í júlímánuði f. á., ásamt skýrslu umboðsmannsins um málefni þetta, og hafið þjer lagt það til, að leiguliðunum á umgetnum umboðsjörðum verði veitt upp- bót sú, sem þeim ber eptir lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða 12. janúar 1884, 17. gr., fyrir rýrnun þá, er leigujarðir þeirra hafa beðið á þennan hátt.

Útaf þessu vil jeg tjá yður, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar og til frekari birtingar, að jeg veiti samþykki mitt til, að leiguliðarnir á eptirnefndum umboðsjörðum verði aðnjótandi þeirrar linunar í landsskuldargjöldum, sem tilgreind er við hverja jörð um sig:

- 1, leiguliðinn á Bakka 30 meðalálna lækkunar fyrir fardagaárið 1885—86 í landsskuld- inni, sem er 190 álnir, en 10 álna lækkunar árlega eptir það fyrst um sinn;
- 2, leiguliðinn á Ytra-Garðshorni 20 meðalálna lækkunar fyrir fardagaárið 1885—86 í landsskuldinni, sem er 120 álnir, en síðan fari landsskuldin hækkandi um 5 álnir á ári þangað til hún er aptur orðin 120 álnir, sem verður fardagaárið 1889—90;
- 3, leiguliðinn á Grund fyrir fardagaárið 1885—86 25 meðalálna lækkunar í landsskuld- inni, sem það ár var 102½ al., og að landsskuldin, sem nú er 120 ál., færast fyrir yfirstandandi fardagaár niður um 20 ál., en fari síðan hækkandi um 5 álnir hvert fardagaár, þangað til hún er aptur orðin 120 álnir, sem verður fardagaárið 1890—91;
- 4, leiguliðinn á Ytra-Holti fyrir síðastliðið fardagaár 25 meðalálna lækkunar í lands- skuldinni, sem er 100 ál., en að landsskuldin síðan fari hækkandi um 5 ál. fyrir hvert fardagaár, þangaðtil hún hefur náð sjer aptur, sem verður fardagaárið 1890—91;
- 5, leiguliðinn á Hrappsstöðum 45 meðalálna lækkunar fyrir síðastliðið fardagaár í landsskuldinni, sem er 180 ál., en að landsskuldin síðan fari hækkandi um 5 ál. hvert fardagaár, þangað til hún hefur náð sjer aptur, sem verður fardagaárið 1894—95;
- 6, leiguliðinn á Skáldalæk fyrir síðastliðið fardagaár 25 ál. lækkunar í landsskuldinni, sem er 100 ál., en að landsskuldin síðan fari hækkandi um 5 ál. hvert fardagaár þangað til hún er aptur orðin 100 ál., sem verður fardagaárið 1890—91.

Að því er aptur á móti snertir skemmdirnar á umboðsjörðunni Steindyrum, þá nema þær svo litlu, að þær naumast eru takandi til greina, en ef leiguliðinn græðir út jafnstóran túblett einsog þann, sem eyðzt hefur, þá mun hann geta átt von á að fá í eitt skipti fyrir öll 2½ meðalálнар uppbot þá, sem honum ætti að bera eptir mati út- tektarmannanna.

Loks samþykki jeg, að helmingur kostnaðar þess, sem leitt hefur af áðurnefndri skoðunargjörð, greiðist úr umboðssjóði eptir reikningi, sem amtið úrskurðar,

72
15. júní. **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um niðurfærslu landsskuldar af Þjóðjörð sökum skemmda af vatnságangi.** — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 5. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað skoðunar- og matsgjörð hlutaðeigandi úttektarmanna á skemmdum þeim, sem þjóðjörðin þverá í Skíðadal, sem heyrir undir Möðruvallaklaustursumboð, hefur orðið fyrir á túni og engjum af vatnságangi og landbroti í júlímánuði f. á. Hafa úttektarmennirnir metið, að skemmdir þessar nemi 40 meðalálnum á ári um 10 fardagaár fyrst um sinn, og hefur hlutaðeigandi umboðsmaður látið uppi það álit sitt, að mat þetta sje nærri sanni, og mælt með því, að beiðni leiguliðans um niðurfærslu landsskuldarinnar, sem nú er 90 meðalálnir, verði tekin til greina, þannig að landsskuldin verði færð niður samkvæmt þessu um 20 meðalálnir.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til frekari birtingar, að jeg eptir tillögum yðar, og samkvæmt lögum um bygging, ábúd og úttekt jarða 12. janúar 1884, 17. gr., veiti samþykki mitt til, að landsskuldin af fyrnefndri umboðsjörð sje fyrir síðastliðið fardagaár og 9 næstu fardagaár fyrst um sinn færð niður um 20 álnir á ári, og að greiða megi helminginn af kostnaðinum við skoðunargjörðina úr umboðssjóði samkvæmt 23. gr. sömu laga.

73
16. júní. **Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Vestmannaeyjasýslu um endurgjald á tolli af brennivíni, sem lekið hafði niður.** — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 17. nóv. f. á., hafið þjer sent hingað bóнарbrjef frá Gísla kaupmanni Engilbertssyni á Vestmannaeyjum, þarsem hann fer þess á leit, að sjer verði endurgoldinn tollur af 51 potti af 16^o brennivíni, sem hafði lekið úr 3 tunnum á leiðinni hingað til lands frá Kaupmannahöfn.

Eptir að jeg hef fengið álit hins umboðslega endurskoðanda um þetta málefni, vil jeg tjá yður, herra sýslumaður, yður til leiðbeiningar og til frekari birtingar, að með því að það er sannað með vottorði yðar sem lögreglustjóra og tveggja tilkvaddra manna, að innihald áðurnefndra 3 tunna, er voru þau einu ílát með vínföngum, sem póstskipið Laura í þeirri ferð flutti til Vestmannaeyja, hafi verið mælt í yðar viðurvist og reynzt 338 pottar í staðinn fyrir 389 pottar, einsog það var talið á tollskrá skipsins, og að tunnurnar, þegar mælingin fór fram, hafi verið með óskemmdum tollinnsiglum og að öllu leyti í sama ástandi, eins og þegar þeim var skipað í land, þá fellst jeg á, að beiðandanum samkvæmt lögum nr. 10, 26. febrúar 1876, 3. gr., sje endurgoldið aðflutningsgjald af 51 potti af 16^o brennivíni, og skal jeg því þjónustusamlega skora á yður, að greiða honum 30 kr. 60 a. af aðflutningsgjaldi því, er þjer heimtið saman á þessu ári, og telja þessa upphæð með útgjöldum í aðflutningsgjaldsreikningi yðar.

74
16. júní. **Brjef landshöfðingja til stiðtsyfirvaldanna um lán til að endurreisa kirkju.** — Með brjefi þessu veitti landshöfðingi 600 kr. lán úr landssjóði til að endurreisa Kálfafellsstaðarkirkju, sem hafði verið byggð upp síðastliðið sumar en brotnaði og fauk að nokkru leyti í ofsavæðri 7. jan. þ. á. Lánið ber að ávaxta með 4% á ári og endurborga af tekjum (uppbót) Kálfafellsstaðar prestakalls á 12 árum með 50 kr. á ári.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lán til jarðabóta á prests- 75
setri — Með brjefi þessu veitti landshöfðingi sjera Ólafi Ólafssyni, presti til Efri- 23. júní.
Holtapinga, 300 kr. embættislán úr landssjóði uppí kostnað við jarðabætur á prestssetri-
inu Guttormshaga, og ber að ávaxta lánið með 4% á ári og endurborga það á 12 árum
með tiltölulegum hluta á ári.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Rangárvallasýslu útaf beiðni um 76
frest á greiðslu vaxta og afborgana af hallærisláni veittu 1882. — Í þóknanlegu brjefi, 24. júní.
dagsettu 14. f. m., hafið þjer, herra sýslumaður, fyrir hönd sýslunefndarinnar í Rangár-
vallasýslu farið þess á leit, að sýslusjóðnum verði veittur frestur til útgöngu yfirstand-
andi fjárhagstímabils með afborgun og greiðslu vaxta af láni því, sem sýslusjóðnum
hefur verið veitt úr viðlagasjóði til að afstýra hallæri.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til frekari ráðstöfunar,
að þareð lán það, sem hjer er um að ræða, er veitt á árinu 1882, og sýslusjóðnum eptir
heimild þeirri, sem til þess var gefin í 4. gr. fjárlaganna fyrir árin 1884 og 1885, hefur
verið veitt með landshöfðingjabrjefi 29. nóvbr. 1884 eptirgjöf til ársloka 1885 á leigum
af láni þessu, gegn því að frá þeim tíma greiðist 4% í leigur og lánið sjálft endur-
borgist á 8 árum með $\frac{1}{8}$ hluta á ári, þá verður ekki veitt nein frekari undanþága frá
greiðslu vaxta og afborgana af optnefndu láni, enda nær ákvörðunin í 4. gr. fjárlaganna
fyrir 1886 og 1887, um eptirgjöf á leigum af lánnum úr landssjóði, aðeins til þeirra hall-
ærislána, sem veitt eru á árunum 1884 og 1885.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu útaf beiðni um 77
frest á greiðslu vaxta og afborgana af hallærisláni veittu 1883. — Útaf þóknanlegu 24. júní.
brjefi yðar, herra sýslumaður, dagsettu 4. marz þ. á., þarsem þjer fyrir hönd hrepps-
nefndarinnar í Staðarhreppi farið þess á leit, að hreppnum verði veitt undanþága eða
frestur um eitt ár með greiðslu vaxta og afborgunar af hallærisláni úr landssjóði, gefst
yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til frekari birtingar, að þareð lán það, sem
hjer er um að ræða, er veitt sýslusjóði Skagafjarðarsýslu á árinu 1883, en ákvörðunin í
4. gr. fjárlaganna fyrir árin 1886 og 1887 um eptirgjöf eða frest með greiðslu vaxta af
lánnum úr viðlagasjóði aðeins nær til þeirra hallærislána, sem veitt eru á árunum 1884
og 1885, þá brestur stjórnina að minni ætlun heimild til að veita undanþágu þá, sem
farið er fram á.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um 78
hallærislán handa Mýrasýslu. — Með brjefi þessu veitti landshöfðingi Mýrasýslu 350 kr. 26 júní.
hallærislán úr viðlagasjóði til að afstýra hungursneyð í Álptaneshreppi, gegn því að lánið
verði ávaxtað með 4% á ári og endurborgað á næstu 4 árum með $\frac{1}{4}$ á ári hverju.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu viðvikj- 79
andi láni til Staðarbyggðarmýra. — Eptir að jeg með þóknanlegu brjefi yðar, herra 29. júní

79 amtmaður, dagsettu 11 p. m., hefi meðtekið skýrslur umboðsmannsins yfir Munkapver-
29.júní. árklaustrs umboði og tillögur yðar viðvíkjandi framkvæmd á þeirri ákvörðun í 4. gr. fjárlaganna fyrir árin 1886 og 1887, að af láni til Staðarbyggðarmýra greiðist að eins 4% á ári af hinni upphaflegu upphæð, fellst jeg á, að með tilliti til þess hluta lánsins, sem hvílir á Þjóðjörðum og sem afborgun og vextir greiðast af í hækkuðum jarðarafgjöldum, þá sje sú hækkun jarðarafgjaldanna færð niður um $\frac{1}{3}$ af hinni upphaflegu upphæð hennar, þannig, að landsskuldirnar af jörðum þessum verði:

Af Grýtu	153 álnir	Af Syðri-Tjörnum með Syðri-	
— Uppsölum	173	— Tjarnakoti	218 álnir
— Klauf	65	— Hóli	95
— Syðra-Laugalandi	287	— Ytri-Tjörnum	213
— Ytra-Laugalandi	220	— Ytri-Tjarnakoti	105

en að vextir af þeim hluta lánsins, sem hvílir á legatsjörðunum Munkapverá og Kristnesi, og sem var upphaflega kr. 666,67 á hinni fyrnefndu jörð og kr. 800,00 á hinni síðarnefndu greiðist með 4% af þessum upphæðum eða með kr. 26,67 af Munkapverá og kr. 32,00 af Kristnesi.

Að því er aptur á móti snertir þann hluta optnefnds láns, sem ætlazt var til að hvíldi á bændaeygninni Kroppi og sem upphaflega nam 800 kr., þá er jeg yður, herra amtmaður, samdóma um, að þarsem eigandi þessarar jarðar aldrei hefur undirgengist að taka þátt í láninu nje að leggja neina skuldbinding á jörð sína í tilefni af því, þá sjeu engin tiltök að ganga að honum nje jörð hans, að því er snertir greiðslu vaxta af þessum hluta lánsins, heldur eigi landssjóður í þessu efni aðganginn að fyrrum umboðsmanni, Eggerti Gunnarssyni, samkvæmt landshöfðingjaþrjefi 1. desbr. 1880, með því að hann hafði vanrækt að útvega þá trygging fyrir upphæðinni, sem krafizt hafði verið, enda virðist Eggert hafa kannast við ábyrgð sína af þessari upphæð, með því að borga vexti og afborgun af henni úr sínum vasa fyrir 2 ár. Lánshluti sá, sem hjer ræðir um, var, eins og áður segir, upphaflega 800 kr., en er fyrir 2 afborganir kominn niður í kr. 767,36 Þar við bætast rentur til $\frac{1}{6}$ 83, $\frac{1}{6}$ 84, $\frac{1}{6}$ 85 og $\frac{1}{6}$ 86 — 122,76

Samtals kr. 890,12

En þarðauki virðist Eggert Gunnarsson eiga að bera ábyrgð af greiðslu þeirrar upphæðar, kr. 152,72, sem ræðir um í landshöfðingjaþrjefi 15. júlí f. á. og sem eru vantandi dagvextir af Staðarbyggðarmýraláninu fyrir 23. marz 1880, að svo miklu leyti sem þessi upphæð fæst ekki greidd hjá hlutaðeigandi leiguliðum. Eptir þessu yrði öll sú upphæð, sem Eggert Gunnarsson á að bera ábyrgð á útaf láninu til Staðarbyggðarmýra, kr. 1042,84 auk dagvaxta af kr. 767,36 frá 11. p. m.

Þarð Eggert Gunnarsson með skuldbindingarskjali dags. 20. febrúar 1880 hefur veðsett landssjóði með leyfi eigandans 10 hndr. í Æsustaðagerði til tryggingar fyrir skilvísri greiðslu á afborgunum og vöxtum af Staðarbyggðarmýraláninu, þá verður ekki hjá því komizt, til að vernda rjett landssjóðsins, að leita borgunar í þessum jarðarhundraðum fyrir þeirri upphæð, sem Eggert Gunnarsson eptir áðursögðu hefur ábyrgð á í tilefni af optnefndu láni, og skal jeg því þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að gjöra ráðstafanir til þess, að eigandi umgetinna jarðarhundraða verði kallaður fyrir sáttanefnd til þess annaðhvort að greiða landssjóði upphæð þá, sem þau eru í veði fyrir, eða að samþykkja, að landssjóður láti selja þau á opinberu uppboðsþingi og leiti borgunar í uppboðsandvirðinu.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um lögskil af jörð, sem er í eyði. — Þarsem þjer, herra sýslumaður, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 16. f. m., hafið spurzt fyrir um, hvort eiganda jarðar, sem er í eyði, þrátt fyrir það, þó hún hafi verið boðin upp til ábúðar eða afnota, sje skylt að halda uppi lögskilum af henni þau ár, sem hún er í eyði, ef hann samt sem áður hefur haft einhvern arð af henni þau ár, vil jeg tjá yður, að eptir lögum um skatt á ábúð og afnotum jarða og á lausafje 14. desember 1877, 2. gr. og lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða 12. jan. 1884, 1. gr., getur eigandi jarðar, sem ekki er seld öðrum á leigu, því aðeins losast undan að halda uppi lögskilum fyrir jörðina, að hann hafi engin afnot af henni og að hún sje honum með öllu arðlaus.

80
5. júlí.

Auglýsing

um undirskript bankastjórnarinnar á seðla landsbankaus.

Í sambandi við auglýsing ráðgjafans fyrir Íslandi dags. 25. maí þ. á., sem prentuð er í A-deild Stjórnartíðindanna bls. 60—61, skal hjermeð birt fyrir almenningi, að stjórn landsbankans hefur afráðið, að framkvæmdarstjóri L. E. Sveinbjörnsson og gæzlu-
stjóri Eiríkur Briem riti til skiptis nafn sitt á bankaseðlana.

Reykjavík 5. júlí 1886.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

81
5. júlí.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu viðvíkjandi gjöldum af skipum, sem leita hafna út úr neyð. — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 16. f. m. hafið þjer, herra sýslumaður, skýrt frá að skipin «Coureer» og «Ída», sem áttu að fara til Borðeyrar, hafi leitað inn á Sauðárkrók sökum storma og hafiss, og að þjer þá hafið krafizt af skipstjórunum, að þeir greiddu yður hálf afgreiðslugjald og enn fremur aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, sem í skipunum væru, en að skipstjórnarnir hafi færzt undan að greiða þessi gjöld, sökum þess að þeir hefðu leitað inn á Sauðárkrók út úr neyð. Hafið þjer útaf þessu tilefni spurzt fyrir um, hvað útheimtist til þess, að skip geti sagzt að leita »Nöðhavn», og hvort nauðsynlegt sje í slíkum tilfellum að halda próf yfir skipshöfninni því viðvíkjandi, því undir því hljóti að vera komið, hvort skip geti sloppið hjá að greiða afgreiðslugjald og aðflutningsgjald af áfengum drykkjum.

Um þetta gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að það hlýtur að vera komið undir atvikum í hverju einstöku tilfelli, sem engum lögreglustjóra virðist vera ofætlun að ráða úr, hvort skip geti sagzt að leita hafnar útúr neyð, einsog það líka er komið undir atvikum, hvort nokkur þörf er á að halda próf því viðvíkjandi yfir skips-
höfninni, en jeg skal benda yður á, að eptir rentukammerbrjefi 23. maí 1840 ber ekki að heimta afgreiðslugjald af skipi, þó það komi inn á höfn, ef það hvorki affermir þar nje fermir.

82
6. júlí.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögum fyrir 1886 og 1887.

10. gr. C. 4.

Samþykkt tillaga sýslunefndarinnar í Rangárvallasýslu um að verja hluta sýslunnar fyrir 1886 af fjenu til eflingar búnaði, 780 kr., til launa handa búfræðingi, er ferðist um sýsluna og veiti mönnum tilsögn í jarðabótum.

13. gr. A. b. 6.

Á synodus var fje því, sem getur um undir þessum lið, með sjerstöku tilliti til landshöfðingja-brjefs 5. apríl þ. á. (Stjórnartíð. 1886 B, bls. 58—59), að viðbættum 400 kr. af vöxtum prestsekknasjóðs-ins og 82 kr. 40 a., vöxtum af sjóði af árgjöldum brauða, skipt þannig milli:

A uppgjafapresta:	
Hjálmar Þorsteinsson	kr. 50,00 Þórður Thorgrímson kr. 50,00
Bjarni Sveinsson	— 100,00 Guðmundur G. Sigurðsson — 300,00
Jón B. Thorarensen	— 82,40 Einar Vernharðsson — 100,00
Magnús Gíslason	— 100,00
B. prestsekkna	
Helga Guðmundsdóttir	kr. 60,00 Ragnheiður Jónsdóttir kr. 40,00
Þorbjörg Jónsdóttir	— 50,00 Sesselja Ísleifsdóttir — 20,00
Björg Magnúsdóttir	— 80,00 Sigríður Einarsen — 20,00
Guðríður Jónsdóttir (frá Kirkjubæjarkl.)	— 60,00 Helga Pálsdóttir — 30,00
Guðríður Jónsdóttir (frá Ási í Fellum)	kr. 50,00 Margrjet Narfadóttir kr. 60,00
Guðlaug Guttormsdóttir	— 60,00 Elin Scheving — 30,00
Kristín Gunnarsdóttir	— 20,00 Sigríður Magnúsdóttir — 40,00
Oddný Fr Pálsdóttir	— 20,00 Vilhelmina Steinsen — 120,00
Solveig Einarsdóttir	— 50,00 Kristín Thorlacius — 80,00
Guðrún Þjetursdóttir	— 60,00 Helga Magnúsdóttir — 100,00
Lilja M. Kr. Ólafsdóttir	— 40,00 Guðrún Ólafsdóttir (frá Árnesi) — 60,00
Halldóra Jónasdóttir	— 50,00 Sigríður Ó. Bjarnardóttir — 90,00
Anna Guðmundsdóttir	— 50,00 Sigurbjörg Jónsdóttir — 80,00
Margrjet Sigurðardóttir	— 30,00 Steinunn Jónsdóttir — 80,00
Ingibjörg Helgadóttir	— 30,00 Gróa Erlendsdóttir — 40,00
Halldóra Jónsdóttir	— 70,00 Maren Nielsdóttir — 80,00
Guðlaug Eiríksdóttir	— 30,00 Guðrún Finnbogadóttir — 30,00
Margrjet Magnúsdóttir (frá Hvammi)	— 40,00 Guðrún Ólafsdóttir (frá Otrardal) — 40,00
Margrjet Magnúsdóttir (úr Saurbæjarþing)	— 40,00 Guðrún Thorlacius — 40,00
Kristín Jónsdóttir	— 50,00 Sigríður Stefánsdóttir — 90,00
Elín Einarsdóttir	— 70,00 Kristjana Pálsdóttir — 50,00
Sigríður Ingimundardóttir	— 40,00 Katrín Nordmann — 30,00
Helga Arnfinnsdóttir	— 80,00 Guðrún Þorvaldsdóttir — 50,00
Guðrún Ólafsdóttir (frá Melstað)	— 90,00 Sigríður Þorbergsdóttir — 30,00
Valgerður Benjamínsdóttir	— 60,00 Sigríður Eiríksdóttir — 50,00
Eggþóra Eggertsdóttir	— 40,00

og staðfesti landshöfðingi skiptinguna að því er snertir upphæð þá, sem veitt er í fjárlögum, með brjefi dags. 6 júlí þ. á.

16. gr. 14.

Sundfjelagi Reykjavíkur veittur 100 kr. styrkur til að halda uppi kennslu í sundi á þessu sumri.

Sveini Oddssyni Svendsen af ráðgjafanum veittur 100 kr. styrkur til framhalds dvöl sinni í Kaupmannahöfn til að kynast kennslunni í barnaskólum bæjarins.

EMBÆTTASKIPUN.

26. maí veitti ráðgjafinn læknaskólakandidat Ólafi Guðmundssyni 1000 kr. styrk þann, sem ætlaður er í fjárlögum fyrir 1886 og 1887, handa aukalækni á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu með því skilyrði, að hann setjist þar að sem læknir.

30. júní skipaði landshöfðingi sjera Árna Þorsteinsson á Ríp prest að Kálfatjörn í Kjalarness prófastsdæmi.

6. júlí skipaði landshöfðingi settan málaflutningsmann við landsyfirdóminn, Sigurð Þórðarson, til þess á eigin ábyrgð að veita sýslumannsembættinu í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu forstöðu sem settur, meðan það er laust.

ÓVEITT PRESTAKALL.

Ríp í Skagafjarðar prófastsdæmi. Metið 721 kr. 79 a. Auglýst 30. júní 1886.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um sveit- 83
festi Helgu Jakobínu Jónsdóttur. — Eptir að jeg hef meðtekið álit yðar, herra amt- 14. júlí.
maður, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 10. f. m., um erindi frá hreppsnefndinni í Skinna-
staðahreppi, þar sem hún áfrýjar til landshöfðingjans úrskurði yðar, uppkveðnum 24. nóv.
f. á., en með honum er ákveðið, að Skinnastaðahreppur eigi að endurgjalda Glæsibæjar-
hreppi kr. 63,80 fyrir styrk veittan Helgu Jakobínu Jónsdóttur, henni og börnum henn-
ar til framfæris, fardagaárin 1881—1883, og til greptrunarkostnaðar yngra barns hennar,
skal jeg yður til leiðbeiningar og til frekari birtingar og ráðstöfunar þjónustusamlega
tjá yður það, sem hjer fer á eptir.

Það er sannað og ómótmælt, að fyrnefnd Helga Jakobína Jónsdóttir sje fædd
í Skinnastaðahreppi í Þingeyjarsýslu og að hún hafi ekki verið búin að vinna sjer fram-
færslurjett í neinu öðru sveitarfjelagi, þegar þún á krossmessu 1871 kom inn í Glæsi-
bæjarhrepp sem vinnukona á Einarssstöðum. Það verður sömuleiðis að álitast sannað,
að Helga þessi Jónsdóttir eptir 2 ára vist á Einarssstöðum hafi vikið burt úr Glæsibæjar-
hreppi um krossmessuleyti vorið 1873, en komið aptur inn í hreppinn um veturnatur
sama ár og dvalið þar síðan, þangað til hún fardagaárið 1881—82 varð þurfandi sveitar-
styrks, og var henni það ár og næsta fardagaár veittur samtals 63 kr. 80 a. styrkur af
fátækrafje Glæsibæjarhrepps, sem hreppur þessi hefur heimtað endurgoldinn af fæðingar-
hreppi Helgu, Skinnastaðahreppi. Hreppsnefnd Skinnastaðahrepps hefur aptur á móti
haldið því fram, að Helga hafi unnið sjer framfærslurjett í Glæsibæjarhreppi með sam-
fleyttri 10 ára dvöl þar árin 1871 til 1881, og að Skinnastaðahreppur því sje laus allra
mála við hana.

Úrslit þessa máls eru þannig komin undir því, hvort dvöl Helgu í Glæsibæjar-
hreppi á árunum 1871 til 1881 hafi verið samfleytt eða ekki, og er jeg yður, herra amt-
maður, samdóma um, að sveitfestisdvöl hennar þar í hreppnum hafi slitnað vorið 1873,
þegar hún fór frá Einarssstöðum og burt úr hreppnum. Það er sem sje sannað með
skýrslu Helgu og framburði 3 vitna, og ekkert framkomið þeim framburði til hnekis, að
vistarráð Helgu á Einarssstöðum hafi verið á enda á hjúaskildaga 1873, og að hún þá hafi farið
burt úr Glæsibæjarhreppi og komið sjer fyrir á Akureyri, eptir því sem eitt vitni ber, með þeim
huga að fara síðar um sumarið til Vesturheims. Þó að Helga síðar á árinu, að því er
virðist um veturnatur, kæmi aptur inn í hreppinn og fengi að vera hjá systur sinni á
Kollugerði, þá er sveitfestisdvöl hennar í hreppnum allt um það slitnið frá því að hún
fór frá Einarssstöðum og þangaðtil að hún kom að Kollugerði, þannig að hún til þess að
vinna sjer framfærslurjett í Glæsibæjarhreppi hefði orðið að dvelja þar í 10 ár samfleytt
frá því hún kom að Kollugerði án þess að þiggja sveitarstyrk, en það hefur hún ekki gjört.

Úrskurður yðar, herra amtmaður, um að Helga Jakobína Jónsdóttir eigi sveit á
fæðingarhreppi sínum Skinnastaðahreppi, skal samkvæmt framansögðu standa óraskaður.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um end- 84
urgjald kostnaðar við viðhald á landamerkjum þjóðjarða. — Samkvæmt tillögum yðar, 16. júlí.
herra amtmaður, í þóknanlegum brjefum dagsettum 29. júlí 1884 og 2. júní þ. á., veiti
jeg samþykki mitt til þess, að kostnaðurinn við að viðhalda landamerkjum þjóðjarða,
eða að gjöra þau svo glögg, sem landamerkjalögin 17. marz 1882 skipa fyrir, svo sem
að hlaða vörður eða setja merkjasteina, megi endurgjaldast hlutaðeigandi leiguliðum,
30. dag júlímán. 1886.

84 þegar þeim hefur ekki verið gjört að skyldu í byggingarbrjefum þeirra að viðhalda
16. júlí. landamerkjum, á þann hátt að verk þau, sem þeir hafa unnið að setningu eða viðhaldi landamerkja fyrir leigujörðum þeirra, sjeu látin koma uppí jarðabætur þær, sem áskildar eru í byggingarbrjefum þeirra, þannig að þeim sje eptirgefinn svo mikill hluti af hinni áskildu jarðabótavinnu, sem samsvarar vinnu þeirra að landamerkjum jarðarinnar. Þegar aptur á móti er að ræða um yfirgrípsmeiri landamerkjasetning, svo sem merkjagarða og merkjaskurði, þá ber samkvæmt landshöfðingjabrjefi 28. júlí 1882 að leita á venjulegan hátt styrks úr landssjóði til þess verks.

85 Brjef landshöfðingja til *póstmeistarans í Reykjavík um endurgjald fyrir stolna*
19. júlí. *peninga-póstsendingu.* — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 16. þ. m., hafið þjer, herra póstmeistari, skýrt frá, að peningasending, sem nam 300 kr., frá Jakobi verzlunarstjóra Gunnlaugssyni á Raufarhöfn til Landmandsbanken í Kaupmannahöfn hafi verið afhent brjefhirðingamanninum á Raufarhöfn 6. febr. f. á. og afgreidd af honum með póstsendingaskrá til Grenjaðarstaðar, en að þessi peningasending hafi aldrei komið fram, og að fyrnefndur Jakob Gunnlaugsson, sem hafði greitt ábyrgðargjald undir peningasendinguna, krefjist skaðabóta úr póstsjóði fyrir missi hennar.

Þareð það nú er sannað með eigin játningu fyrrum aukapósts Kristjáns Hjálmarssonar fyrir aukarjetti Þingeyjarsýslu, að hann hafi stolið áðurnefndri peningasendingu úr sjálfs síns hendi, á leiðinni frá Raufarhöfn til Grenjaðarstaðar og ónýtt póstsendingaskrána frá Raufarhöfn og ritað aðra póstsendingaskrá í hennar stað, þarsem optnefnd peningasending ekki var tilgreind, þá verður ekki komið hjá að endurgjalda hlutaðeiganda missi hennar, og skal jeg því þjónustusamlega skora á yður, að borga honum samkvæmt tilskipun um póstmál 26. febr. 1872, 13. gr., 300 kr., og tilfæra þær sem gjald fyrir póstsjóðinn.

86 Brjef landshöfðingja til *póstmeistarans í Reykjavík um umbúning peningabrjefa,*
um aðalfund amtsráðsins í suðuramtinu, 29. júní — 3. júlí 1886.

Árið 1886, 29. dag júnímánaðar, átti amstráð suðuramtsins fund með sjer á skrifstofu amtmannsins í suðuramtinu. Á fundinum voru: amtmaðurinn í suðuramtinu, og sem kosnir amtsfulltrúar Dr. Grímur Thomsen og Skúli prófastur Gíslason.

Þessi málefni komu þar til umræðu :

1. Forseti lagði fram reikning um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs suðuramtsins fyrir árið 1885, og var ekkert við hann að athuga.
2. Forseti lagði fram reikning yfir búnaðarskólagjaldið í suðuramtinu 1885, var hann yfirfarinn og fannst ekkert athugavert við hann.
3. Forseti lagði fram leiguliðasjóðsreikning suðuramtsins fyrir árið 1885, er einnig var yfirfarinn og fannst ekkert athugavert við hann.
4. Forseti lagði fram eptirrit þau, er nú skal greina, af fundarbókum sýslunefndanna:
 - a. Borgarfjarðarsýslu: fundargjörðir 1. júní 1885, 16. júlí og 18. des. s. á. Við þessar fundargjörðir er það að athuga, að þarsem ráðgjört er að taka 2000 kr. lán til vegagjörðar, þarf til þess samþykki amtsráðsins, en þess hefir ekki verið leitað. Út af áskorun sýslunefndarinnar á fundi 16. júlí f. á. þess efnis, að amtsráðið í suðuramtinu vildi fara þess á leit við amtmanninn í vesturamtinu, að búnaðarskóli vesturamtsins yrði fluttur að Hvanneyri og sameinaður við búnaðarskólastofnun þá, sem þar er fyrirhuguð, þá ályktaði amtsráðið að verða við þessum tilmælum, að því viðbættu, að amtsráðið áliti það æskilegt, að einn væri búnaðarskóli fyrir suðuramtíð og vesturamtíð, á Hvanneyri, bæði frá sjónarmiði amtanna, landssjóðs og búnaðarskólagjaldsins, og hjet forseti amtsráðsins, að skrifast á um mál þetta við sýslunefndirnar í vesturamtinu.
 - b. Gullbringu- og Kjósarsýslu: fundargjörðir 29. apríl, 30. maí og 1. sept. 1885 og 28. apríl 1886 og 15. maí s. á. Við þær er að athuga: Viðvíkjandi kæru sýslunefndarinnar yfir úrskurði amtsráðsins á fundi 4. júní 1885, áhrærandi 2 fjárveitingar sýslunefndarinnar til Flensborgarskólans árin 1883 og 1884, að upphæð alls 450 kr., verður amtsráðið, þarð því ekki er kunnugt um, að nefndur úrskurður sje felldur úr gildi, að halda fast við sinn fyrri úrskurð, og fól forseta sínum, að brýna fyrir oddvita sýslunefndarinnar að fullnægja úrskurðinum.

Út af því sem amtsráðinu af fundargjörðunum er kunnugt um ósk sýslunefndarinnar á fundi 1. sept. f. á., að fá 20,000 kr. hallærslán í viðbót við áður veittar 20,000 kr. í sama skyni, á síðastliðnu ári, þá þykir amtsráðinu slík

lántaka svo hættuleg og ísjárverð fyrir sýslufjelagið í brád og lengd, að það aldrei mundi gefa samþykki sitt þartil. og það því síður, sem amtsráðið á fundi 4. júní f. á. fór svo langt í þá stefnu, sem það ýtrast þorði.

- c. Árnassýslu: fundargjörðir 30. sept. 1885 og 13. apríl 1886. Hvað fjallskilareglugjörð þá snertir, er samkvæmt fundargjörðunum hefir verið send til forseta amtsráðsins, fól amtsráðið honum að yfirfara hana og staðfesta hana, ef ekkert væri í henni lögum ósamkvæmt. Hvað fjárveitingu til barnakennslu í sýslunni snertir, fól amtsráðið forseta að skrifa sýslunefndinni um það mál og leita nákvæmari upplýsinga hjá henni.

Viðvíkjandi áætlun sýslunefndarinnar um tekjur og gjöld sýslusjóðsins fyrir árið 1886, álitur amtsráðið skyldu sína að athuga, að upphæð sú, sem ætluð er til óvissra útgjalda, virðist vera alltof há, og gat því að svo stöddu ekki samþykkt hana, heldur fól forseta sínum að skrifast á við oddvita sýslunefndarinnar um málið.

- d-f. Fundargjörðir úr Rangárvalla- Vestur-Skaptafells- og Austur-Skaptafellssýslu, er ekkert fannst að athuga við.

- g. Vestmannaeyjasýslu: fundargjörðir 23. júlí 1885, 11. apríl þ. á. og 30. maí s. á. Við þær er að athuga, að sýslunefndarmönnum bera 2 kr. í fæðispeninga fyrir hvern dag, sem þeir eru á fundi, en sem þeir ekki hafa fengið, þó þeir hafi æskt þess.

Það amtsráðið hefir sjeð það af fundargjörðunum, að styrk þeim, sem veittur er úr landssjóði til eflingar búnaði, og sem sýslunefndirnar hafa umráð yfir, er mjög víða skipt í smáskammta milli einstakra manna, vill það láta það álit sitt í ljósi, að styrknum ætti heldur að verja til stærri fyrirtækja, t. a. m. til að styrkja einstök búnaðarfjölög.

5. Að meðteknu álitu sýslunefndanna um stofnun fátækra sjóðs fyrir suðuramtið var málinu frestað, það allar sýslunefndir rjeðu frá að stofna hann, nema í Borgarfjarðar- og Vestmannaeyjasýslu.

6. Forseti lagði fram eptirfylgjandi sýslusjóðsreikninga :

- a. Reikning fyrir Vestur-Skaptafellssýslu 1884. Amtsráðið athugar, að tekjumegin er óinnheimt sýslusjóðs- og vegabóttagjald Kleifahrepps fyrir árið 1879, 335 kr. 79 aur., sömuleiðis óinnheimt vegabóttagjald sama hrepps fyrir árið 1883, 129 kr 97 aur. Þessar samtals 465 kr. 76 aur., virðist amtsráðinu nauðsynlegt að sjeu sem fyrst innheimtar.
- b. Reikning fyrir Austur-Skaptafellssýslu fyrir árið 1885, og var ekkert að athuga við hann.
- c. Reikning fyrir Rangárvallasýslu fyrir árið 1885, og var hann samþykktur samkvæmt athugasemdum endurskoðunarmanns.
- d. Reikning fyrir Árnassýslu fyrir árið 1885. Við hann fann amtsráðið þetta að athuga :
- α. Eptirstöðvar frá fyrra ári eru taldar kr. 177,10 í staðinn fyrir að þær, rjett reiknaðar, ættu að vera 236,58 kr.
- β. Við tekjulið nr. 2—3 vantar öll fylgiskjöl, og felur amtsráðið forseta að heimta þau af reikningshaldara. Samkvæmt ofansögðu á öll tekjuupphæðin að vera kr. 1558,11 í staðinn fyrir að reikningurinn telur hana kr. 1498,63.

γ. Við gjöldin er það að athuga; að við 10. tölulið er upphæðin hjá reikningshaldara talin kr. 306,95 en á að vera kr. 366,43. (Framhald).

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögum fyrir árin 1886 og 1887.

10. gr. C. 4.

Samkvæmt meðmælum hlutaðeigandi amtmanns voru samþykktar tillögur:

Sýslunefndarinnar í Vestmannaeyjasýslu um, að verja 60 kr. (sbr. auglýs. landshöfð. 12. marz þ. á Stjtið. B. 20) til verðlauna handa Jóni Guðmundssyni á Gjábakka, fyrir að hlaða grjótgarð til varnar sjávarágangi.

Sýslunefndarinnar í Árnessýslu um, að verja 930 kr. (sbr. Stjtið. þ. á. B. 20) þannig: til búfræðingshalds 400 kr., til Þingvalla- og Grafningshreppa til að rannsaka Þingvallavatn 130 kr., til Hraungerðishrepps til að láta gjöra skurð úr Hjálmholtsskeldu út í Ölvesá 200 kr. og til Sandvíkur- og Stokkseyrarhreppa til að láta gjöra skurð úr Breiðumýri út í Ölvesá, 200 kr.

Sýslunefndarinnar í Vestur-Skaptafellssýslu um, að 310 kr. (sbr. Stjtið. þ. á. B. 20) verði varið þannig: til að kaupa jarðyrkjuverkfæri til útbytingar í Dyrhólahreppi 80 kr., handa 4 Þjóðjarðalandsetum til framhalds jarðabótum 80 kr., til verkfærakaupa til útbytingar í Kleifahreppi 70 kr. og til þess að vinna að vatnsveiting á söndunum fyrir sunnan Síðuna 80 kr.

Sýslunefndarinnar í Austur-Skaptafellssýslu um, að af 170 kr. handa þessu sýslufjelagi (sbr. Stjtið. þ. á. B. 20), verði 120 kr. veittar búnaðarfjelagi Örfæinga, en 50 kr. Jóni Jónssyni á Hólmi, til að endurbæta skemmdir á ábýlisjörð hans.

Sýslunefndarinnar í Dalasýslu um, að af 360 kr. handa sýslu þessari (sbr. Stjtið. þ. á. B. 20), verði 100 kr. varið til að styrkja laxveiðafjelag Dalasýslu, en 260 kr. til launa handa jarðyrkju-manni, er ferðist um sýsluna.

Sýslunefndarinnar í Barðastrandarsýslu um, að af 380 kr. handa sýslu þessari (sbr. Stjtið. þ. á. B. 20), verði 150 kr. brúkaðar til þess að kaupa jarðyrkjuverkfæri handa sýslunni og 230 kr. til launa handa búfræðing, er ferðist um sýsluna og leiðbeini mönnum í búnaðarefnum.

Sýslunefndarinnar í Ísafjarðarsýslu um, að af 560 kr. handa sýslunni (sbr. Stjtið. þ. á. B. 20), verði 300 kr. varið til jarðyrkjuverkfærakaupa handa hreppum sýslunnar, og eptirstöðvunum til launa handa ferðabúfræðingi.

Sýslunefndarinnar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um, að af 430 kr. handa þessu sýslufjelagi (sbr. Stjtið. þ. á. B. 20), verði 200 kr. varið handa búnaðarfjögum sýslunnar, en af-ganginum til launa handa 2 búfræðingum, er ferðist um sýsluna.

Sýslunefndarinnar í Mýrasýslu um, að af fje þvi, sem þessu sýslufjelagi er veitt með augl. landshöfðingja 12. marz þ. á. (Stjtið. B. 20), verði 50 kr. veittar búfræðing Ingólfi Sigurðssyni til verkfærakaupa.

Sýslunefndarinnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu um, að af 650 kr. handa þessu sýslufjelagi (Stjtið. þ. á. B. 20), verði 400 kr. varið til launa handa ferðabúfræðingi, en 250 kr. til að byrja að gjöra viðunanlegt þilskipalægi við Hafnarfjörð á þeim stað, er kunnugir menn álíta hentugast.

10. gr. C. 5. a.

Veittar 50 kr. upp í kostnað við vegaruðning á Raudamelsheiðarfjallvegi.

Veittar 100 kr. til að fullgjöra síðasta kafann af fjallveginum yfir Grindaskörð, nefnil frá Kóngsfelli og suður á „Hellur“.

10. gr. C. 5. b.

Veittar 350 kr. til endurbóta á aðalpóstveginum í Hraungerðishreppi í Árnessýslu.

16. gr. 14.

Bóksala Kr. Ó. Þorgrímssyni veittur 70 kr. styrkur til að gefa út dómasafn (landsyfirtettar- og hæstarjettardóma) fyrir 1884.

17. gr.

Biskupsskrifara Jóhanni Þorsteinssyni veittur 400 kr. styrkur, til þess, með öðrum handritafróðum manni, að rannsaka skjalasafn biskupsdæmisins, semja skrá yfir það og greina úr skjöl þau og handrit, sem fara ættu til geymslu á landsbókasafnið.

Skýrsla

98

um aðalfund amtsráðsins í suðuramtinu 29. júní -- 3. júlí 1886.
(Framh.).

- ð. Við reikninginn yfir sýsluvegagjaldið ber að athuga, að reikningshaldari telur sýsluvegasjóðinn vera í skuld til sín og sýslusjóðsins um 634.23 kr., án þess að það verði sjeð af reikningnum, hversu mikið af þessari skuld tilheyrir hvorum þeirra, og ber því reikningshaldara eptirleiðis að gæta þess, að hafa glögga sundurliðun á skuld þeirri, sem vegasjóðurinn kann að vera í við hann eða aðra, en ekki slengja slíkum upphæðum saman, eins og hjer er gjört.
- e. Reikning fyrir Borgarfjarðarsýslu fyrir árið 1884. Þareð hinn kosni endurskoðunarmaður í sýslunefndinni hefur skorazt undan að gegna því starfi, og reikningurinn þess vegna er óendurskoðaður, endursendist hann, til þess hann sje endurskoðaður og síðan sendur forseta amtsráðsins.

Reikningar frá Vestur-Skaptafells-, Vestmannaeyja-, Gullbringu og Kjósar- og Borgarfjarðar-sýslum fyrir árið 1885, voru ekki komnir til forseta og urðu því ekki úrskurðaðir.

7. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja 15. f. m., þar sem hann óskar álits amtsráðsins um brjef dags. 16. marz þ. á., frá sýslumanninum í Rangárvallasýslu, viðvíkjandi kostnaði til undirbúnings á endurskoðun jarðamatsins í nefndri sýslu, samkvæmt ráðgjafabrjefi 28. febr. 1882, að upphæð 30 kr., og jafnframt skýtur því til amtsráðsins, hvort það ekki vilji leyfa, að tjeður kostnaður megi færast til útgjalda í sýslusjóðsreikningnum. Amtsráðið samþykkti, að greindur kostnaður til bráðabyrgða mætti borgast úr sýslusjóði Rangárvallasýslu, en fól jafnframt forseta sínum að fara þess á leit við landshöfðingja, að þessi kostnaður og samskonar kostnaður fyrir Árnessýslu, að upphæð 62 kr. 25 a., yrði tekinn upp á fjárukalög, er lögð yrðu fyrir alþingi 1887, þareð amtsráðið væri þeirrar skoðunar, að þessi kostnaður ætti að rjettu lagi að berast af landssjóði.
8. Forseti lagði fram brjef frá hreppsnefndinni í Ölveshreppi, dags. 29. maí þ. á., þar sem hún beiðist þess, að sæluhússverðinum á Kolviðarhóli, Jóni Jónssyni, verði veittar 100 kr. úr jafnaðarsjóði, og var það veitt.
9. Forseti lagði fram brjef frá oddvitanum í Árnessýslu, dags. 10. maí þ. á., þar sem þess er farið á leit, að amtsráðið sjái um, að vegfræðingur fái til að skoða póstvegi sýslunnar, og að allt að 2000 kr. fái til veittar til að gjöra vagnvegi. Amtsráðið fól forseta að skrifa landshöfðingja um að vegfræðingur, ef annir hans leyfðu, skoðaði póstvegi sýslunnar, en hvað fjárveitingu til póstveganna snerti, þótti amtsráðinu það ofsemma uppborið, meðan vegirnir væru ekki skoðaðir af vegfræðingnum.
10. Forseti lagði fram brjef frá sama s. d., þar sem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar fer fram á það, að amtsráðið vilji leggja meðmæli með því, að veittar verði 100 kr. úr landssjóði til endurbótar á Grindaskarðaveginum, og vill amtsráðið mæla með þeirri beiðni.
11. Forseti lagði fram brjef frá sama s. d., þar sem hann fer fram á, eptir beiðni sýslunefndarinnar, að amtsráðið vilji samþykkja, að lögferja sje tekin upp á Brúará á Bemódsstöðum, og var það samþykkt.
12. Forseti lagði fram brjef frá sama, dags. 6. maí f. á., þar sem beiðst er, í umbóði sýslunefndar, tilhlutunar amtsráðsins um, að „nýtt marka-system“ verði innleitt um land allt. En með því amtsráðinu virðist slík ráðstöfun, sem stungið er upp á,

23. dag septembermán. 1886.

98

- koma í bága við ákvæði Jónsbókar landsleigubálk 48, gat það ekki mælt fram með þessari markatilhögun.
13. Forseti lagði fram brjef frá sama, dags. 7. maí p. á., þar sem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar óskar, að jafnaðarsjóður suðuramtsins taki að sjer váttryggingu sæluhússins á Kolviðarhóli, og vill amtsráðið verða við þeim tilmælum.
 14. Forseti lagði fram brjef frá sama, dags. 8. maí p. á., þar sem hann eptir beiðni sýslunefndarinnar fer fram á, að amtsráðið vilji veita liðsinni sitt til, að 62,25 kr., sem er endurgjald á kostnaði við endurskoðun á jarðamati í Árnessýslu, fáiast borgaðar úr landssjóði, og er um þetta mál vísað til 7. greinar hjer á undan.
 15. Forseti lagði fram brjef frá sama, dags. 8. maí p. á., þar sem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar biður um leyfi til, að mega taka lán handa vegasjóð Árnessýslu, að upphæð 3500 kr., til að fullgjöra hinn svo nefnda Melaveg. Amtsráðið veitti hið umbeðna leyfi.
 16. Forseti lagði fram brjef frá sama, dags. 8. maí p. á., þar sem hann biður amtsráðið að hlutast til um, að vegfræðingur sá, sem von er á til Íslands í sumar, fáiast til þess að standa fyrir vegagjörð á póstveginum í Hraungerðis- og Ölves-hreppum, og að fjárveiting til þessa vegar fáiast úr landssjóði, að upphæð 1000 til 2000 kr. Um þetta mál vísast til 9. gr. hjer á undan.
 17. Forseti lagði fram umkvörtun frá nokkrum búendum í Gaulverjabæjarhreppi, dags. 7. maí 1885, þar sem þeir kvarta yfir því, að sýslunefndin í Árnessýslu vilji ekki hafa afskipti af stíflum og framræzlu Hróarsholtslækjar. Hvað þetta mál snertir, vísast til tillaga amtsráðsins hvernig verja skuli þeim hluta fjárens til eflingar búnaði, er landshöfðingi úthlutar samkvæmt tillögum amtsráðsins, sbr. nr. 21 hjer á eptir.
 18. Forseti lagði fram brjef frá sýslumanninum í Árnessýslu, dags. 10. maí p. á., með hverju hann sendir reglugjörð sýslunefndar í tjeðri sýslu um notkun afrjetta o. s. frv., fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár í Árnessýslu, og sömuleiðis fyrir hreppana fyrir vestan Hvítá og Ölvesá í sömu sýslu, og vísast því til tölulíðs 4. littr. c. hjer á undan.
 19. Forseti lagði fram kæru Einars Einarssonar í Rofabæ í Leiðvallahreppi, dags. 30. okt. 1885, þar sem hann kærir yfir því, að honum, að hans álitu, ranglega hafi verið vikið burt úr sýslunefndinni, og ennfremur brjef sýslumannsins í Skaptafells-sýslu, dags. 10. febr. p. á., áhrærandi þetta mál. Það ekki verður ljóslega sjeð af skjölum málsins, að sýslunefndin hafi samkvæmt 31. gr. sveitarstjórnarlaganna fellt úrskurð í málinu, vísast því aptur til sýslunefndarinnar til löglegrar meðferðar.
 20. Forseti lagði fram brjef frá sýslumanninum í Skaptafellssýslu, dags. 19. júní f. á., þar sem hann, samkvæmt ályktun sýslunefndarinnar í Austur-Skaptafellssýslu á fundi 15. maí s. á., fyrir nefndarinnar hönd fer þess á leit, að amtsráðið veiti samþykki sitt til, að greiddar verði úr sýslusjóði allt að 100 kr. upp í kostnað þann, er af því leiðir, að senda fulltrúa fyrir kjördæmið á Þingvallafund 1885. Með því amtsráðinu ekki er kunnugt um, að þesskonar gjald verði talið með þeim, sem heimild er fyrir í lögum eða tilskipunum, sjer það sjer ekki fært að veita hið umbeðna samþykki.
 21. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja, 12. marz p. á., þar sem hann skorar á amtsráðið, að koma fram með tillögur sínar um, hvernig verja skuli styrk þeim úr landsjóði, sem landshöfðinginn hefur til umráða, til eflingar búnaði.

Amtsráðið gjörir ráð fyrir, að upphæð sú, sem það á að gjöra uppástungur um, sje 3280 kr. Tillögur amtsráðsins voru þessar :

a. Búnaðarfjelagi suðuramtsins sjeu veittar	1000 kr.
b. Til þess að búa til varnargarð gegn sjávarágangi fyrir Háeyrarlandi, þó með því skilyrði, að búfræðingur standi fyrir verkinu, og að útborgun eigi sjer fyrst stað, þegar verkið hefir verið unnið og tekið út af dómkvöddum mönnum	1000 —
c. Til búfræðingshalds í Rangárvallasýslu	800 —
d. — búnaðarfjelags Grímsnesshrepps	200 —
e. — búnaðarfjelags Hrunamannahrepps	50 —
f. — sjera Þorkells á Reynivöllum	100 —
g. Handa búfræðing til að standa fyrir stíflu og framræzlu á Hróars-holtslæk	130 —
	<u>3280 —</u>

22. Forseti lagði fram brjef frá forstöðunefnd kvennaskólans í Reykjavík, dags. 1. júní þ. á., og reikning yfir tekjur og útgjöld skólans frá 1. sept. 1884 til 31. ág. 1885, og fól amtsráðið forseta sínum að bera þennan reikning saman við reikning næsta árs á undan, sömuleiðis lagði hann fram beiðni forstöðunefndarinnar, dags. 1. júní þ. á., um að skólanum sje veittur 200 kr. styrkur úr jafnaðarsjóði suðuramtsins fyrir árið 1886, og samþykkti amtsráðið beiðnina.

23. Þar næst var rædd og samþykkt áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins fyrir árið 1887:

Tekjur :	
1. Eptirstöðvar	1800.00 kr.
2. Niðurjöfnun	730.00 —
	<u>2530.00 —</u>

Gjöld :	
1. Til bólusetningar og annara heilbrigðisráðstafana	300.00 —
2. — ferðakostnaðar	200.00 —
3. — kennslu heyrnar- og málleysingja	200.00 —
4. — sáttamálefna	30.00 —
5. — kostnaðar við amtsráðið	100.00 —
6. Ýmisleg útgjöld	700.00 —
7 Eptirstöðvar	1000.00 —
	<u>2530.00 —</u>

Síðan var fundarbókin lesin upp og fundi slitið 3. júlí 1886.

E. Th. Jónassen.

Skýrsla

99

um fund amtsráðsins í norður- og austuramtinu, 18. og 19. júní 1886.

Ár 1886, 18. dag júnímánaðar var fundur amtsráðsins í norður- og austurum-dæminu, settur af forseta amtsráðsins, amtmani Júlíus Havsteen, með amtsráðsmönnum, Einari umboðsmanni Ásmundssyni í Nesi og Benidikt umboðsmanni Blöndal í Hvammi.

Mál þau er komu til umræðu á fundinum, voru þessi:

1. Forseti skýrði frá, að hann hefði upp á væntanlegt samþykki amtsráðsins fallizt á,

99 að sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu keypti Drangey handa sýslunni fyrir 1800 kr., og að hún tæki 1200 kr. lán úr landssjóði til að borga jafnmikið af andvirðinu, með þeim skilmálum, að lánið endurborgist á 12 árum. Þetta lán hafði landshöfðingi síðan veitt, og samþykkti amtsráðið þessa ráðstöfun forseta.

2. Forseti skýrði frá, að hann upp á væntanlegt samþykki amtsráðsins hefði veitt sýslunefndinni í Húnavatnssýslu heimild til að taka 400 kr. lán úr landssjóði handa Vindhælishreppi, til að afstýra þar neyð og fyrirsjáanlegum bjargarskortí meðal fátækra í sveitinni. Amtsráðið samþykkti þessa ráðstöfun.

3. Amtsráðið tók til umræðu kæru hreppsnefndarinnar í Torfalækjarhreppi í Húnavatnssýslu, þar sem hún skýtur til amtsráðsins þeim úrskurði sýslunefndarinnar, sem skyldar hreppsnefndina til að taka til meðferðar og úrskurðar að efninu til, kærur 4 manna á Blönduósi yfir útsvörum, sem þeim höfðu verið gjörð til hreppsins á síðastliðnu hausti, en hreppsnefndin hafði vísað þessum kærum frá, vegna þess að þær hefðu komið of seint fram, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum 9. jan. 1880, um breyting á tilskipun 4 maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi.

Kærur þessar hefðu að vísu átt að vera komnar til oddvita hreppsnefndarinnar í síðasta lagi 17. nóvember, úr því niðurjöfnunin hafði verið framlögð 20. okt., en með því hreppsnefndin hafði látið festa upp á Blönduósi auglýsing um, að niðurjöfnun sveitarútsvaranna lægi til sýnis á Akri fram yfir 20. nóvember, hafði hún gefið hlutaðeigendum tilefni til að halda, að útsvarskærur væru þá framkomnar í tæka tíð. Amtsráðið varð því að álíta, að sýslunefndin hefði eigi í þessu máli farið fram úr því, sem hún hefði vald til, og skyldi því úrskurður hennar standa óhaggður sem endilegur.

4. Í tilefni af fyrirspurn frá sýslunefndinni í Húnavatnssýslu um það, hvort borgun fyrir sendiferðir í sveitarþarfir, samkv. 25. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar, skyldi vera bundin við takmörk hreppsins, eða í hvert skipti vera komin undir álitum, áleit amtsráðið, að þessi borgun skyldi greidd fyrir allar sendiferðir í þarfir sveitarinnar, bæði innan hrepps og út úr hreppnum, en samt lægi það undir úrskurð sýslunefndarinnar, hvort slík borgun væri hæfilega sett.

5. Eptir að álit sýslunefndarinnar var komið, um kæru nokkra frá hreppsnefndinni í Vindhælishreppi, þar sem hún fer þess á leit, að amtsráðið felli úr gildi þann úrskurð sýslunefndarinnar á jafnaðarreikningi hreppsins fyrir 1882—83, sem færir niður borgun fyrir ferð hreppsnefndaroddvítans í sveitarþarfir um 4 kr., eða úr 20 kr. niður í 16 kr., og ógildir 8 kr. þóknun, sem greidd hafði verið fyrir endurskoðun sveitarreikninga í tvö ár, tók amtsráðið þessa kæru til umræðu.

Þarsem sýslunefndum með 20. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar, er falið að úrskurða jafnaðarreikninga hreppsins, ályktaði amtsráðið, að sýslunefndin hefði eigi farið fram yfir vald sitt með fyrnefndum úrskurði sínum, sem skyldi standa óhaggður, og að sömu niðurstöðu komst amtsráðið um hitt atriðið, því þótt svo sje fyrir mælt í nefndri lagagrein, að hreppsnefnd megi kjósa mann til þess að endurskoða sveitarreikninginn, þá leiðir engan veginn af því, nokkra heimild fyrir hreppsnefndina til þess, að borga endurskoðunina af sveitarjóði, hvort sem endurskoðandinn er hreppsnefndarmaður eða ekki, og er hreppsnefndum hvergi heimilað það vald, sem sýslunefndum er veitt í 3. gr. laga 9. jan. 1880, um breyting á tilskipun 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi, sbr. einnig 26. gr. 3. í nefndri tilskipun.

6. Að fengnu álitu sýslunefndarinnar í Húnavatnssýslu, um erindi nokkurt frá hreppsnefndunum í Svínavatns- og Torfalækjarhreppum, þar sem þær kæra yfir úrskurði sýslunefndarinnar í Húnavatnssýslu, um kostnað við eptirleit, sem framfór á Kúluheiði haustið 1884, tók amtsráðið þetta mál til umræðu og úrskurðar, þótt það, eins og áður, yrði að álíta, að sýslunefndir hefðu endilegt úrskurðarvald í fjallskilamálum, þarsem hjer gæti verið spursmál um, hvort sýslunefndin með úrskurði sínum í þessu máli, hefði eigi farið fram yfir vald sitt. Eins og úrskurður sýslunefndarinnar nú lá fyrir, var með honum ákveðið, að fjáreigendur í Áss- og Sveinsstaðahreppum, sem áttu nokkuð af því fje, sem kom fram við eptirleitina á Kúluheiði, skyldu vera lausir við að borga hinn ákveðna eptirleitakostnað, sem skyldi greiðast að rjettu hlutfalli af sveitarsjóðum Svínavatns- og Torfalækjarhreppa, sem hlutaðeigandi upprekstrarfjelags, og enn fremur, að kostnaður við árangurslausa sendiferð eptir kindunum úr Áss- og Sveinsstaðahreppum, skyldi greiddur með 6 kr. til jafnra skipta milli þeirra, úr sveitarsjóðum Svínavatns- og Torfalækjarhreppa. Amtsráðið fjekk ekki betur sjed, en að það hefði verið rjett eptir öllum atvikum, og samkvæmt anda fjallskilareglugjörðarinnar, að hreppsnefndirnar í Svínavatns- og Torfalækjarhreppum, hefðu látið fara 3 göngur haustið 1884, en leyfa ekki eptirleit á Kúluheiði. Aftur á móti var ráðið á þeirri skoðun, að sýslunefndin hefði ekki vald til að skipa hreppsnefndunum, að endurborga hlutaðeigandi fjáreigendum kostnað þeirra, við hina árangurslausu sendiferð eptir kindunum úr Áss- og Sveinsstaðahreppum, þar sem krafa þessi eptir eðli sínu heyrði undir dómstólana, og hlutaðeigendum væri innan handar að leita meints rjettar síns með málssókn.

Samkvæmt þessu ályktaði amtsráðið, að úrskurður sýslunefndarinnar um eptirleitarkostnaðinn skyldi vera endilegur, en felldur úr gildi að því leyti, er snertir endurgjald á kostnaðinum við hina árangurslausu sendiferð eptir kindunum.

7. Sýslunefndarmaðurinn úr Skriðdalshreppi í Suður-Múlasýslu, síra Páll Pálsson að Þingmúla, hafði kært yfir þeirri ályktun sýslunefndarinnar, að viðhalda skyldi lögrjett að Vatnsskógum í Skriðdal, fyrir fje það er kæmi úr Öxi og Víðirgróf, og farið þess á leit, að amtsráðið felldi þessa ályktun úr gildi af þeirri ástæðu, að hreppsnefndin í Skriðdalshreppi hefði með samþykki allra hreppsþenda ákveðið, samkvæmt fjallskilareglugjörð sýslunnar, 34. gr., að ein lögrjett skyldi vera að Þingmúla fyrir allt það fje, sem kæmi af Þingmúlafrjett, að meðtaldri Öxi og Víðirgróf.

Að vísu bendir það, sem ákveðið er í fjallskilareglugjörð Suður-Múlasýslu, 34. gr., að »Lögrjettir skulu vera í hverjum hreppi þar sem verið hafa, eða sveitarnefnd ákveður nú með ráði þúenda«, til þess, að hreppsnefndum sje falið að ráða hvar rjettir skuli vera, en sýslunefndin hefir eigi þarfyrir afsalað sjer því valdi, sem henni er veitt með sveitarstjórnartilskipuninni, 39. gr. 2., til þess að grípa fram í þær ráðstafanir hreppsnefndanna, um fjallskil og rjettir, sem koma í bága við hagsmunu almennings, en hjer höfðu einmitt Breiðdælingar kvartað yfir því, að, ef ein rjett skyldi vera í Þingmúla, þá yrði að reka fje úr Breiðdalshreppi, sem smalaðist úr Öxi og Víðirgróf, út allan Skriðdal og yfir Múlaá og suður aftur sömu leið, í stað þess að reka það í hina gömlu rjett að Vatnsskógum, og væri þetta mikill og óþarfur hrakningur á fjenu. Amtsráðið, sem yfir höfuð varð að álíta, að heppilegra væri, að sýslunefndin ákveði, hvar lögrjett skyldi vera í hverjum hreppi,

99

en eigi hreppsnefndirnar, gat því eigi sjeð, að ályktun sýslunefndarinnar í þessu máli væri ólögmat, og skyldi hún því standa óhöggud.

8. Amtsráðið veitti kvennaskólanum á Ytri-Ey í Húnavatnssýslu 300 kr. styrk úr jafnaðarsjóði, með því skilyrði, að skýrsla um kennsluna og ástand hans á skólaárinu 1885—86, yrði send amtstráðinu. Það sjest af endurriti úr gjörðabók sýslunefndarinnar, að reikningur skólans 1884—85, hafi verið endurskoðaður og úrskurðaður af nefndinni.
9. Amtsráðið veitti sömuleiðis kvennaskólanum á Laugalandi í Eyjafjarðarsýslu 300 kr. styrk úr jafnaðarsjóði með því skilyrði, að skýrsla um kennsluna og ástand hans á skólaárinu 1885—86, yrði send amtstráðinu. Það sjest af endurriti af gjörðabók sýslunefndarinnar, að reikningur skólans 1884—85, hafi verið endurskoðaður og úrskurðaður af nefndinni.
10. Amtsráðið veitti alþýðuskólanum á Akureyri 100 kr. styrk úr jafnaðarsjóði. Reikningur var fram lagður yfir tekjur og gjöld skólans 1884—85, og skýrsla um kennsluna á honum á skólaárinu 1885—86.
11. Sömuleiðis veitti amtstráðið alþýðuskólanum í Suður-Þingeyjarsýslu, sem á síðastliðnum vetri var haldinn í Laufási, 100 kr. styrk úr jafnaðarsjóði með því skilyrði, að skýrsla um kennsluna 1885—86, yrði send amtstráðinu.
12. Forseti framlagði reikning yfir tekjur og gjöld amtsbókasafnsins 1885, og skýrði frá, að bótaskrá safnsins væri undir prentun. Kaupin á suðurstofu fangahússins á Akureyri voru nú um garð gengin, og skyldi greiða nú fyrstu afborgun upp í kaupverðið, eða 100 kr. Reikningurinn var endurskoðaður og samþykktur, og lagði amtstráðið 200 kr. úr jafnaðarsjóði til safnsins.
13. Forseti skýrði frá tillögum sínum við landshöfðingja, er lúta að fjárveitingum til fjallvega árið 1886, og um árangurinn af þeim, sem var sá, að landshöfðingi hafði veitt alls 3400 kr. til vegagjörða á Vaðlaheiði og Öxnadalsheiði, eptir því hlutfalli, sem amtmaður álitir heppilegast, — en vegurinn yfir Öxnadalsheiði, sem var lagður fyrir nokkrum árum, hafði í fyrria sumar spillt mjög af skriðum og vatnságangi. Af þessari upphæð hafði amtmaður ákveðið, að 1800 kr. skyldu ganga til vegagjörðarinnar á Vaðlaheiði, auk 360 kr. 75 a., sem voru í sjóði frá fyrria ári, en 1600 kr. til vegarins á Öxnadalsheiði.
Ennfremur hafði landshöfðingi veitt 4000 kr. til þess, að styrkja sýsluvegasjóði til vegagjörða á sýsluvegum á aðalpostleiðum, og falið amtstráðinu eða forseta þess, að láta uppi tillögur sínar um skiptingu þessa fjár milli sýslunnanna. Með því skýrslur eigi voru komnar úr öllum sýslunum um það, hve mikið fje væri lagt á yfirstandandi ári úr sýsluvegasjóðum, fól amtstráðið forseta sínum að semja þessar tillögur.
14. Framlagt var álit sýslumannsins í Þingeyjarsýslu um, að varða veginn milli Grímsstaða á Fjöllum og Biskupsvörðu á Biskupshálsi. Amtsráðið áleit, að þessi vegar-spotti væri eigi fjallvegur (sbr. auglýsing um fjallvegi, 9. nóvember 1876, stjórnartíðindi 1876, B. bls. 105—106), heldur ætlaði amtstráðið að næst lægi, að skoða þennan veg sem sýsluveg, úr því vegurinn frá Skjöldólfsstöðum á Jökuldal yfir Möðrudalsheiði framhá Möðrudal og Víðidal, að takmörkum Þingeyjarsýslu á Biskupshálsi, væri sýsluvegur í Norður-Múlasýslu. Amtsráðið ályktaði að leita nánari skýrslu og umsagnar sýslumannsins í Þingeyjarsýslu um þetta atriði.
15. Framlagðir voru eptirfylgjandi reikningar fyrir 1885, yfir tekjur og gjöld sjóða, sem standa undir umsjón amtstráðsins :

1. Búnaðarsjóðs norður- og austuramtsins.
2. Búnaðarskólasjóðs norður- og austuramtsins.
3. Jökulsárbrúarsjóðsins.
4. Styrktarsjóðs fátækra ekkna og munadarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað.
5. Gjafasjóð Guttorms prófests Þorsteinssonar til fátækra í Vopnafjarðarhreppi.
6. Gjafasjóðs Pjeturs sýslumanns Þorsteinssonar til fátækra í Vallanessókn.

Þessir reikningar voru endurskoðaðir af amtsráðinu og samþykktir.

Forseti amtsráðsins skýrði frá, að hann hefði leyft að innstæðu sjóðsins nr. 4., yrði varið til þess að kaupa jörðina Einarstaði með hjáleigunni Pjetursborg í Glæsi-bæjarhreppi, fyrir 2000 kr.

16. Amtsráðið veitti búnaðarskólanum á Hólum 200 kr. styrk úr búnaðarsjóði norður- og austuramtsins.
17. Forseti ráðsins skýrði frá því, að hann nú hefði farið þess á leit við landshöfðingja, að hann hlutaðist til um, að stofnunarskrá »Prentsmiðjusjóðs norður- og austuramtsins«, næði konunglegri staðfestingu. Vegna þess að enn hafði orðið nokkur dráttur á að innheimta útistandandi skuld sjóðsins, hefði engum styrk orðið úthlutað af ársvöxtum sjóðsins á árinu sem leið, nema 47 kr. 86 a. til fátækra námsmeyja á kvennaskólanum á Laugalandi, samkvæmt ályktun amtsráðsins á fundi þess, 2. og 3. júní f. á., heldur hefðu þeir verið lagðir við höfuðstólinn, sem er nú 2700 kr., eða 100 kr. meiri en amtsráðið gjörði ráð fyrir í fyrra. Á þessu ári komu til úthlutunar 98 kr., eða leigur af 2450 kr., en svo framvegis 108 kr., eða leigur af 2700 kr.

Framlagður var reikningur yfir tekjur og gjöld sjóðsins 1885, og yfir efnahag hans til 10. apríl þ. á.

18. Reikningur yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs norður- og austuramtsins 1885, ásamt með fylgiskjöllum, var framlagður; var reikningurinn endurskoðaður og ekkert að honum fundið. Amtsráðið samþykkti því reikninginn í heild sinni, svo og samkvæmt sjerstökum tillögum forseta, að hann hafði keypt nokkuð af karbólsýru, sem eigi var útgengin hjá einni verzlun, er eftir tilmælum forseta hafði áður pantað talsvert af sýru þessari, þannig að verzlunarstjórinn tók að sjer að selja þetta baðmeðal fyrir hönd sjóðsins, og mátti selja pundið með 15 anra afslætti, ef borgun kæmi út í hönd.
19. Var rædd og samþykkt:

Áætlun

um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins 1887.

Tekjur:

1. Áætlaðar eptirstöðvar frá 1886	500 kr.	
2. Jafnaðarsjóðsgjald	3300 —	3800 kr.

Gjöld:

1. Amtsráðið	400 —
2. Til sáttamála	50 —
3. Til heilbrigðismála	500 —
4. Til menntunarmála (hjer af til bókasafnsins 200 kr.)	1000 —
5. Til heyrnar- og málleysingja	800 —

Flyt 2750 —

99

Fluttar 2750 kr.

6.	3. afborgun uppí og leigur til 18. okt. af 2000 kr. úr landssjóði í tilefni af fjárkláðanum	540 --	
7.	Óviss útgjöld	510 —	3800 kr.

20. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja, 14. okt. 1885, um sýslusjóðsgjald af Hlíðar- og Fremrinámum, sem prentað er í stjórnartíðindunum 1885, B. bls. 131, og gat þess, að hann hefði birt sýslumanninum í Þingeyjarsýslu nefnt brjef, með þeirri viðbót, að endurgjalda skyldi Skútustaðahreppi það, sem hann hefði galdið í sýslusjóð af námunum, sem er fyrir 1881 til 1884, alls 20 kr. 25 a., en að Helgastaðahreppur yrði eptirleidis að svara þessu gjaldi, í fyrsta skipti árið 1886, sbr. skýrslu um fund amtráðsins, 19. og 20. des. 1882, stjórnartíðindi 1884, B. bls. 11.
21. Forseti skýrði frá, að hann hefði orðið þess áskynja, þá er hann í umbodi amtráðsins úrskurðaði sýsluvegasjóðsreikning Suður-Múlasýslu 1884 (sbr. skýrslu um fund amtráðsins 2. og 3. júní 1885, stjórnartíðindi 1885, B. bls. 91), að sýslunefndin hefði tekið 1000 kr. lán handa sýsluvegasjóði gegn 5% leigum á ári. Samkvæmt tillögum sýslumannsins, sem síðar skýrði frá, að upphaflega hefði þetta lán átt að vera bráðabyrgðalán, hafði forseti upp á væntanlegt samþykki amtráðsins, leyft að lánið mætti standa, þangað til það yrði heimtað af sýsluvegasjóðnum, þó þannig, að lánið skyldi endurborgast fyrir lok ársins 1887, nema það fengi að standa gegn 4% ársleigu. Amtráðið lagði samþykki sitt á þetta.
22. Amtráðið tók aptur til umræðu brjef sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, 22. marz 1883 (sbr. skýrslu um fund amtráðsins 31. maí og 1. júní 1883, stjórnartíðindi 1883, B. bls. 91), um að Grímsey yrði lögð undir eða sameinuð við Þingeyjarsýslu, og voru framlögð álit sýslunefndanna í Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslu, og hreppsnefndarinnar í Grímsey. Amtráðið komst að þeirri sömu niðurstöðu í þessu máli, og sýslunefndin í Suður-Þingeyjarsýslu, og gat ekki ráðið til, að þessi breyting verði gjörð á takmörkum Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslu, því þótt Grímseyingar svo að segja eingöngu sæki verzlun sína nú á Húsavík, þá er engan veginn víst að svo verði til frambúðar, enda er Þingeyjarsýsla ærið víðlend og örðug sýsla, þótt Grímsey eigi verði við hana bætt.

Amtráðið ályktaði að tilkynna sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu, að það geti ekki átt við, að gjöra frekari gangskör að því, að koma þessu máli á framfæri.

23. Forseti framlagði reikning þann yfir kostnaðinn við brúargjörðina á Jökulsá í Jökuldal, sem hann nú hafði samið, eptir að hann hafði fengið skýrslur þær, sem áður vantaði (sbr. skýrslu um fund amtráðsins, 2. og 3. júní f. á., stjórnartíðindi 1885, B. bls. 91); amtráðið yfirfór reikninginn og samþykkti hann. Forseti skýrði enn fremur frá, að hann samkvæmt ályktun ráðsins á fundi þess 1. og 2. ágúst 1884 (stjórnartíðindi 1884, B. bls. 161), hefði falið sýslunefndinni í Norður-Múlasýslu, umsjón alla eptirleidis og eptirlit með brúnni, sem er á sýsluvegi, og sent nefndinni það, sem afgangur var af Jökulsárbrúarsjóðnum, og sem skyldi renna í sýsluvegasjóðinn, 24 kr. 17. a.

Kostnaðurinn við brúargjörðina hafði hlaupið alls 3624 kr. 50 a., sem liðast í sundur í þessar aðalgreinir:

1. Efni	1464 kr 17 a.
2. Flutningur á efni . .	1294 — 90 -
3. Vinnulaun og ferðakaup	806 — 60 -
4. Ýmislegur kostnaður .	58 — 83 -
	<hr/>
	3624 — 50 -

Það sem fjekkst fyrir viðina úr gömlu brúnni, sem voru seldir við uppboð, er tekið í reikning yfir tekjur og gjöld Jökulsárbrúarsjóðsins 1883.

24. Amtsráðið veitti samþykki sitt til þess, að sýslunefndin í Suður-Þingeyjarsýslu tæki 300 kr. lán úr landssjóði til að fullgjöra alþýðuskólahúsið í Hljeskógum í Grýtu-bakkahneppi, í viðbót við lánið frá í fyrra, sem var 1500 kr., og með sömu skilmálum.
25. Amtsráðið tók til umræðu beiðni sýslunefndanna í Suður- og Norður-Þingeyjarsýslu, um leyfi til þess, að nefnd sýslufjelög tæki 18000 kr. lán úr landssjóði, hið fyrnefnda 12000 kr., og hið síðarnefnda 6000 kr., gegn 6% afborgun og vaxtagreiðslu í 28 ár, handa búfræðingi Stefáni Stefánssyni, til þess að koma upp búnaðarskóla eða fyrirmyndarbúi á hentugri jörð í annarhvorri sýslunni, jafnframt voru framlögð ágrips-endurrit af gjörðabókum sýslunefndanna, um fundarhöld þeirra 31. maí og 9. og 10. þ. m., viðvíkjandi þessu máli. Samkvæmt þessum endurritum hefur Stefán Stefánsson boðizt til að koma á fót búnaðarskóla eða fyrirmyndarbúi á eigin kostnað, þannig að hann sæi um, að 6 piltar og 3 stúlkur fengi, að því er ráða má árlega, kennslu í búfræði og búskap. Aptur hefur hann gjört að skilmálum á móti, að sýslunefndirnar útvegi sjer gegn fullu veði 18000 kr. lán, sem hann skyldi endurborga og ávaxta með 6% af hinni upphaflegu upphæð lánsins árlega í 28 ár, að hann fengi sem styrk til skólabaldsins upphæð, sem svaraði hinu árlega búnaðarskólalagjaldi Þingeyjarsýslu, og þeim hluta, sem Þingeyjarsýsla fengi árlega af því fje, sem veitt er með fjárlögum til eflingar búnaði, og ennfremur, að sýslunefndirnar lánuðu honum leigulaust í 3 ár, tiltölu Þingeyjarsýslu í búnaðarskólasjóði amtsins.

Eptir allangar umræður um þetta málefni, veitti amtsráðið samþykki sitt til áðurnefndrar lántöku úr landssjóði, með því skilyrði, að sýslunefndirnar í Suður- og Norður-Þingeyjarsýslu sjái um, að Stefán Stefánsson setji fyrir því láni, sem honum veitist, jarðarveð, er eptir lögmati virðing dómkvaddra manna, nemi $\frac{1}{3}$ meira en lásupphæðin, og að lánið eigi verði útborgað úr landssjóði, fyr en samningur sá liggur fyrir, sem gjöra skal við Stefán Stefánsson, og landshöfðingi hefur samþykkt fyrirkomulagið á hinni fyrirhuguðu stofnun búnaðarskóla eða fyrirmyndarbús í Þingeyjarsýslu, sbr. tilsk. 12. febr. 1872, um stofnun búnaðarskóla á Íslandi, og tilskipun 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi, 52. gr. 4.

26. Amtsráðið veitti samþykki sitt til þess, að sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu mætti taka 5000 kr. lán úr landssjóði, sem endurborgist og ávaxtist með 6% á 28 árum, handa Magnúsi Þórarinssyni á Halldórsstöðum, í viðbót við það 1800 kr. lán, sem áður er tekið og honum veitt, til þess að fullkomna tóvinnuvjelar.
27. Amtsráðið tók til umræðu, hvort stofna skyldi heilbrigðisnefndir, sem getið er um í tilsk. 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi, 34. gr. 4., og sem sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu hafði óskað eptir að yrðu skipaðar, en málefni þetta hafði áður verið undirbúið af forseta ráðsins, og hjeraðslæknunum í 9. og 11. læknishjeraði.

29. dag septembermán.. 1886.

99

Eptir nokkrar umræður um þetta mál, komst amtsráðið að þeirri niðurstöðu, að eigi væri þörf á að skipa sjerstakar heilbrigðisnefndir, heldur skyldu hreppsnefndirnar, eins og áður, og samkvæmt 15. gr. í nefndri tilskipun, ásamt hreppstjóra hafa eptirlit með heilbrigðisásigkomulagi manna á milli í hverjum hreppi, og samdi hjer að lútandi reglur, sem skyldi prenta og útbýta milli hreppsnefnda í öllu amtinu, en hreppsnefndum var samt leyft, að fela tveim mönnum úr sínum flokki, að hafa þetta eptirlit á hendi sem aukaneftnd.

28. Forseti skýrði frá, að landshöfðingi hefði, með brjefi 25. desember 1885, veitt 23 búnaðarfjelögum samtals 1734 kr. styrk af því fje, sem ætlað var til eflingar búnaði fyrir nefnt ár, en frá 3 búnaðarfjelögum hefði bænarskrár og skýrslur um unnar jarðabætur komið of seint fram.
29. Í tilefni af brjefi landshöfðingja 12. marz þ. á., þar sem hann skorar á amtsráðið, að láta uppi í tíma tillögur um styrkveitingar til búnaðarfjelaga og búnaðarskóla af því fje, sem tiltekið er í fjárlögunum 1886—87, 10. gr. C. 4., ljet amtsráðið í ljós, að það byggist við, að umdæminu hlotnaðist, eins og áður, um 4000 kr. af þessari fjárveiting, og vildi leggja það til, að búnaðarfjelög í amtinu fengi allt að því 1550 kr. af nefndri upphæð, sem yrði útbýtt eptir þeim reglum, sem amtsráðið hefur fylgt að undanfögnu, skyldi því birta hjer að lútandi auglýsing í »Fróða« og »Austra«, og skora á búnaðarfjelög, að gefa sig fram svo tímanlega, að bænarskrár þeirra, og skýrslur um unnar jarðabætur, væru komnar til forseta amtsráðsins fyrir 30. október næstkomandi, en þau fjelög, sem bænarskrár og skýrslur eigi væru komnar frá innan þess tilsetta tíma, mættu ekki búast við að fá nokkurn styrk. Að því leyti er snerti þær 2450 kr., sem þá væru eptir af fyrneftndum 4000 kr., skýrði forseti frá því, að landshöfðingi hefði með brjefi 23. marz þ. á., eptir tillögum sínum veitt skólastjóra við búnaðarskólann á Hólum, Jósef Björnssyni, 400 kr. af þeirri fjárveiting, sem hjer er um að ræða, til þess að fullkomnast í búfræði á landbúnaðarháskólanum í Kaupmannahöfn.

Þeim 2050 kr., sem þá væru eptir, vildi amtsráðið leggja til, að yrði útbýtt á þann hátt, að búnaðarskólanum á Hólum veitist 1340 kr., og búnaðarskólanum á Eyðum 660 kr., og Jóni bónda Jónssyni á Reynistað 50 kr., sem þóknun eða verðlaun fyrir tilraunir hans, til að bæta sauðfjárkyn í Skagafjarðarsýslu. Við tillögur sínar um styrkveitingarnar til skólanna, tók amtsráðið sjerstaklegt tillit til þess, að búnaðarskólinn á Eyðum mundi geta fengið styrk af styrktarsjóðnum handa þeim, sem bíða tjón af jarðeldi á Íslandi. Reikningar yfir tekjur og gjöld skólanna, fyrir 1885—86, skyldu vera komnir til amtsráðsins áður en styrkfjed væri útborgað.

Aptur á móti gat amtsráðið eigi mælt með bænarskrá frá búfræðingi Stefáni Stefánssyni á Fagraskógi, um 800 kr. styrk til búfræðisnáms erlendis, og heldur ekki með því, að Sigríður Jónsdóttir frá Djúpadal í Skagafjarðarsýslu, sem hlotnaðist 200 kr. styrkur úr landssjóði 1883, til að læra mjólkurmeðferð í Danmörku og kaupa áhöld, fengi 200 kr. framhaldsstyrk, til þess að koma mjólkurmeðferð í sem bezt lag hjá sveitungum sínum, og til áhaldakaupa.

Frá jarðabótafjelagi Sauðaneshrepps var komin skýrsla um unnar jarðabætur á árunum 1884 og 1885, og beiðni um fjárstyrk að tiltölu við önnur búnaðarfjelög. Með því amtsráðið varð að álíta, að styrkur sá, sem veittur væri á hverju ári, skyldi miðaður við sama árs jarðabótavinnu, gat það ekki sinnt þessari bænarskrá,

en vill sjálfsagt taka tillit til þess, sem fjelagið vinnur að þarflegum jarðabótum á þessu yfirstandandi ári og framvegis, ef það sendir skýrslur sínar og styrkbeiðni til forseta amtsráðsins innan tilsetts tíma.

99

30. Forseti skýrði amtsráðinu frá, að fyrrum amtsskrifari Kristján Jónasson hefði tjáð sjer, að hann hefði látið prenta í »Andvara« skýrslu um ferð sína til Englands, til þess að kynna sjer ullarverkun, og framlagði 10 sjerprentuð exemplör af þessari ritgjörð (sbr. skýrslu um fund amtsráðsins, 2. og 3. júní 1885, Stjórnartíðindi 1885, B. bls. 90), sem amtsráðsmennirnir tóku til útbýtingar.
31. Amtsráðið samþykkti, að forseti hafði leyft sýslunefndinni í Suður-Múlasýslu, að veita Guðrínu Rasmúsdóttur í Flögu, sem án þess að hafa verið skipuð yfirsetukona, hafði um mörg ár fengizt við ljósmóðurstörf í Skriðdalshreppi, þangað til regluleg yfirsetukona var skipuð þar, 20 kr. árleg eptirlaun úr sýslusjóði, þótt hún eigi hefði verið prófuð eða reglulega skipuð yfirsetukona.
32. Framlagður var reikningur yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans á Eyðum fyrir 1884—85, með fylgiskjölum og jafnaðarreikningi skólabúsins fyrir sama tímabil, og brjef sýslumannsins í Norður-Múlasýslu, 25. febr. 1886, sem hefur inni að halda svör upp á athugasemdir þær, er forseti hafði gjört, þá er hann yfirfór reikning skólans og nánari skýringar honum viðvíkjandi.

Amtsráðið var forseta samdóma um það, að sem minnst mætti blanda saman skólareikningnum og sýslusjóðsreikningum sýslanna, og skyldi eigi í þeim tilfæra annað til skólans, en afborgun og vaxtagreiðslu af láni sýslusjóðanna úr landsjóði í þarfir skólans, og svo þær upphæðir, sem sýslusjóðirnir yrðu að leggja með skólanum, en skólareikningurinn ætti að sýna, hvernig þessum tillögum væri varið.

Á sameiginlegum fundi sínum 9. sept. 1885, höfðu og sýslunefndirnar afráðið, að semja skyldi eitt reikningsform fyrir alla reikninga skólans, þar sem hið núverandi fyrirkomulag þótti margbrotið.

Amtsráðið samþykkti reikninginn yfir tekjur og gjöld skólans 1884—85, og sömuleiðis jafnaðarreikning skólabúsins 1884—85, sem fremur er yfirlit yfir efnahag búsins en jafnaðarreikningur, með þeirri athugasemd, að »Skuldir hvílandi á búinu«, sem taldar eru tekjumegin, hefðu átt að standa gjaldamegin, en aptur á móti »Skuldir, sem búið á hjá öðrum«, sem tilfærðar eru gjaldamegin, hefðu átt að standa tekjumegin, og ennfremur »Eign búsins 1884«, sem sje »Fríður peningur« — 5856 kr., »Íbúðarhúsið« — 2100 kr., »Búsílóð öll« — 1238 kr. 22 a., og »Hey og búsafléifar« — 686 kr. 50 a.

Ennfremur var framlagt eitt tölublað af »Austra«, sem hefur inni að halda skýrslu um ástand skólans 1884—85, en amtsráðið óskar eptir að slík skýrsla um ástand skólans og kennsluna á honum, verði send amtsráðinu við lok hvers skólaárs, um leið og reikningurinn yfir tekjur og gjöld skólans er sendur.

33. Framlagðir voru reikningar yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans á Hólum fyrir 1884—85, með tilheyrandi fylgiskjölum og reikningi yfir efnahag skólabúsins fyrir sama tímabil. Amtsráðið yfirskoðaði þessa reikninga og fann ekkert við þá að athuga; samt gat það ekki samþykkt þá að sinni, fyr en hin vantandi fylgiskjöl við reikninginn yfir tekjur og gjöld skólans 1883—84, væru komin til amtsráðsins, en sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu hafði 13. jan. þ. á., tilkynnt amtsráðinu, að hann gæti ekki sent amtsráðinu þessi fylgiskjöl, fyr en skólastjóri Jósef Björnsson væri kom-

99

inn heim aptur úr ferð sinni til Kaupmannahafnar. Þess vegna fól ráðið forseta sínum, að úrskurða á sínum tíma reikningana fyrir 1883—84 og 1884—85.

Enn fremur voru framlagðar skýrslur um fundarhöld stjórnarnefndar skólans frá 11. til 13. maí og 19. sept. 1885.

Amtsráðið samþykkti að sýslunefndirnar í Skagafjarðar- og Húnavatnssýslu, tækju allt að því 5000 kr. lán hvor úr landssjóði, gegn 6% afborgun og vaxta-greiðslu í 28 ár, til nauðsynlegra húsaþýgginga á Hólum.

Forseti lagði fram brjef stjórnarnefndar skólans, 15. p. m., þar sem hún fer þess á leit, að amtsráðið leiði athygli sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu að því, að segja nú eindregið álit sitt um það, hvort hún vilji sameinast Skagafjarðarsýslu og Húnavatnssýslu um viðhald búnaðarskólans á Hólum, og taka tiltölulegan þátt í afborgun Hólaverðsins, og öðrum gjöldum skólans. Með því amtsráðinu, sem skilur svo brjef landshöfðingja 2. febr. 1884, að það þá fyrst geti komið til tals, að Eyjafjarðarsýsla taki þátt í skólastofnuninni á Hólum, þegar öll von væri úti um það, að Eyjafjarðarsýsla og Þingeyjarsýsla gengu í fjelag um búnaðarskóla, var nú kunnugt orðið, að sýslunefndirnar í Þingeyjarsýslu hefðu á fundum sínum 31. maí og 9. og 10. júní p. á., þegar gjört ráðstafanir til að koma upp búnaðarskóla eða fyrirmyndarbúi útaf fyrir sig, eða fyrir Suður- og Norður-Þingeyjarsýslu, ályktaði ráðið, að skjóta því til sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu, hvort hún eigi vildi eiga þátt í skólanum á Hólum, enda hafði sýslunefndin í Húnavatnssýslu á fundi sínum 22.—24. febr. p. á., ályktað að skora á sýslunefndina í Eyjafjarðarsýslu, að segja fyrir árslok af eða á um það, hvort hún vildi sameinast Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu um skólalaldið á Hólum eptirleidis eða eigi, og hafði nefndin einnig falið oddvita sínum að skrifa sýslunefnd Skagafjarðarsýslu um, að hún sendi álika áskorun til sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu.

Amtsráðið fann ástæðu til að láta í ljósi ánægju sína yfir góðum framkvæmdum stjórnarnefndar skólans, sem hafa leitt til þess, að hann er farinn að komast í svo viðunanlegt horf, sem lítil efni leyfa, og áleit að nefndin ætti miklar þakkir skildar fyrir þetta af hálfu þeirra, sem að skólastofnuninni standa.

34. Amtsráðið samþykkti, að forseti hafði leyft, að lögferjan, sem hingað til hefur verið í Fljótsdal við Skriðuklaustur, yrði flutt að Hrafnkelsstöðum.
35. Framlögð voru eptirnefnd endurrit úr gjörðabókum sýslunefnda og yfirfarin af amtsráðinu :

- a. Frá Húnavatnssýslu, fundargjörðir frá 22.—25. febr. 1886.
- b. Frá Skagafjarðarsýslu, fundargjörðir frá 25.—26. jan. 1886.
- c. Frá Eyjafjarðarsýslu, fundargjörðir frá 22.—23. marz 1886.

Í áætlun yfir tekjur og gjöld sjóðsins fyrir 1886, eru 700 kr. taldar útgjaldamegin til búnaðarlegra fyrirtækja, en eigi tekjumegin sá styrkur til eflingar búnaði, sem búast má við úr landssjóði.

Að því leyti, sem sýslunefndin hefur samþykkt, að sýslumaðurinn hafði lánað Þóroddsstaðahreppi 90 kr. til kornkaupa á síðastliðnum vetri, gat forseti þess, að þetta lán hefði verið veitt með sínu leyfi og samþykki.

- d. Frá Suður-Þingeyjarsýslu, fundargjörðir frá 23.—25. febr. 1886.

Eptir að forseti ráðsins hafði í brjefi 6. apríl p. á., bent sýslumanninum á að hið ákveðna sýslusjóðsgjald færi fram úr því, sem mætti jafna niður samkvæmt 43. gr. sveitarstjórnartilsk., sbr. 26. gr. 4., hefur hann leitað samþykkis amtsráðsins til þessarar niðurföfnunar, sem væri nauðsynleg til þess að sýslu-

sjóðurinn gæti staðizt útgjöld sín. Amtsráðið samþykkaði svo jafna mætti niður 10 aorum á hvert hundrad, sem er um 80 kr. fram yfir það, sem jafna mátti niður án leyfis amtsráðsins.

99

- e. Frá Norður-Þingeyjarsýslu, fundargjörðir frá 4. og 5. marz 1886.
- f. Frá Norður-Múlasýslu, fundargjörðir frá 10. ágúst 1885, og 17. apríl 1886.
1. Samkvæmt beiðni sýslunefndarmannsins úr Jökuldals- og Hlíðarhreppi, hafði sýslunefndin á fundi sínum 17. apríl p. á., lýst því yfir, að hún væri því eigi mótfallin að leggja fje úr sýsluvegasjóði til brúar á Gljúfurá, sem er á hreppavegi. Með því slík ályktun kemur alveg í bága við lög 15. okt. 1875, um vegina á Íslandi, 4. gr. í niðurlaginu, felldi amtsráðið hana úr gildi, og vildi brýna fyrir sýslunefndinni, að fje sýslusjóðsins mætti að eins ganga til sýsluvega og brúargjörða á þeim.
 2. Sýslunefndin hafði ennfremur á sama fundi sínum ályktað, að veita Páli Jónssyni lán úr sýsluvegasjóði, til að læra vegagjörð erlendis, gegu því að Páll endurgjaldi lánið með því að vinna að vegabótum í sýslunni, þegar hann kæmi aptur, en ef hann kæmi ekki aptur, eða dæi, áður en hann kæmi áformi sínu fram, skyldi lífsábyrgðarskrteini hans fyrir 300 kr., sem hann afhendir nefndinni, vera hennar eign. Amtsráðið gat ekki fellt sig við þessa ráðstöfun sýslunefndarinnar, því fyrst væri það, að lífsábyrgðarskrteinið, sem einkægt þyrfti að endurnýja gegn gjaldi, væri lítil trygging í sjálfu sjer, enda væri mönnum nú samkvæmt brjefi landshöfðingja, 25. marz p. á., sem amtmaður hafði tilkynnt sýslumanninum innihaldið úr, 14. apríl p. á., á þessu sumri gefinn kostur á því, að læra vegavinnu hjá Hovdenak í nágrenni við Reykjavík, og hafði amtmaður látið í ljós, að ekkert væri því til fyrirstöðu, að 1 eða 2 menn úr sýslunni fengju nokkurn styrk til ferðakostnaðar af sýslusjóði, eða sýsluvegasjóði, en verkalaun fengju þeir söm og aðrir, á meðan þeir væru að vegavinnu.
- Amtsráðið ályktaði, að sýslunefndin eigi mætti veita þetta lán, nema móti fullgildu jarðarveði.
3. Samkvæmt beiðni sýslunefndarinnar samþykkti amtsráðið, að jafna mætti niður til sýslusjóðs, svo að hann gæti staðizt kostnað sinn, 1204 kr. 05 a, eða 15 aorum á hvert hundrad, sem fer fram úr því, sem jafna mátti niður án leyfis amtsráðsins.
 4. Sýslunefndin hefur samþykkt að hreppsnefnd Hjaltastaðahrepps megi taka 1500 til 2000 kr. hallærslán; ef það er meiningin að fá þetta lán úr landsjóði, þá ber sýslunefndinni að vita, að landshöfðingi hefir að eins heimild til að veita sýslufjelögum, en ekki hrepps-fjelögum, lán til að afstýra hallæri. Sýslunefndin verður því að biðja um það fyrir hönd sýslusjóðsins, og fá samþykki amtsráðsins eða forseta þess til lántökunnar.
- g. Frá Suður-Múlasýslu, fundargjörðir frá 14. ágúst og 9. sept. 1885.
- Forseti gat þess, að hann með brjefi 25. sept. 1885 hefði samþykkt, að jafnað hefði verið niður til sýslusjóðs fyrir 1885, 887 kr. 41 e., sem fór fram úr því, sem jafna mátti niður samkvæmt 43. gr. sveitarstjórnartilsk., sbr. 26. gr. 4., en jafnframt brýnt fyrir sýslunefndinni að gæta þess eptirleidis, sem fyrir er mælt í nefndri lagagrein.

Forseti skýrði enn fremur frá, að hann með úrskurði sínum 29. des. 1885,

99

hefði fellt úr gildi fyrst um sinn þá ályktun sýslunefndarinnar á fundi 14. ágúst s. á., að veita sýsluvegagjaldið úr Beruneshreppi fyrir 1886, uppi kostnað við brúargjörð á Krossá, en brú þessi er ekki á sýsluvegi. Landshöfðingi hafði með brjefi 2. marz 1886, staðfest þennan úrskurð amtmanns, sem var byggður á því, að ályktun sýslunefndarinnar kæmi alveg í bága við lög 15. okt. 1875, um veg-ina á Íslandi, 4. gr. í niðurlaginu.

Um aðalfund nefndarinnar á yfirstandandi ári var engin skýrsla komin, en forseta ráðsins var kunnugt um, að fundarhald, sem ákveðið hefði verið seinast í marz eða fyrst í apríl, hefði farizt fyrir vegna illviðra.

36. Framlagðar voru fundargjörðir frá sameiginlegum fundi sýslunefndanna í Norður- og Suður-Múlasýslu, 9. sept. 1885, viðvíkjandi Eyðaskólanum.
37. Framlagðir voru eptirnefndir sýslusjóðsreikningar fyrir 1885, sem forseti ráðsins hafði yfirfarið áður, til rannsóknar og úrskurðar.
 - a. Við reikninginn úr Húnavatnssýslu fannst ekkert að athuga, og var hann samþykktur.
 - b. Við reikninginn úr Skagafjarðarsýslu fannst ekkert að athuga, og var hann samþykktur.
 - c. Við reikninginn úr Eyjafjarðarsýslu, sem reikningshaldari hafði leiðrjett eptir bendingu forseta og athugasemd amtsráðsins við reikninginn 1884 (skýrsla um fund amtsráðsins, 2. og 3. júní 1885, Stjórnartíðindi 1885. B. bls. 95), fannst ekkert að athuga, og var hann samþykktur.
 - d. Við reikninginn úr Suður-Þingeyjarsýslu athugaði amtsráðið, að Skútustaðahreppi bæri að endurgjalda 7 kr. 23 a., sem ofborgað sýslusjóðsgjald af Fremri- og Hlíðarnámum 1885, auk þess, sem ofborgað hefði verið á árunum 1881—1884, alls 20 kr. 25 a. Reikningshaldari hafði fullnægt athugasemd endurskoðanda sýslunefndarinnar við reikninginn.
 - e. Við reikninginn úr Norður-Þingeyjarsýslu fannst ekkert að athuga og var hann samþykktur.
 - f. Við reikninginn úr Norður-Múlasýslu fannst ekkert að athuga, og var hann samþykktur.

Sýslusjóðsreikningurinn úr Suður-Múlasýslu var eigi kominn til amtsráðsins, og fól það því forseta sínum að úrskurða hann síðar.

38. Framlagðir voru eptirnefndir sýsluvegasjóðsreikningar fyrir 1885, til rannsóknar og úrskurðar.
 - a. Við reikninginn úr Húnavatnssýslu fannst ekkert að athuga, og var hann samþykktur.
 - b. Við reikninginn úr Skagafjarðarsýslu fannst ekkert að athuga og var hann samþykktur.

Reikningur var framlagður yfir tekjur og gjöld hins svo nefnda »Brúarsjóðs« fyrir 1884 og 1885 (sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 1. og 2. ágúst 1884, Stjórnartíðindi 1884, B. bls. 168). Eign sjóðsins við árslok 1885 er 338 kr. 33 a.

- c. Við reikninginn úr Eyjafjarðarsýslu höfðu endurskoðendur sýslunefndarinnar athugað, að vinnukaup eins verkamanns á 11. fylgiskjalinu væri ofreiknað um 2 kr.; samkvæmt þessari athugasemd verður eign til næsta árs 171 kr. 45 a. Ennfremur ber reikningshaldara, samkvæmt athugasemd endurskoðanda að skýra frá, hvort nokkur viðarúrgangur hefði orðið úr gömlu Þverárbrúnni í Öxnadal.

- d. Við reikninginn úr Suður-Þingeyjarsýslu fannst að athuga, að 6. útgjalda-fylgi-skjalið vantaði.
- e. Við reikninginn úr Norður-Þingeyjarsýslu fannst ekkert að athuga, og var hann samþykktur.

Reikningarnir úr Norður-Múlasýslu og Suður-Múlasýslu voru ókomnir, og fól amtsráðið forseta sínum að yfirfara og úrskurða þá síðar.

Fleiri mál komu eigi til umræðu á þessum fundi, og var svo fundi slitið.

Akureyri, 17. dag ágústmán. 1886.

J. Havsteen.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögum fyrir 1886 og 1887.

10. gr. C 4.

Samkvæmt tillögum amtsráðs norður- og austuramtsins, var af fje því til eflingar búnaði, sem landshöfðinginn hefur beinlínis umráð yfir, veitt:

1. Til búnaðarskólans á Hólum	1340 kr.
2. — búnaðarskólans á Eyðum	660 —
Þó þannig, að frá báðum þessum skólum, verði komnir til amtsráðsins reikningar yfir tekjur og gjöld þeirra 1885—86, áður en styrkurinn greiðist þeim.	
3. Jóni bónda Jónssyni á Reynistað, sem verðlaun fyrir tilraunir hans til að bæta sauð-fjárfkyn	50 —
4. Til búnaðarfjelaga, eptir nánari uppástungum amtmannsins í norður- og austuramtíu, allt að	1550 —

Samkvæmt tillögum amtsráðs suðuramtsins, var af sama fje veitt:

1. Til búnaðarfjelds suðuramtsins	1200 —
2. — ——— Grímsnesshrepps	200 —
3. — ——— Hrunamannahrepps	100 —
4. — þess að gjöra varnargarð gegn sjávargangi fyrir Háeyrarlandi	1000 —
Þó með því skilyrði, að verkið sje gjört eptir fyrirsögn búfræðings, og að fjed greiðist ekki af hendi, fyr en verkinu er lokið, og það hefir verið tekið út af dómkvöddum mönnum.	
5. Til sjera Þorkels Bjarnasonar á Reynivöllum, til að standast kostnað við laxaklak	100 —
6. — búfræðings, til að standa fyrir stíflu og framræzlu á Hróarsholtslæk	130 —
7. — ábúendanna á Ketilsstöðum, Hryggjum og Skeiðflöt, fyrir að vernda ábúðarjarðir sínar fyrir ágangi af Hafursá	300 —
er skiptist á milli þeirra eptir fyrirsögn hlutadeigandi umboðsmanns.	
8. Til hins íslenska garðyrkjufjelds, til að byrgja sig upp með norskt kálabífræ og með því afstýra fræskorti að vori komandi	200 —

Samkvæmt meðmælum hlutadeigandi amtmanns, voru samþykktar tillögur:

sýslunefndarinnar í Húnavatnssýslu um, að verja 400 kr. (sbr. Stjtið þ. á. B. 20) til búnaðarskólans á Hólum og 300 kr. til styrktar búnaðarfjeldum í sýslunni eptir nákvæmum skýrslum um framkvæmdir þeirra,

sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu (sbr. Stjtið. þ. á. B. 20) um, að verja 740 kr. til búnaðarskólans á Hólum,

sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu um, að verja 750 kr. (sbr. Stjtið. þ. á. B. 20) til launa handa ferðabúfræðingum,

bæjarstjórnarinnar á Akureyri um, að verja 40 kr. (sbr. Stjtið. þ. á. B. 20) til eflingar jarðeplaráekt.

sýslunefndanna í Suður-Þingeyjarsýslu og Norður-Þingeyjarsýslu um, að verja 550 kr. og 220 kr. (sbr. Stjtið. þ. á. B. 20), til þess að launa ferðabúfræðingum og til verðlauna fyrir unnar jarðabatur,

sýslunefndarinnar í Suður-Múlasýslu um, að verja 520 kr. (sbr. Stjtið. þ. á. B. 20) þannig: til jafna skipta milli jarðabótáfelaganna í Reyðarfjarðar, Skriðdals og Eyða hreppum 75 kr.,

til Jónasar Símonarsonar á Svinaskála fyrir túbætur 200 kr., til Magnúsar Villhjálmssonar á Mjóanesi fyrir túngarðahleðslu 100 kr., til Finnþoga Ólafssonar á Viðirlæk fyrir stýflugarðshleðslu 75 kr. og til Jóns Jónssonar á Hallbjarnarstöðum fyrir stíflugarðshleðslu 70 kr.

10 gr. C. 5. b.

Samþykkt að áðurveittum 4000 kr. til sýsluvega í norður- og austuramtinu (sbr Stjfd þ. á B. bls. 41), verði skipt þannig, að Húnavatnssýsla fái 750 kr., Skagafjarðarsýsla 400 kr., Eyjafjarðarsýsla 1150 kr., Suður-Þingeyjarsýsla 400 kr., Norður-Múlasýsla 200 kr. og Suður-Múlasýsla 1100 kr.

13 gr. A. b. 2.

Eptirstöðvarnar fyrir 1885—86, 100 kr., af bráðabirgðaruppbót handa fátækum prestaköllum, veittar Mýrdalsþingaprestakalli.

13. gr. B. V. b.

Barnaskólanum á Eskifirði veittur 150 kr. styrkur fyrir 1886.

16. gr. 4.

Laxræktarfelaginu í Dalasýslu veittar 500 kr til að gjöra geymslupolla fyrir hrognfiska o fl Sjera Jens Pálssyni á Þingvöllum veittar 300 kr, til að koma upp laxklakshúsi, útvega nauðsynleg áhöld og vernda klakstaðinn fyrir árflóði úr Öxará

Sjera Þorkeli Bjarnasyni á Reynivöllum veittar 200 kr, til að kenna aðferð við laxaklak og útvega fleiri áhöld við það. Þó með því skilyrði, að 3 menn að minnsta kosti njóti hjá honum tilsagnar í laxaklaci.

KONUNGLEG LEYFISBRJEF.

17. júní var cand. pharm. S. O. Kjær, veitt konungsleyfi til að reka lyfjaverzlun á Seyðisfirði.

19. ágúst var „Prentfjlagi Ísafirðinga“ veitt konungsleyfi til að setja á stofn og nota prentsmíðu á Ísafirði.

HEIÐURSGJAFIR.

Af vöxtunum af styrktarsjóði Kristjáns konungs níunda fyrir árið 1886, var þeim dbrm. Þorkeli Jónssyni á Ormsstöðum og Guðbrandi bónda Sturlaugssyni í Hvítadal, veitt 160 kr. heiðursgjöf, hvorum um sig, fyrir framúrskarandi dugnað í landbúnaði.

EMBÆTTASKIPANIR.

31. ágúst veitti landshöfðingi cand. theol. Arnóri Árnasyni, Tröllatungu prestakall í Strandaprófastsdæmi.

S. d. veitti landshöfðingi cand. theol. Árna Þórarínssyni, Miklaholts prestakall í Snæfellsnessprófastsdæmi.

S. d. veitti landshöfðingi cand. theol. Bjarna Pálssyni, Rípur prestakall í Skagafjarðarprófastsdæmi frá fardögum 1837 að reikna.

S. d. veitti landshöfðingi cand. theol. Birni Jónssyni, Bergstaða prestakall í Húnavatnsprófastsdæmi.

S. d. veitti landshöfðingi cand. theol. Hálfðáni Guðjónssyni, Goddala prestakall í Skagafjarðarprófastsdæmi.

S. d. veitti landshöfðingi cand. theol. Hannesi L. Þorsteinssyni, Fjallabínga prestakall í Norður-Þingeyjarprófastsdæmi.

S. d. veitti landshöfðingi cand. theol. Páli Stephensen, Kirkjubólsping og Staðar prestakall á Snæfjallaströnd í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi.

1. sept. veitti landshöfðingi cand. theol. Ólafi M. Stephensen, Mýrdalsþinga prestakall í Vestur-Skaptafellsprófastsdæmi

2. s. m. skipaði biskup sóknarprest að Undirfelli, sjera Hjörleif Einarsson, til að vera prófast í Húnavatnsprófastsdæmi og sóknarprest að Skorrastað, sjera Jónas Pjetur Hallgrímsson, til vera prófast í Suður-Múlaprófastsdæmi.

ÓVEITT EMBÆTTI.

Sýslumannsembættið í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Árslau 3500 kr., auk óvissra tekna samkvæmt lögum um laun sýslumanna og bæjarfógeta, 14. des. 1877.

Sæki aðrir en Íslendingar um embætti þetta, eiga þeir samkvæmt konungsbrjefi 8. apríl 1844 og konungsráskurðum 27 maí 1857 og 8. febr. 1863, að láta bónarbrjefum sínum fylgja fullnægjandi vottorð um, að þeir kunni Íslenzku.

Auglýst 19. ápríl 1886. Bónarbrjefin eiga að vera komin til ráðgjafans fyrir 30. okt. 1886.

Staðfesting konungs á stofnunarskrá, fyrir «prentsmiðjusjóð norður- og austuramtsins». 100

Vjer Christian hinn níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og 29. júlí.
Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenberg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Með því að beðið hefur verið um, og óskað eptir allrahæstri staðfestingu Vorri á stofnunarskrá, sem amtsráðið í norður- og austuramtinu, á landi Voru Íslandi, hefur búið til og hjer er viðfest í frumriti, fyrir sjóð, sem þannig er til orðinn, að fjelag eitt, sem á sínum tíma rak prentsmiðju í kaupstað Vorum Akureyri, hefur selt prentsmiðjutækin og lagt söluverð þeirra í sjóð, í þeim tilgangi, að styrkja með ársvöxtunum fátæka nemendur á kvennaskólanum í Eyjafjarðarsýslu og gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum, og nefnt sjóð þennan «prentsmiðjusjóð norður- og austuramtsins», — þá höfum Vjer allramildilegast staðfest nefnda stofnunarskrá — en staðfest samrit af henni er geymt hjá ráðgjafa Vorum fyrir Ísland, — eins og Vjer með þessu brjefi staðfestum hana og samþykkjum.

Vjer fyrirbjóðum öllum og sjerhverjum að tálma því, sem að framan er skráð. Gjört í hinum konunglega aðsetursstað Vorum Kaupmannahöfn, 29. júlí 1886.

Vort konunglegt innsigli

(L. S.)

Samkvæmt allramildilegustu skipun hans hátignar konungsins.

J. Nellemann.

STOFNUNARSKRÁ

Prentsmiðjusjóðs norður- og austuramtsins.

1. gr.

Af andvirðinu fyrir prentsmiðju norður- og austuramtsins, sem samkvæmt ályktun hlutaðeiganda var gefið til þess að styrkja fátækar og efnilegar námsmeyjar og unglínga, sem ganga á kvennaskólann í Eyjafjarðarsýslu og gagnfræðaskólann á Möðruvöllum, eru lagðar í fastan sjóð, sem nefnist »Prentsmiðjusjóður norður- og austuramtsins«, 2700 kr. í skuldabryfum einstakra manna, er ávaxtist með 4 af hundraði á ári gegn áreiðanlegu veði í fasteign.

2. gr.

Hinum árlegu vöxtum af tjeðri upphæð, sem eru 108 kr., skal verja, eins og sagt er í 1. gr., þannig, að þeim sje skipt í 4 jafna hluti, sem amtsráðið veitir við hver árslok 2 fátækum og efnilegum námsmeyjum á kvennaskólanum á Laugalandi, eptir uppástungu forstöðukonunnar þar, og 2 fátækum og efnilegum námspiltum á gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum, eptir uppástungu skólastjóra.

3. gr.

Forseti amtsráðsins semur á ári hverju reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins og skal prenta reikninginn í B-deild Stjórnartíðindanna.

Amtsráð norður- og austuramtsins, 10. dag aprílm. 1886.

J. Havsteen.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja, út af bænarskrá um konungsstaðfestingu á arfleiðsluskrá. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 11. júní þ. á., hafið 19. ágúst.
þjer, herra landshöfðingi, sent hingað allraþegnsamlegasta bænarskrá með fylgiskjöllum, þar sem N. N. sækir um staðfestingu konungs á arfleiðsluskrá sinni þess efnis, að hann

11. dag októbermán. 1886.

101 gefur einni dóttur sinni, auk erfðahluta hennar að lögum, hálfá jörð, svo framarlega, sem 19. ágúst. verð hennar ekki yfirstigi fjórðung úr búi hans, en að dóttirin að öðrum kosti skuli greiða meðerfingjum sínum mismuninn, og ákveður, að allt sem hún erfir, skuli undanþegið umráðum manns hennar, og að fasteignin eigi megi seljast, en að afganginu skuli beinlínis undir umsjón fjárhaldsmanns eða yfirfjárráðanda, varið eingöngu handa henni eða börnum hennar.

Í tilefni af þessu skal jeg, um leið og jeg endursendi frumrit arfleiðsluskrárinnar, þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeiganda, að hin umsóttá staðfesting getur eigi orðið veitt, þar sem ráðgjafinn verður að vera yður samdóma um, að ákvarðanir arfleiðsluskrárinnar, að því er fjórðungsgjöfina snertir, sjeu í sjálfu sjer lögum samkvæmar og þurfi því ekki konungsstaðfestingar, en að hinu leytnu sje eigi heimild til í hinum íslenzku erfðalögum að veita ákvörðunum arfleiðsluskrárinnar slíka staðfestingu, að svo miklu leyti sem þær eiga að ná til erfðahlutans í heild sinni.

102 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um hvort toll eigi að heimta 21. ágúst. af bramalífseelixir og bitter. — Að partil gefnu tilefni frá sýslumanninum í Barðastrandarsýslu og hinum umboðslega endurskoðanda, hafid þjer, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi, dags. 24. maí þ. á., lagt undir úrskurð ráðgjafans, hvort toll eigi að krefja af bitter, bramalífseelixir og yfir höfuð lagartegundum, sem vafi getur leikið á, hvort geti kallazt áfengir drykkir, um leið og þjer, til þess að sýna skilning yðar á þessu máli, bendið á álit það, er þjer, sem settur amtmaður í suðuramtinu og vesturamtinu, ljetuð uppi í þessu efni, og sem fylgdi nefndu brjefi yðar.

Út af þessu skal eigi látið hjá líða hjermeð þjónustusamlega að tjá yður til leiðbeiningar og frekari birtingar, að ráðgjafinn er alveg á sömu skoðun og þjer um, að eins og allar lagartegundir, sem ætlaðar eru til drykkjar, ekki geta álitizt tollskyldar einungis af þeirri ástæðu, að þær innihalda vínanda, heldur þurfi það að bæstast við, að lagartegundin heyri undir einhverja þá drykkjartegund, sem gjald er lagt á í lögum 7. nóv. 1879 1. gr. : 1, öl ; 2, brennivín eða vínanda ; 3, rauðvín og messuvín ; 4, öll önnur vínföng — þannig sje ekki hægt fyrirfram að gefa reglur fyrir, hvað eigi að heimfæra undir hverja af þessum drykkjartegundum, en að úrslitin verði að vera komin undir því, að því er snertir brama-lífs-elixír og bitter, sem ekki heyra undir neinn af þremur hinum fyrsttöldu lagartegundaflokkum í lögnum, hvort þjer geti talizt til þess, sem í lögnum er nefnt »vínföng«, og verður því að neita um brama-lífs-elixír, en um bitter er allt undir því komið, hvort hann er tilbúinn til drykkjar óblandaður, sem »bittersnaps«, þannig að aðalefnið í honum er brennivín eða vínandi, eða hann er tilbúinn sem »bitteressens«, til þess að blandast í smáskömmtum saman við brennivín, því að í fyrra tilfellingunni er hann tollskyldur, í hinu síðara ekki.

103 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um löggildingu nýrrar 25. ágúst. sálmabókar. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 14. f. m., hafid þjer, herra landshöfðingi, sent hingað erindi með fylgiskjölum frá biskupnum yfir Íslandi, þar sem hann fer þess á leit, að aukin og endurbætt sálmabók, sem nefnd sú, er hann skipaði 1878, hefur gefið út, megi við hafast við guðsþjónustu í kirkjum og heimahúsum á Íslandi, þar sem prestar og söfnuðir koma sjer saman um það, og hafid þjer mælt með því, að hin umbeðna löggilding verði veitt.

Út af þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og til frekari birtingar, sjerstaklega fyrir biskupnum, að hina umgetnu endurbættu sálmabók má innleiða, til að viðhafa við guðsþjónustu í kirkjum og heimahúsum á Íslandi, hvervetna þar sem prestar og sófnuðir koma sjer saman um það. **103** 25. ágúst.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um sölu hegningarhússins á Húsavík. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 10. júní þ. á., samþykki jeg hjermeð boð það, 600 kr., sem Stefán búfræðingur Stefánsson frá Fagraskógi, í fjelagi við annan mann, hefur gjört í fanga-húsið á Húsavík, þannig að helmingur kaupverðsins greiðist þegar kaupandanum er lát-ið í tje afsalsbrjef fyrir húsinu, en hinn helmingurinn geti, ef kaupandi æskir þess, staðið 1 ár gegn veði í hinnu seldu húseign og lagavöxtum. **104** 28. ágúst.

Brjef landshöfðingja til hjeraðslæknisins í 13. læknishjeraði, út af fyrirspurn viðvirkjandi borgun fyrir eptirlit með heilbrigðisástandi vesturfara. — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 10. f. m., hafið þjer, herra hjeraðslæknir, skýrt frá, að gufuskipið Camoens hafi komið á Vopnafjörð 8. s. m., til þess að taka vesturfara fyrir Allánlínuna, en að umboðsmaður hennar, Sigfús Eymundsson, hafi neitað að greiða yður hið lögá-kveðna gjald, fyrir að hafa eptirlit með heilbrigðisástandi umgetinna vesturfara, og hafið þjer spurzt fyrir um, hvort þjer eigið ekki heimtingu á áminnstu gjaldi, og ef svo er, hvar þjer eigið að leita rjettar yðar. **105** 30. ágúst.

Út af þessu vil jeg tjá yður, að eptir fyrirsmælum 8. gr. í lögum 14. janúar 1876, um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig af landi í aðrar heims-álfur, skulu, áður en útflutningaskip leggur af stað frá Íslandi, bæði skipverjar og far-þegar rannsakaðir af lækni, sem lögreglustjórinn fær til þess, og eptir 9. gr. sömu laga ber hlutaðeigandi lækni 20 kr. þóknun fyrir slíka rannsókn. Þessum lagafyrirmælum virðist fullnægt með því, að hin fyrirskipaða rannsókn fari fram á þeirri höfn, er út-flutningaskip fer síðast frá, þá er það leggur á stað frá Íslandi, en þar sem gufuskipið Camoens í þeirri ferð sinni, sem hjer ræðir um, kom á Seyðisfjörð og tók þar vestur-fara eptir að það hafði komið á Vopnafjörð, og þannig lagði af stað alfarið frá Seyðis-firði en ekki frá Vopnafirði, þá bar umboðsmanni Allánlínunnar ekki skylda til að láta rannsaka heilbrigði skipverja og farþegja fyr en á Seyðisfirði. Þareð þjer heldur ekki hafið fært sönnur á, að yður hafi verið falið af hlutaðeigandi lögreglustjóra að fram-kvæma optnefnda rannsókn, nje að þjer í raun og veru hafið litið eptir heilbrigði vest-urfara þeirra, er fóru frá Vopnafirði, þá fæ jeg ekki sjeð að þjer eigið neitt tilkall til borgunar þeirrar, sem framanneft erindi yðar hljóðar um.

Brjef landshöfðingja til stiptyfirvalda Íslands um lán til kirkjubyggingar. **106** — Út af þóknanlegu brjefi hinna heiðruðu stiptyfirvalda, dags. 24. þ. m., og bónar-brjefi því, frá prófasti sjera Páli Ólafssyni á Prestsbakka, er því fylgdi, veiti jeg hjer með Staðar prestakalli í Hrutáfirði 600 kr. lán úr landssjóði til kirkjubyggingar á Stað, þannig að lán þetta verði ávaxtað með 4% árlega og endurborgað á næstu 10 árum, með 60 kr. á ári hverju. **106** 30. ágúst.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um línun **107** 30. ágúst.

107 í landskuld eptir tvær þjóðjarðir sökum skemmda af vatnsflóði. — Samkvæmt tillög-
30 ágúst. um yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi, dags. 25. júní p. á., sem byggðar eru á skoðunargjörð hlutadeigandi úttektarmanna og skýrslu umboðsmannsins yfir Möðruvalla-
klaustursumboði, veiti jeg samþykki mitt til, að leiguliðarnir á umboðsjörðunum Möðru-
völlum og Nunnuhóli í Hörgárdal, sökum skemmda þeirra, er engjar ábúðarjarða þeirra
hafa beðið af vatnsflóði úr Hörgá í júlímánuði 1885, verði eptir fyrir mælum 17. gr. í
lögum 12. janúar 1884, um bygging, ábúð og úttekt jarða, aðnjótandi þeirrar linunar í
landskuldargjaldinu eptir jarðir þessar, er hjer segir :

Fyrir fardaga-árið	1885—86	25.8	álu.
—	—	1886—87	17.2 —
—	—	1887—88	8.6 —
—	—	1888—89	4.3 —

sem og að hálfur kostnaðurinn af skoðunargjörðinni á jörðunum greiðist úr umboðssjóði
samkvæmt 23. gr. sömu laga.

108 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um skyldu lyfsalans í Reykja-
31 ágúst. vik til að vera prófdómandi við burtfararpróf á læknaskólanum. — Þjer hafid, herra
landshöfðingi, með þóknanlegu brjefi 19. f. m., sent hingað erindi Schierbecks landlæknis,
þar sem hann, út af því að Krüger lyfsali, sem hann kvaddi til þess að vera próf-
dómandi í efnafræði, lyfjafræði og grasafræði við burtfararpróf á læknaskólanum í síð-
astliðnum júnímánuði, skoraðist undan því starfi, þótt ákveðið sje í reglugjörð skólans
9. ágúst 1876 11. gr., að lyfsalinn í Reykjavík skuli kveðjast til sem prófdómandi í tjeð-
um námsgreinum, spyrzt fyrir um, hvort lyfsalinn megi skorast undan að vera próf-
dómandi og hvort prófin í námsgreinum þessum, sem hann hefur látið fram fara með
öðrum prófdómendum, sjeu gild, og hafid þjer, um leið og þjer látið uppi það álit yð-
ar, að fyrri spurningu landlæknis beri að kveða nei við og hinni síðari já, beiðzt leið-
beiningar ráðgjafans um, hvernig að skuli farið, ef Krüger lyfsali heldur því áfram fram-
vegis, að skorast undan að vera prófdómandi við burtfararpróf á læknaskólanum.

Út af þessu læt jeg eigi hjá líða hjer með þjónustusamlega að tjá yður til þókn-
anlegrar leiðbeiningar og til birtingar fyrir hlutadeigendum, að jeg að einu leytinu er
yður samdóma um, að það atvik, að prófin hafa verið haldin án þess að lyfsalinn í
Reykjavík hafi verið meðal prófdómendanna í námsgreinum þeim, sem hann á að kveð-
ast til samkvæmt 11. gr. í reglugjörð fyrir læknaskólann í Reykjavík, geti ekki svipt
próf þessi gildi, en að jeg á hinn bóginn verð að ætla, að eigi sje tjeðum lyfsala með
ákvörðunum þeim, er þar um gilda, uppálagt sem skylda að gegna prófdómandastörf-
um, og að forstöðumaður læknaskólans verður þess vegna, ef Krüger lyfsali skyldi halda
því áfram, að skorast undan að vera prófdómandi, að fara að eins og í þetta skipti og
kveðja annan mann til prófdómanda, sem er hæfur til þess og fús á það.

109 Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um að sparissjóði
31. ágúst. sjeu veitt hlunnindi samkvæmt tilsk. 5. jan. 1874. — Eptir beiðni yðar, herra sýslu-
maður, í þóknanlegu brjefi, dags. 12. p. m., veiti jeg hjer með sparissjóðnum á Saudár-
króki um 5 ár, er teljist frá 1. p. m., öll þau hlunnindi, sem talin eru í tilskipun 5.
janúar 1874, þó með þeim skilyrðum : að ábyrgð sú, sem stofnendur sjóðsins hafa tek-
ist á hendur með 3. gr. samþykktar 10. júní p. á., skerðist ekki, að ákvarðananna í
samþykkt sjóðsins um reikningsskil sje nákvæmlega gætt, og að send sjeu landshöfðingja

árlega eptirrit af reikningum hans; svo ber og að skýra landshöfðingja frá sjerhverri 109
breytingu, er kynni að verða á samþykkt sjóðsins, og frá því, ef skipti verða á stofn- 31. ágúst.
endum hans samkvæmt 3. og 4 gr. samþykktarinnar.

Þetta gefst yður til vitundar til þóknanlegrar leiðbeiningar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um hvort 110
útflutningsgjald beri að heimta af fiski hafna á milli hjer á landi. — Með þóknan- 1. sept.
legu brjefi, dags. 30. apríl þ. á., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi, þar
sem P. V. Davidsen, verzlunarstjóri á Vopnafirði, spyrzt fyrir um, hvort sjer beri að
greiða útflutningsgjald af hörðum fiski, sem pantaður hafi verið hjá sjer úr Húnavatns-
sýslu og sem hann ætli að senda þangað með strandferðaskipinu á yfirstandandi ári,
með því að hann viti ekki nema sá, sem við fiskinum á að taka, kunni að ætla hann
til útflutnings, og hafið þjer beiðzt leiðbeiningar um, hvernig svara eigi þessari fyrir-
spurn.

Út af þessu vil jeg gefa yður til vitundar, sjálfum yður til leiðbeiningar og til
frekari birtingar, að þar sem 3. grein í lögum 4. nóvember 1881, um útflutningsgjald
af fiski, lýsi o. fl., mælir svo fyrir, að gjaldið skuli borgað, áður en skip það, sem í hlut
á, er afgreitt frá þeirri höfn, sem það leggur á stað frá, hvort heldur til annara veiði-
staða hjer, eða fer burt frá landi, þá verður að skilja þessa ákvörðun, eins og líka er
skýrt tekið fram í ráðherraþr. 17. júlí 1882, þannig, að útflutningsgjaldið skuli því að
eins greiða, að fiskur sá o. fl., sem látinn er á skipið, sje þá ætlaður til útflutnings,
en að ekki verði heimtað gjald af fiski, sem sendur er hafna á milli innanlands og ekki
er ætlaður til útflutnings, þá er hann er látinn í skipið, þó svo kunni að fara, að sá,
sem fiskurinn er sendur, síðar flytji hann út, enda er það lögreglustjórans þar á staðn-
um, sem viðtakandi er, að hafa eptirlit með því. Jeg verð þannig að álíta, að ef sá,
sem sendir á stað með skipi tollskyldan fiskiafla til annarar hafnar hjer á landi, gefur
vottorð upp á æru og samvizku um, að fiskiaflinn sje ekki af honum ætlaður til útflut-
nings, og hleðsluskjölin bera ekki annað með sjer, en að fiskiaflinn eigi að flytjast í land
á þeirri höfn, sem hann er sendur á, þá sje ekki næg heimild til að krefjast útflut-
ningsgjalds af slíkum fiskiafla.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um láns- III
viðbót til að fullgjöra alþýðuskólahús. — Samkvæmt beiðni sýslunefndarinnar í Suður- 2. sept.
Þingeyjarsýslu og samþykki amtsráðsins í norður- og austuramtinu, vil jeg hjer með veita
tjæðri sýslunefnd í viðbót við áður veitt 1500 kr. lán, 300 kr. lán úr viðlagasjóði til að
fullgjöra alþýðuskólahús í Hljeskógum í Grýtubakkahreppi og til áhaldakaupa handa skól-
anum, þannig að lán þetta endurborgist og ávaxtist ásamt hinu áður veitta 1500 kr.
láni, á 28 árum með 6% árlega.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um skyldu 112
til að leysa borgarabrjef til verzlunar. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 10. f. m., 18. sept.
hafið þjer, herra amtmaður, skotið þeirri spurningu til minnar úrlausnar, hvort hinum
núverandi eiganda að verzlunum þeim á Húsavík, Vopnafirði og Berufirði, sem kenndar
eru við Örum & Wulff, beri eigi samkvæmt 2. gr. laga 7. nóvember 1879 um breyting
á eldri lögum um siglingar og verzlun á Íslandi, að leysa borgarabrjef til verzlunar á

112 nefndum stöðum og greiða fyrir gjald það til hlutaðeigandi sýslusjóða, sem ákveðið er í
18. sept. nefndri lagagrein.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar, að þar sem hinn núverandi eigandi ofanefndra verzlana er orðinn einkaeigandi þeirra, eptir að ofan-áminnst lög 7. nóvember 1879, öðluðust gildi, þá getur að minni ætlun enginn efi á því leikið, að hann er skyldur til að kaupa borgarbrjef til verzlunar, samkvæmt 2. gr. í optnefndum lögum, á hverjum þeirra þriggja staða, þar sem hann hefur verzlun.

113 Brjef landshöfðingja til póstmestarans í Reykjavík um póstávisanir til út-
18. sept. landa frá Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði. — Á síðasta alþingi var borin upp tillaga til þingsályktunar um, að beina þeirri áskorun að landshöfðingja, að hann gjöri ráðstöfun til, að póstávisanir verði gefnar út af póstafrageiðslumönnum á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði með sömu kjörum og hjá póstmestararanum í Reykjavík. Eptir að bent hafði verið á, að það stæði ekki í valdi landshöfðingjans að koma þessari ráðstöfun í kring að svo stöddu, var umgetin tillaga tekin aptur, en jafnframt var því lýst yfir af uppástungumanni, að hann bæri það traust til landsstjórnarinnar, að hún mundi gjöra það sem í hennar valdi stæði, til þess að gjöra mönnum hægra fyrir með að senda peninga frá áðurnefndum póstafrageiðslustöðum til Danmerkur og útlanda.

Eins og yður er kunnugt, herra póstmestari, verður póstafrageiðslumönnum hjer á landi eptir gildandi samningum við póstumdæmi erlendis og öðrum ákvörðunum, ekki falið á hendur að gefa út póstávisanir til Danmerkur eða útlanda, en hins vegar virðist ekkert geta verið því til fyrirstöðu, að póstafrageiðslumennirnir á áðurnefndum stöðum, hafi til reiðu eyðublöð undir póstávisanir handa þeim, sem senda vilja peninga á þenna hátt til útlanda, og þá jafnframt leiðbeini þeim með, að fylla út í eyðublöð þessi, og að póstafrageiðslumennirnir því næst taki við póstávisununum útfylltum, ásamt peningum þeim, sem þær hljóða um, og sendi hvortveggja til póststofunnar í Reykjavík, en vitaskuld er það, að þeir sem peningana senda, verða auk hins lögboðna póstávisanagjalds að greiða burðargjald og ábyrgðargjald undir hina sendu peninga, frá hlutaðeigandi póstafrageiðslustað til Reykjavíkur. Með þessu fyrirkomulagi má gjöra mönnum mögulegt án nokkurs verulegs aukakostnaðar eða fyrirhafnar, að senda peninga í póstávisun frá optnefndum póstafrageiðslustöðum til Danmerkur og útlanda.

Jeg skal því þjónustusamlega skora á yður, herra póstmestari, að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til, að póstafrageiðslumennirnir á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði, hafi næg eyðublöð undir póstávisanir til afnota handa þeim, sem senda vilja peninga í póstávisun til Danmerkur eða útlanda, og jafnframt að segja tjeðum póstafrageiðslumönnum fyrir um það, sem með þarf í áminnstu efni.

114 Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi um niðurlagningu Mosfells-
21. sept. og Gufuness kirkna og bygging nýrrar kirkju á Lágafelli. -- Eptir að hafa meðtekið þóknanleg brjef yðar, háæruverðugi herra, 4. og 14. þ. m., og skjöl þau, er þeim fylgdu, vil jeg hjer með samkvæmt tillögu yðar og ályktun hjeradsfundarins í Kjalarnesþingi 10. þ. m., fallazt á:

1. að lagðar verði niður í Mosfells prestakalli kirkjurnar á Mosfelli og í Gufunesi, þó að óskertum rjetti prestsins til prestsmötu af Gufunesi, og
2. að í þeirra stað verði byggð kirkja á Lágafelli, sem sje hæfilega stór fyrir hinar

þannig sameinuðu sóknir, eptir nákvæmari ráðstöfun og undir umsjón hjeradsprófastsins.

114

21. sept.

Brjef landshöfðingja til skólustjóra J. A. Hjaltalín á Möðruvöllum um byggingarráðin yfir Möðruvöllum og hjáleigunni Spónsgerði. — Út af þóknanlegu brjefi yðar, herra skólustjóri, 6. p. m., þar sem þjer, sakir ágreinings milli yðar og umboðsmanns Möðruvallaklausturs, spyrjist fyrir um rjettan skilning á 8. gr. reglugjörðar 28. júlí 1882, fyrir gagnfræðaskólann á Möðruvöllum, að því er snertir byggingarráðin yfir Möðruvöllum og hjáleigu þessarar jarðar, Spónsgerði, skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, að eptir nefndri reglugjörð er jörðin Möðruvellir og hjáleiga hennar, undanþegin afskiptum umboðsmanns Möðruvallaklausturs að öðru leyti en því, að skólustjóra, sem hefur byggingarráðin yfir jörðinni og á að hafa hana í umsjón sinni, ber að greiða afgjald af jörðinni í hendur umboðsmannsins.

115

25. sept.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um greiðslu á uppbót Akureyrar prestakalls 1884—85. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 4. júní p. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað erindi, þar sem prófastur sjera Guðmundur Helgason, prestur að Reykholti, sem til fardaga 1885 var prestur í Akureyrar prestakalli, sækir um, að 300 kr. uppbót sú, sem hinu síðarnefnda prestakalli var ákveðin með lögum 12. jan. 1884, verði sjer veitt fyrir fardagaárið 1884—85.

116

21. ágúst.

Með vottorði hlutaðeigandi prófasts er það sannað, að lög 12. jan. 1884, hafa verið framkvæmd frá fardögum 1884, að því er snertir breytingu á prestaköllunum Akureyri og Grund, sjerstaklega þannig, að 11 fremstu bæirnir í Akureyrarsókn hafa síðan verið greindir frá Akureyrar prestakalli og lagðir til Grundar prestakalls, og vottar prófastur að lögin hafi verið framkvæmd á þessa leið, eins og nauðsynlegt hafi verið eptir því sem ástóð í Eyjafjarðar prófastsdæmi, án þess að leitað hafi verið samþykkis sjera Guðmundar Helgasonar, og þess vegna telur sjera Guðmundur Helgason, að eins og lögin þegar frá fardögum 1884 hafa verið framkvæmd að því er snertir þær ákvarðanir, er rýrðu tekjur hans, svo eigi hann einnig frá sama tíma að njóta góðs af þeim ákvörðunum, er heimila tilsvarendi tekjuauka. Af þessum ástæðum hafa auk þess bæði stiptyfirvöldin og þjer, herra landshöfðingi, mælt með því, að hin umbeðna uppbót verði veitt.

Í tilefni af þessu skal eigi látið hjá líða hjermeð þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að eins og aðalreglan með tilliti til framkvæmdar á ákvörðununum í lögum 12. jan. 1884 samkvæmt reglunum í lögum 27. febr. 1880, sbr. rhbr. 25. ágúst 1884, hlýtur að vera sú, að uppbót sú sem í þeim er ákveðin, greiðist eigi hlutaðeigandi prestaköllum fyr en frá þeim tíma, þegar þau eru veitt næst eptir útkomu laganna, þannig má einkanlega segja, að skilyrðið fyrir því, að lögum þessum sje beitt — og það skilyrði hefur opt verið tekið fram á alþingi í umræðunum um málið — sje það, að breyting sú, sem með þeim er leyfð á prestaköllunum í Eyjafjarðarsýslu, megi engan veginn auka gjöld landssjóðsins. Þess vegna getur því að eins komið til tals í þessu máli, að gjöra undantekningu frá fyr greindri aðalreglu, sökum sjerstakra atvika þeirra sem fyrir hendi eru, að það baki eigi landssjóðnum aukin gjöld. En það getur því að eins verið, að árgjöld þau, 50 kr. og 250 kr., sem samkvæmt lögnum frá 1884 eiga að greiðast í landssjóð frá Grundar prestakalli og Saurbæjar prestakalli, sjeu annaðhvort greidd í landssjóð eða muni greiðast í landssjóð fyrir fardagaárið 1884—85.

116 Ef þannig þær tvær upphæðir, er nú voru nefndar, fyrir greint tímabil, eru 21. ágúst. greiddar í landssjóð, eða landssjóður hefur kröfu til þeirra, þá veiti jeg yður, herra landshöfðingi, hjér með myndugleika til, að láta greiða beiðandanum fyrir sama tímabil úr landssjóði umrædda uppbót, sem Akureyrar prestakalli er ákveðin með lögnum 1884, 300 kr. Að öðrum kosti þykir mjer ísjárvert að láta greiða uppbótina, en aptur á móti finnst mjer sanngirni mæla með, að beiðandanum verði veitt endurgjald fyrir rýrnun þá í embættistekjum hans, sem orsakast hefur af því, að lögin hafa framkvæmd verið að nokkru en eigi öllu leyti, og er jeg því fús til, ef til kemur, að taka greinda upphæð á væntanlegt frumvarp til fjárukalaga fyrir 1886—87, og bið jeg yður þá, að skýra beiðandanum frá því.

Jeg vonast eptir að fá þóknanlega skýrslu yðar um, hvað hjer eptir verður gjört í þessu máli.

117 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um lin- 30. sept. un í afgangi eptir nokkrar þjóðjarðir sökum vatnságangs. — Í 3 þóknanlegum brjefum, dags. 2. þ. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað skýrslur hlutadeigandi umboðsmanns viðvíkjandi skemmdum, er nokkrar þjóðjarðir í Möðruvallaklausturs-umboði höfðu orðið fyrir í fyrra sumar af vatnságangi, og hafið þjer lagt það til, að ábúendunum á jörðum þessum verði eptir beiðni þeirra og lögum um bygging, ábúd og úttekt jarða, 12. janúar 1884, veitt linun í afganginu eptir ábýlisjarðir þeirra samkvæmt skoðunargjörðum, er fram hafa farið á skemmdunum, þannig :

1. að leiguliðanum á Hrísum í Svarfaðardal, verði veitt 40 meðalálna linun í landskuld jarðarinnar fardagaárið 1885—86, 30 álna linun fyrir yfirstandandi fardagaár og 20 álna linun fyrir næsta fardagaár ;
2. að leiguliðanum á Litla-Dunhaga í Arnarneshreppi verði veitt 5½ meðalálnar lækkun á landskuld ábýlisjarðar hans fyrir fardagaárið 1885—86 og eptirleiðis ;
3. að leiguliðunum á jörðunum Hofsa, Skeggjastöðum og Hofsaárkoti í Svarfaðardal, verði veitt respective 13, 4 og 5 meðalálna lækkun í landskuldum jarða þeirra fardagaárið 1885—86 og resp. 4, 1 og 2 meðalálna lækkun eptir það fyrst um sinn.

Jafnframt hafið þjer lagt það til að helmingur kostnaðarins af skoðunargjörðunum útaf skemmdunum á Hrísum og Litla-Dunhaga, mætti greiðast úr umboðssjóði.

Útaf þessu undanfelli jeg eigi hjer með þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar, að jeg fellst hjér með á ofangreindar tillögur yðar.

EMBÆTTASKIPANIR

8. sept. veitti landshöfðingi cand. theol. Jóni Thorsteinsen, Þingvallastakalli í Árness prófastsdæmi.

15. s. m. var landritari Jón Jenson, settur til þess að gegna í fjærveru setts sýslumanns, Franz Siemsens, málaflutningsmannssýslun þeirri við fyrrjettinn, er hann hefur haft á hendi, þangað til önnur ráðstöfun verður gjörð.

LANDSBANKINN.

16. sept var landritari Jón Jenson, samkvæmt 29. gr. laga frá 18. sept. 1885, skipaður endurskodari við landsbankann í Reykjavík.

Yfirlit

118

yfir fjárhag sýsluvegasjóða í norður- og austuramtinu 1885.

1. Húnavatnssýsla:

Tekjur.	
Eign frá fyrra ári	kr. 1248,69
Sýsluvegagjald	— 1018,53
Tillag úr landssjóði	— 490,00
Aðrar tekjur	— 12,10
Lán til ferjukaupa fært til jafnaðar	— 30,00
	kr. 2799,32
Gjöld.	
Vegabótakostnaður	kr. 1384,78
Önnur gjöld (þar með talið lán til ferjukaupa	— 467,48
Eign til næsta árs	— 947,06
	— 2799,32

2. Skagafjarðarsýsla:

Tekjur.	
Sýsluvegagjald	kr. 993,74
Tillag úr landssjóði	— 110,00
	— 1103,74
Gjöld.	
Skuld frá fyrra ári	kr. 3,85
Vegabótakostnaður	— 789,75
Önnur gjöld	— 140,00
Eign til næsta árs	— 170,14
	— 1103,74

3. Eyjafjarðarsýsla:

Tekjur.	
Sýsluvegagjald	kr. 1155,70
Tillag úr landssjóði	— 980,00
	— 2135,70
Gjöld.	
Skuld frá fyrra ári	kr. 9,74
Vegabótakostnaður	— 1954,51
Eign til næsta árs	— 171,45
	— 2135,70

4. Suðurþingeyjarsýsla:

Tekjur.	
Eign frá fyrra ári	kr. 75,42
Sýsluvegagjald	— 890,88
Tillag úr landssjóði	— 310,00
	— 1276,30
Gjöld.	
Vegabótakostnaður	kr. 1092,06
Eign til næsta árs	— 184,24
	— 1276,30

5. Norðurþingeyjarsýsla:

Tekjur.	
Eign frá fyrra ári	kr. 279,38
Sýsluvegagjald	— 372,48
	— 651,86

8. dag nóvembermán. 1886.

118

Gjöld.

Vegabótakostnaður	kr. 272,00	
Eign til næsta árs	— 379,86	— 651,86

6. Norðurmúlasýsla:

Tekjur.

Eign frá fyrra ári	kr. 709,30	
Sýsluvegagjald	— 1259,85	
Aðrar tekjur	— 24,17	
Tillag úr landssjóði fyrir 1884 og 1885	— 710,00	— 2703,32

Gjöld.

Vegabótakostnaður	kr. 1430,00	
Eign til næsta árs	— 1273,32	— 2703,32

7. Suðurmúlasýsla:

Tekjur.

Lán sem sjóðurinn hefur tekið.	kr. 1800,00	
Sýsluvegagjald	— 1509,70	
Tillag úr landssjóði fyrir 1884 og 1885	— 2100,00	— 5409,70

Gjöld.

Skuld frá fyrra ári við reikningshaldara	kr. 187,45	
Lán, sem sjóðurinn hefur tekið	— 1800,00	
Vegabótakostnaður	— 2180,78	
Önnur gjöld	— 85,00	
Eign til næsta árs	— 1156,47	— 5409,70

Skrifstofu norður- og austuramtsins, 6. okt. 1886.

J. Havsteen.

119

Yfirlit

yfir fjárhag sýslusjóða í norður- og austuramtinu 1885.

1. Húnavatnssýsla:

Tekjur.

Eign frá fyrra ári	kr. 268,34	
Niðurföfnun, 7 aurar á hvert hundrad	— 808,53	kr. 1076,87

Gjöld.

Kostnaður sjóðsins	kr. 751,17	
Eign til næsta árs	— 325,70	— 1076,87

2. Skagafjardarsýsla:

Tekjur.

Eign frá fyrra ári	kr. 685,09	
Niðurföfnun, 8 aurar á hvert hundrad	— 904,87	
Aðrar tekjur	— 150,00	— 1739,96

Gjöld.

Kostnaður sjóðsins	kr. 1017,10	
Eign til næsta árs	— 722,86	kr. 1739,96

3. Eyjafjarðarsýsla:

Tekjur.		
Eign frá fyrra ári	kr. 1113,46	
Niðurjöfnun, 9 aurar á hvert hundrað	— 1029,42	
Aðrar tekjur (hjermeð tillag úr landssjóði til eflingar búnaði)	-- 770,00	
Útistandandi hjá Skagafjarðarsýslu	— 540,00	— 3452,88
Gjöld.		
Kostnaður sjóðsins	kr. 1829,48	
Eign til næsta árs	— 1623,40	— 3452,88

4. Suðurþingeyjarsýsla:

Tekjur.		
Niðurjöfnun, 10 aurar á hvert hundrað	kr. 794,21	
Tillag úr landssjóði til eflingar búnaði	-- 570,00	
Aðrar tekjur	— 168,00	— 1472,21
Gjöld.		
Skuld frá fyrra ári	kr. 12,00	
Kostnaður sjóðsins	— 1355,67	
Eign til næsta árs	— 104,57	— 1472,21

5. Norðurþingeyjarsýsla:

Tekjur.		
Eign frá fyrra ári	kr. 242,28	
Niðurjöfnun, 6 aurar á hvert hundrað	— 182,36	
Tillag úr landssjóði til eflingar búnaði	— 230,00	— 654,64
Gjöld.		
Kostnaður sjóðsins	kr. 423,25	
Eign til næsta árs	— 231,39	— 654,64

6. Norðurmúlasýsla:

Tekjur.		
Eign frá fyrra ári	kr. 2206,59	
Niðurjöfnun, 5 aurar á hvert hundrað	— 415,18	
Aðrar tekjur	— 50,00	— 2671,77
Gjöld.		
Kostnaður sjóðsins	kr. 1312,28	
Eign til næsta árs	— 1359,49	— 2671,77

7. Suðurmúlasýsla:

Tekjur.		
Eign frá fyrra ári	kr. 2768,38	
Niðurjöfnun, 12 aurar á hvert hundrað	— 887,22	
Aðrar tekjur	— 100,00	
Búnaðarskólagjaldið fyrir 1885	— 120,81	— 3876,41

119

Gjöld.

Kostnaður sjóðsins kr. 1722,30
 Eign til næsta árs — 2154,11 — 3876,41

Ath. Að því leyti, sem eign sýslusjóðs Suðurmúlasýslu frá fyrra ári er talin 2768 kr. 38 a., en í yfirlitinu fyrir 1884 eign til næsta árs 2768 kr. 45 a., skal þess getið, að forseti amtsráðsins breytti úrskurði sínum á reikningnum fyrir 1884 samkvæmt meðtekinni skýrslu reikningshaldara.

Skrifstofu norður- og austuramtsins, 6. oktbr. 1886.

J. Havsteen.

120

Á g r i p

af reikningi landsbankans 1. júlí til 30. septbr. 1886.

Tekjur:

1. Seðlar meðteknir úr landssjóði	kr. 230000,00	
2. Bráðabirgðalán frá landfógeta í seðlum	— 45000,00	
3. Vextir af lánnum	— 13751,34	
(Hjeraf eru vextir áfallnir á tímabilinu frá 1. júlí til 30. septbr.	kr. 1683,56	
Fyrirfram greiddir vextir fyrir síðari reikningstímabil	— 12067,78	
	<u>kr. 13751,34)</u>	
4. Disconto af víxlum og ávísunum	—	15,52
5. Endurborguð lán:		
a. Fasteignarveðslán	kr. 100,00	
b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	— 262,50	— 362,50
		<u>Tekjur alls kr. 289129,36</u>

Gjöld:

1. Lánað gegn:		
a. Fasteignarveði	kr. 233835,00	
b. Sjálfskuldarábyrgð	— 24940,00	
c. Handveði	— 10700,00	
d. Ábyrgð sveita- og bæjarfjelaga	— 2800,00	kr. 272275,00
2. Keyptar ávísanir	—	400,00
3. Keyptir víxlar	—	625,00
4. Í sjóði 30. septbr. 1886	—	15829,36
		<u>Gjöld alls kr. 289129,36</u>

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögum fyrir 1886 og 1887.

16. gr. 14.

Sveini Oddssyni Svendsen veitt af ráðgjafanum 100 kr. viðbót við áður veittan styrk til að kynna sjer kennslu í barnaskólum í Kaupmannahöfn.

Bóksala Kr. O. Þorgrímssyni veittar 82 kr. 50 a. til útgáfu dómasafns (hæztarjettar og landsyfjrrjettardóma) fyrir árið 1885.

Yfirdómara L. E. Sveinbjörnsson veittar 152 kr. 50 a. sem þóknun fyrir að búa undir prentun dómasafn landsyfjrrjettarins fyrir árin 1884 og 1885.

EMBÆTTASKIPUN.

30. oktbr. veitti landshöfðingi prestaskólakandidat *Jóni Jónssyni Kvíabekklar* prestakall í Eyjafjarðarprófastsdæmi.

Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um ógildingu bæjarstjórnarúrskurðar viðvíkjandi kjörskrá. — Með brjefi 12. júní p. á., skýrði hinn páverandi setti bæjarfógeti mjer frá því, að á fundi bæjarstjórnarinnar í Reykjavík, 29. maí p. á., þegar fyrir bæjarstjórninni láu til úrskurðar, samkvæmt 13. gr. kosningarlaga til alþingis 14. sept. 1877, framkomnar kvartanir yfir kjörskrá þeirri til alþingis, er gilda á fyrir tímabilið frá 1. júlí p. á. til 30. júní 1887, hafi bæjarstjórnin, auk þess sem hún úrskurðaði um kærur þær, er fram höfðu komið, gjört þá ályktun, með meiri hluta atkvæða, að 51 maður, er alls engin kæra hafði komið frá, skyldu teknir upp á skrána, en af því að bæjarfógetinn hafi álitid að bæjarstjórnin hefði eigi vald til annars, eptir að kjörskráin hefði legið frammi um lögskipaðan tíma, en úrskurða um hinar framkomnu kvartanir yfir henni, þá hafi hann álitid, að ályktun sú, sem þannig hefði gjörð verið, væri gagnstæð lögum, sjerstaklega ákvörðunum 12. og 13. greinar kosningarlaganna til alþingis, og hafi hann því á fundinum lýst ályktunina ógilda, samkvæmt 12. gr. bæjarstjórnartilskipunarinnar 20. apríl 1872, þangað til úrskurður landshöfðingjans væri fenginn, og fór hann þess því á leit í nefndu brjefi, að jeg staðfesti ógildingu þá, er hann þannig hefði gjört.

121
4. okt.

Útaf þessu og eptir að jeg með brjefi 6. f. m. hefi meðtekið skýrslu meiri hluta bæjarstjórnarinnar, er greiddi atkvæði með hinni ógiltu ályktun, um ástæður þær, er þeir byggðu atkvæði sitt á, skal jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður, herra bæjarfógeti, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að með því að jeg er samdóma um skilning þann á 12. og 13. gr. kosningarlaganna til alþingis, sem að ofan er tekinn fram, þá vil jeg hjer með staðfesta ofangreinda ógildingu bæjarfógetans á hinni umræddu ályktun bæjarstjórnarinnar, á fundi 29. maí p. á.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um heilbrigðisskírteini skipa. — Í þóknanlegu brjefi, 27. júlí p. á., hafid þjer, herra landshöfðingi, meðal annars spurzt fyrir um, hvort fullnægt megi álíta ákvæðum 8. gr. laga um siglingar og verzlun á Íslandi 15. apríl 1854, að því er snertir heilbrigðisvottorð þau, er þar um ræðir, ef skip þau, er til Íslands koma hafa — eins og opt kvað eiga sjer stað — heilbrigðisvottorð, sem gefin eru út af hlutaðeigandi dönskum konsúl, eða hvort telja eigi þau heilbrigðisvottorð ein gild, sem gefin eru út af hlutaðeigandi yfirvaldi á staðnum með árituðu vottorði hins danska konsúls, ef nokkur slíkur er þar.

122
25. sept.

Í tilefni af þessu skal eigi látið hjá líða þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að heimtað er með lagaákvörðun þeirri, sem áður var nefnd, að heilbrigðisvottorðið sje út gefið af hlutaðeigandi yfirvaldi og ef nokkur danskur konsúll er þar á staðnum, þá riti hann síðan á það vottorð sitt.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu um viðbótarlán til að fullkomna tóvinnuvjelar. — Með brjefi þessu veitti landshöfðingi sýslunefnd Suðurlandshöfðingja 3200 kr. lán úr landssjóði, í viðbót við áður veitt 1800 kr. lán, handa Magnúsi Þórarinssyni á Halldórsstöðum til að fullkomna tóvinnuvjelar, þannig að lánsviðbótin verði ávöxtuð og endurborguð á næstu 28 árum með 6% árlega.

123
13. okt.

24. dag nóvembermán. 1886.

124 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um
13. okt. veitingu hallærisláns. — Með þessu brjefi veitti landshöfðingi sýslunefnd Strandasýslu 4000 kr. lán úr landssjóði til að afstýra hallæri í sýslunni, gegn því, að lánið ávaxtist með 4% á ári og endurborgist á næstu 8 árum með $\frac{1}{8}$ árlega eða á þann hátt, sem alþingi síðar kann að ákveða.

125 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um end-
19. okt. urgjald sveitarstyrks. — Hreppsnefndin í Seiluhreppi í Skagafjarðarsýslu hefir með brjefi 30. nóv. f. á. áfrýjað til landshöfðingja úrskurði yðar, herra amtmaður, 18. desbr. 1884, viðvíkjandi endurgjaldskröfu Svínavatnshrepps í Húnavatnssýslu á hendur Seiluhreppi útaf kostnaði sumarið 1883 við aðhjúkrun og framfærslu stúlkunnar Helgu Stefánsdóttur, sem sveitlæg er í Seiluhreppi. Var kostnaður þessi eptir reikningi hreppsnefndarinnar í Svínavatnshreppi alls 211 kr. 18 a., en með tjeðum úrskurði var hann færður niður í 190 kr. 28 a. og með því að Svínavatnshreppur hefir meðtekið uppi kostnaðinn 100 kr., standa eptir af hinni úrskurðuðu upphæð 90 kr. 28 a., sem hreppsnefndin í Seiluhreppi skorast undan að greiða.

Fyrir því skal jeg nú, eptir að hafa með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, 21. ágúst þ. á., meðtekið tilsvár hreppsnefndarinnar í Svínavatnshreppi til ofanefnds áfrýjunarskjals og ummæli yðar um málið, þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar það, er hjer segir.

Hreppsnefndin í Seiluhreppi hefir til stuðnings neitun sinni um að endurgjalda dvalarkostnað Helgu í Svínavatnshreppi haldið því fram, að hreppsnefndin þar hefði að óþörfu dregið að flytja Helgu á sveit hennar og til styrkingar því, að Helga hafi verið flutningsfær þrátt fyrir veikindi hennar, hefir hreppsnefndin lagt fram vottorð frá hjeradslækninum í Skagafirði, dagsett 7. maí 1884, og vottorð frá landlækninum, dags. 19. október f. á., og lýsa þar læknar þessir yfir því sem sannfæringu sinni, að Helga hafi verið flutningsfær á hrepp sinn sumarið 1883. En þrátt fyrir vottorð þessi, sem þarad- auki eru, einkanlega vottorð landlæknisins, gefin löngu eptirá og byggð á miður áreiðanlegri sjúkdómslýsingu, en eigi á eigin sjón, get jeg þó eigi sjeð, að hreppsnefndinni í Svínavatnshreppi verði gefið að sök, að hafa sýnt vanrækslu í að flytja Helgu á framfærslusveit hennar, því að veikindum Helgu, einsog þeim er lýst með vitnaframburði undir málinu var svo varið, að það er að minnsta kosti vel skiljanlegt, að hreppsnefndinni í Svínavatnshreppi eigi sýndist nein tiltök vera til að flytja hana fyr en gjört var, enda var gjörð ráðstöfun til flutningsins af hreppsnefndinni hvenær sem Helga yrði ferðafær.

Jeg get heldur ekki sjeð, að kostnaðurinn af dvöl Helgu sje of hátt reiknaður, einsog hann er úrskurðaður af yður, að undanteknum 6 kr., sem taldar eru í 5. lið (borgun fyrir mann til að vaka yfir Helgu meðan hún var á Litla-Búrfelli), því að þessar 6 kr. virðast þegar vera fólgnar í 3. lið reikningsins, og því eiga að falla burtu.

Framanefndur úrskurður yðar staðfestist því hjer með með þeirri einu breytingu, að skuld Seiluhrepps til Svínavatnshrepps færist niður um 6 kr. eða niður í 84 kr. 28 a.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um skiptingu hrepps í 2 hreppafjelög. — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 29. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi, þar sem 5 kosnir menn fyrir hönd hreppsnefndar og hreppsþúa í Broddaneshreppi í Strandasýslu fara þess á leit, að hinum núverandi Broddaneshreppi verði skipt í 2 hreppsfjelög, og hafið þjer lagt það til, að jeg samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar 4. maí 1872 skipi fyrir um hreppsskiptingu þessa, sem sýslunefndin í Strandasýslu hefur álitid mjög svo hagfellda á þann hátt, sem nákvæmar er tiltekið í áðurnefndu erindi.

Fyrir því skal svo fyrirskipað sem hjer segir:

1. Broddaneshreppi í Strandasýslu skal skipt í 2 hreppa, er nefnist Óspakseyrarhreppur og Fellshreppur, þannig að allar jarðirnar umhverfis Bitruffjörð frá Þambárvöllum að Skriðnesenni að báðum þeim jörðum meðtöldum verði í Óspakseyrarhreppi, en allar jarðir umhverfis Kollafjörð frá Broddadalsá að Hlíð, að þeim báðum meðtöldum, verði í Fellshreppi.
2. Öllum eignum, skuldum og ómagameðlögum hins núverandi Broddaneshrepps, þeim sem verða þegar skiptingin fer fram, skal skipt á milli hinna nýju hreppa þannig að $\frac{3}{5}$ komi á Óspakseyrarhrepp og $\frac{2}{5}$ á Fellshrepp, og eptir sama hlutfalli skal skipta ómagameðlögum, sem síðar kunna að koma til og sem eiga rót sína í fjelagsskap þeim, milli hinna nýju hreppa, er hingaðtil hefur átt sjer stað.
3. Aðskilnaður hreppanna skal fara fram undir eins og amtmaður hefur ákveðið tölu hreppsnefndarmanna í hvorum hreppi samkvæmt 2. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar, og hinar nýju hreppsnefndir eptir það hafa verið kosnar, en þær skulu síðan framkvæma skiptinguna á eignum, skuldum og ómagameðlögum og sýslunefndin skera úr, ef ágreiningur verður.

Um leið og jeg tilkynni yður þetta, herra amtmaður, yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, skal jeg með tilliti til þess, að í frammanefndu erindi einnig er leitað samþykkis míns til að sýslunefndin í Strandasýslu með ráði hreppsnefndanna ákveði þingstaði í hinum nýju hreppum, geta þess, að áður en slíkt samþykki verði veitt, verður að vera fengin vissa fyrir því, að hreppsnefndirnar taki að sjer þá skuldbindingu að koma upp og halda við rúmgóðu og óaðfinnanlegu þinghúsi hvor í sínum hreppi, og að eigendur eða umráðamenn jarða þeirra, þar sem þinghúsin eiga að standa, samþykki að slík kvöð sje lögð á jarðir þeirra um aldur og æfi; en vitaskuld er það, að engin breyting verður gjörð á takmörkum Broddanesþinghár sem dómpinghár nema með lögum.

Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi um breytingu á kirkjusókn tveggja bæja. — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, háæruverðugi herra, 18. f. m. og skilríki þau, er því fylgdu, vil jeg hjermeð samkvæmt tillögu hjeradsfundarins í Rangárvallaprófastsdæmi og meðmælum yðar fallast á, að bæirnir Forsæti og Hraukur í Landeyjarþingum eigi eptirleiðis kirkjusókn eingöngu að Sigluvíkurkirkju og greiði þangað öll lögboðin kirkjugjöld.

Þetta tilkynnist yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

póstgufuskipanna millum Kaupmannahafnar
Frá Kaupmannahöfn

		Fer frá Kaupm.- höfn.	Skipið fer í							
			Gran- ton.	Trang- isvogi.	Þórs- höfn.	Beru- firði.	Eski- firði.	Seyðis- firði.	Vopna- firði.	Húsa- vik.
Laura	1. ferð	15. jan.	19. jan.	22. jan.
Laura	2. —	1. marz	5. marz	8. marz
Laura	3. —	19. apríl	23. apr.	25. apr.	26. apr.
Thyra	4. —	6. maí	10. maí	12. maí	13. maí	16. maí	16. maí
Laura	5. —	28. maí	1. júní	3. júní ¹	11. júní	11. júní	12. júní	12. júní	14. júní
Romny	6. —	14. júní	18. júní	20. júní	20. júní
Thyra	7. —	1. júlí	5. júlí	7. júlí	9. júlí	10. júlí	10. júlí
Romny	8. —	17. júlí	21. júlí	23. júlí	23. júlí
Laura	9. —	2. ág.	6. ág.	8. ág.	9. ág.	11. ág.	11. ág.	12. ág.	12. ág.
Thyra	10. —	28. ág.	1. spt.	3. spt.	4. spt.	5. spt.	6. spt.
Laura	11. —	27. sept.	1. okt.	3. okt.	4. okt.	6. okt. ³
Laura	12. —	6. nóv.	10. nóv.	13. nóv.

Frá Íslandi til

		Fer frá Reykja- vík.	Skipið fer í							
			Stykkis- hólmi.	Flat- ey.	Pat- reksfirði	Arnar- firði.	Dýra- firði.	Ønund- arfirði.	Isa- firði.	Reykj- arfirði.
Laura	1. ferð	3. febr.
Laura	2. —	22. marz
Laura	3. —	7. maí
Thyra	4. —	3. júní	3. júní	3. júní	4. júní	4. júní	5. júní	6. júní	7. júní
Laura	5. —	1. júlí	1. júlí	2. júlí	2. júlí	3. júlí	3. júlí	5. júlí
Romny	6. —	29. júní
Thyra	7. —	31. júlí	31. júlí	31. júlí	1. ág.	1. ág.	2. ág.	4. ág.
Romny	8. —	5. ág.
Laura	9. —	28. ág.	28. ág.	29. ág.	29. ág.	31. ág.	31. ág.
Thyra	10. —	24. sept.	24. spt.	25. spt.	25. spt. ²	28. spt.
Laura	11. —	16. okt.
Laura	12. —	29. nóv.

1) Þaðan beina leið til Reykjavíkur, kemur þangað 7. júní og fer þaðan 9. s. m. suður um land til Berufjarðar án þess að koma við í Hafnarfirði.

Aths. 1. Fardagur frá Kaupmannahöfn og Reykjavík er fastákveðinn. Við millistöðvarnar er tiltekinn sá tími er skipið í fyrsta lagi getur farið á; en farþegar mega vera við því búnir, að það verði síðar. Gangi ferðin vel, getur skipið komið nokkrum dögum fyrri til Kaupmannahafnar og Reykjavíkur en tiltekið er, en það getur líka orðið síðar, eins og auðvitad er. Viðstaðan á millistöðvunum er höfð sem allra stytzt, verði þangað annars komið fyrir veðurs sakir eða íss. Það skal sjerstaklega tekið fram, að á *Stykkishólmi*, *Skagaströnd* og *Berufjörð* verður því aðeins komið að veður leyfi.

Aths. 2. Á *Vestmannaeyjum* er komið við í hverri ferð sunnan um land, ef kringumstaður leyfa. Eptir komuna til Reykjavíkur verður auk þess í hvert skipti farið til *Hafnarfjarðar*, ef skipið hefur nægilegan flutning þangað.

áætlun

128

Granton, Færeyja og Islands 1887.
til Islands.

fyrsta lagi frá											Kemur til Rvíkur.
Siglu- firði.	Sauðár- krók.	Skaga- strönd.	Reykj- arfirði.	Isa- firði.	Önund- arfirði.	Dýra- firði.	Arnar- firði.	Pat- reksfirði	Flat- ey.	Stykkis- hólmi.	
.....	26. jan.
.....	14. marz
.....	30. apríl
.....	18. maí	19. maí	19. maí	21. maí	21. maí	22. maí	23. maí	27. maí
16. júní	17. júní	17. júní	18. júní	19. júní	20. júní	21. júní	21. júní	25. júní
.....	25. júní
13. júlí	13. júlí	14. júlí	14. júlí	16. júlí	17. júlí	17. júlí	18. júlí	19. júlí	25. júlí
.....	28. júlí
14. ág.	14. ág.	15. ág.	16. ág.	17. ág.	17. ág.	18. ág.	19. ág.	21. ágúst
.....	9. spt.	10. spt.	11. spt.	11. spt. ²	11. spt.	12. spt. ²	12. spt.	16. sept.
.....	10. okt.
.....	20. nóv.

Kaupmannahafnar.

fyrsta lagi frá											Kemur til Kmh.
Sauðár- krók.	Siglu- firði.	Akur- eyri.	Húsa- vík.	Vopna- firði.	Seyðis- firði.	Eski- firði.	Beru- firði.	Þórs- höfn.	Trang- isvogi.	Gran- ton.	
.....	6. febr.	9. febr.	15. febr.
.....	25. mrz	29. mrz	6. apríl
.....	10. maí	10. maí	14. maí	19. maí
8. júní	9. júní	12. júní	14. júní	14. júní	15. júní	16. júní	19. júní	24. júní
5. júlí	6. júlí	9. júlí	9. júlí	10. júlí	12. júlí	12. júlí	13. júlí	14. júlí	19. júlí	24. júlí
.....	2. júlí	2. júlí	6. júlí	11. júlí
4. ág.	5. ág.	8. ág.	8. ág.	10. ág.	10. ág.	11. ág.	15. ág.	21. ág.
.....	8. ág.	9. ág.	11. ág.	17. ág.
1. spt.	1. spt.	4. spt.	4. spt.	5. spt.	5. spt.	6. spt.	7. spt.	8. spt.	13. spt.	19. spt.
.....	28. spt. ²	30. spt.	1. okt.	2. okt.	3. okt. ²	5. okt.	6. okt.	8. okt.	14. okt.
.....	19. okt.	23. okt.	28. okt.
.....	2. des.	6. des.	12. des.

2) Á stöðvar þessar verður því að eins komið, að sagt verði til nægilegs flutnings.

3) Þaðan suður um land til Reykjavíkur.

Aths. 3. Enn fremur er komið við í *Klaksvík* á Færeyjum í annari ferðinni í báðum leiðum og á 3. og 12. ferð í leiðinni út hingað og loksins, ef góður flutningur býðst, á 6. og 8. ferðinni út og utan.

Aths. 4. Banni ís skipunum fyrirætlaða leið norður um land, verða þeir farþegar, er ætla á einhvern stað, sem ekki verður komist að, látnir fara á land á næstu höfn sem komist verður inná. Vilji þeir heldur verða með skipinu til annarar hafnar mega þeir það. Fargjaldi verður engum skilað aptur, þegar slíkt kemur fyrir, og fæðispeninga verða farþegar að greiða, meðan þeir eru á skipinu. Við slík tækifæri verður farið á sama hátt með flutning. Skipstjórnarnir ráða hvort þeir skipa honum í land á næstu höfn, sem komist verður inná, eða hafa hann með sjer lengra og skila honum á apturleiðinni.

129 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfest-
15. okt. ingar á frumvarpi til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands. —
Með þóknanlegu brjefi, dags. 26. ág. þ á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað
frumvarp það til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands, sem sam-
þykkt var á alþingi 1885 og sem síðan var, samkvæmt fyrirmælum 61. gr. í stjórnar-
skrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 rætt á alþingi því, er saman
kom í sumar og þar samþykkt óbreytt.

I konunglegri auglýsingu þeirri til Íslendinga 2. nóvbr. f. á., sem út var gefin
í tilefni af því, að stjórnarskipunarlaga-frumvarpið var samþykkt í fyrra skiptið, var það
birt, að enda þótt svo færi, að stjórnarskipunarlaga-frumvarp þetta yrði samþykkt af
nýju á hinu nýkosna alþingi, mundi það eigi geta hlotið staðfestingu konungs og voru
ástæðurnar fyrir því teknar fram.

Samkvæmt þessu hefur hans hátign konunginum 29. f. m. allramildilegast
þóknast eptir allraþegnsamlegastri tillögu ráðgjafans að fallast á, að tjeð frumvarp til
stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands hljóti ekki staðfestingu konungs.

Þetta er eigi látið hjá líða hjermed þjónustusamlega að tjá yður, herra lands-
höfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og til birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

130 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sölu á þjóðjörð. — Með
26. okt. þessu brjefi veitti ráðgjafinn landshöfðingja heimild til samkvæmt lögum 8. jan. þ. á.
um að stjórninni veitist heimild til að selja þjóðjarðir, að selja þjóðjörðina Böggvers-
staði í Eyjafjardarsýslu með hjáleigunni Árgerði ábúandanum á Böggversstöðum Baldvin
G. Þorvaldssyni fyrir verð það, 6500 kr., sem ákveðið er í nefndum lögum, og að öðru
leyti með þeim skilmálum, sem þar eru teknir fram.

131 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sölu á þjóðjörð. — Með
5. nóv. þessu brjefi veitti ráðgjafinn landshöfðingja heimild til, samkvæmt lögum 8. jan. þ. á.
um að stjórninni veitist heimild til að selja þjóðjarðir, að selja þjóðjörðina Ásgerðar-
stadasel í Skriðuhreppi í Eyjafjardarsýslu fyrir 900 kr., og að öðru leyti samkvæmt skil-
málum þeim, sem fram eru teknir í tjeðum lögum, sbr. lög 8. nóv. 1883.

132 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sölu á kirkjujörð. — Sam-
6. nóv. kvæmt allraþegnsamlegustu tillögum ráðgjafans, eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef
yðar, herra landshöfðingi, dags. 18. okt. þ. á., hefur hans hátign konunginum þóknast
í gær allramildilegast að fallast á, að bóndanum Birni Sigfússyni á Hofi í Vatnsdal
verði seld jörðin Grímstunga, eign Undirfells prestakalls í Húnavatns prófastsdæmi, á-
samt afrjettarlandinu Grímstunguheiði, fyrir 6500 kr., sem að helmingi greiðist þegar í
stað, en að hinn helmingur kaupverðsins megi standa í jörðinni gegn fyrsta veðrjetti í
henni og 4% í vöxtu á ári, og með þeim skilyrðum, að kaupandi láti af hendi hæfi-
legt rjettarstæði í afrjettarlandinu, til þess að fjenu af Grímstunguheiði verði smalað
þangað á haustin, og að hann enn fremur greiði tíund af jörðinni eptir kaupin og
önnur opinber gjöld, sem á bændaæignum hvíla.

Þetta er eigi látið hjá líða hjer með þjónustusamlega að tilkynna yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og til birtingar fyrir hlutadeigendum. 132
6. nóv.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um að afmá áritunir á skulda-
brjef, sem eru eign sveitarfélaga.—Með þóknanlegu brjefi 16. f. m. hafið þjer, herra
landshöfðingi, sent hingað uppsegjanlegt konunglegt skuldabryef nr. 63, að upphæð 100
rdl., tilheyrandi Fljótsdalshreppi og farið þess á leit, að sölubannsáritun hins danska
kansellís á skuldabryefið, verði afmáð, og um leið spurzt fyrir um, hvort landshöfðinginn
gæti eigi afmáð slíkar áritunir, samkvæmt 20. gr. samanborinni við 2. gr. í auglýsingu
um verksvið landshöfðingja 22. febr. 1875. 133
6. nóv.

Í tilefni af þessu, skal eigi látið hjá líða þjónustusamlega að tjá yður um leið
og nefnt skuldabryef endursendist eptir að sölubanns-áritunin hefur verið afmáð, að ráðgjaf-
inn verður að vera þeirrar skoðunar, að landshöfðinginn hafi heimild til, samkvæmt
nefndri auglýsingu, með hliðsjón af 12. gr. hennar, að afmá sölubanns-áritunir á skulda-
bryef, sem eru eign sveitarfélaga, ef áritunirnar eru eptir stjórnarvöld, sem hafa átt að
hafa það eptirlit með sveitarfélögunum, sem nú hvílir á landshöfðingja.

Reikningur

134

fyrir styrktarsjóð Kristjáns konungs hins níunda frá 1. september 1885 til 31. ágúst 1886.

Tekjur.

1. Eptirstöðvar 1. september 1885:			
a. Innritunarskírteini og konunglegt skuldabryef . . .	kr. 8600,00		
b. Í sparisjóði Reykjavíkur	— 145,74		
c. Í peningum	— 24,00	kr. 8769,74	
2. Vextir til 11. júní 1886 af innstæðu sjóðsins:			
a. Af innritunarskírteini og konunglegu skuldabryefi . . .	kr. 344,00		
b. Af fje í sparisjóði Reykjavíkur	— 5,69	kr. 349,69	
	Samtals	kr. 9119,43	

Gjöld.

1. Heiðursgjafir veittar:			
a. Guðbrandi bónda Sturlaugssyni á Hvítadal í Dalasýslu	kr. 160,00		
b. Þorkeli bónda Jónssyni á Ormsstöðum í Árnessýslu . . .	— 160,00	kr. 320,00	
2. Eptirstöðvar 31. ágúst 1886:			
a. Innritunarskírteini og konunglegt skuldabryef . . .	kr. 8600,00		
b. Í sparisjóði Reykjavíkur	— 199,43	— 8799,43	
	Samtals	kr. 9119,43	

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 26. oktbr. 1886.

Magnús Stephensen.

Jón Jenson.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI

Samkvæmt fjárlögum fyrir 1886 og 1887

10. gr. C 4.

Samkvæmt tillögum hlutadeigandi amtmanna voru samþykktar tillögur :

bæjarstjórnarinnar á Ísafirði um að verja þeim 40 kr., er nefndum kaupstað eru úthlutaðar með auglýs. landshöfð. 12. marz þ. á. (Stjtið. B 20) til verðlauna handa einhverjum þeim, er sjerstaklega hefir vandað verkun á fiski.

Sýslunefndarinnar í Norðurmúlasýslu um að verja 580 kr. handa sýslu þessari (sbr. Stj.tið. B 20) þannig, að 530 kr. sje skipt milli búnaðarfjelaga í sýslunni eptir því hve mörg dagsverk hafa verið unnin að jarðabótum í hverju búnaðarfjelagi á þessu ári og að ábúanda þjóðjarðarinnar Stakkahlíðar verði veittar 50 kr. til framhalds æðarvarpsrækt á jörðunni.

EMBÆTTAVEITINGAR.

5. nóvbr. skipaði konungur sýslumann í Skagafjarðarsýslu, *Jóhannes Ólafsson* til þess að vera sýslumaður í *Mýra- og Borgarfjarðarsýslu* frá 1. júlí 1887 að reikna.

Sama dag var sýslumannsembættið í *Gullbringu- og Kjósarsýslu*, veitt af konungi settum sýslumanni þar, fyrrjettarmálfærslumanni *Franz Siemsen*.

S. d. var sýslumannsembættið í *Dalassýslu*, veitt af konungi cand. jur. *Páli Briem*.

OVEITT EMBÆTTI OG SYSLAN.

Sýslumannsembættið í Skagafjarðarsýslu; laust frá 1. júlí 1887. Árslaun 3000 kr. auk óvissra tekna samkvæmt lögum um laun sýslumanna og bæjarfógeta 14. desbr. 1877, 2. gr.

Auglýst 6. nóvbr. 1886.

Bónarbrjefin eiga að vera komin til ráðgjafans 6. apríl 1887.

Önnur málaftutningsmannssýslanin við hinn konunglega íslenzka landsyfirtjett. Sýslan þessari er lögð 800 kr. þóknun á ári úr landssjóði.

Auglýst 6. nóvbr. 1886.

Bónarbrjefin eiga að vera komin til ráðgjafans 15. febrúar 1887.

Sæki aðrir en Íslendingar um ofanefnt embætti eða sýslan, eiga þeir samkvæmt konungsbrjefi 8. apríl 1844 og konungsúrskurðum frá 27. maí 1857 og 8. febr. 1863, að láta bónarbrjefum sínum fylgja fullnægjandi vottorð um, að þeir kunní íslenzku.

EINKALEYFI.

4. oktbr. var Thorsten Nordenfelt frá Westminster á Englandi, veitt af konungi einkaleyfi á Íslandi til að búa til úr hvöllum, fiskum yfir höfuð og öðrum sjávardýrum, olíu, fæðuefni og áburð á þann hátt, sem hann sjálfur hefur bent á.

YFIRSKATTANEFND.

13. oktbr. skipaði landshöfðingi þessa menn í yfirs kattanevnd í Reykjavíkur kaupstað samkvæmt tillögu bæjarstjórnarinnar þar

L. E. Sveinbjörnsson yfirdómara

E. Th. Jónassen amtmann og

H. Kr. Friðriksson yfirkennara

en til vara :

Geir Zoëga kaupmann.

LEIÐRJETTING.

Í næsta tölublaði hjer á undan hefur á bls. 136, í reikningságripri landsbankans, slæðzt inn sú prentvilla, að í gjöldunum hafa skipti orðið á upphæðum „keypra ávísana“ og „keypra víxla“, og áttu keyptar ávísanir í ágripinu að teljast kr. 625.00, en keyptir víxlar kr. 400.00.

Á g r i p

135

af sýslusjóðsreikningum í vesturamtinu fyrir árið 1884.

1. Mýrasýsla:

	Tekjur:	
a. Eptirstöðvar frá fyrra ári	kr. 422,15	
b. Niðurjöfnunargjald	— 185,00	
c. Vegagjald	— 541,40	
d. Tillag úr landssjóði til vegabóta	— 700,00	
e. Tillag úr landssjóði til eflingar búnaði	— 350,00	
f. Óvissar tekjur	— 150,00	
g. Borgað útistandandi vegagjald 1 hrepps	— 32,90	
h. Skuld fyrir unnar vegabætur	<u>— 232,15</u>	kr. 2613,60

Gjöld:

a. Sýslugjöld (par í til eflingar búnaði 350 kr.)	kr. 536,50	
b. Vegabótakostnaður	— 1189,09	
c. Eptirstöðvar:		
1. af niðurjöfnunargjaldi	kr. 442,63	
2. af vegagjaldi	<u>— 445,38</u>	<u>— 888,01</u> — 2613,60

2. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla:

	Tekjur:	
a. Eptirstöðvar frá fyrra ári	kr. 309,02	
b. Niðurjöfnunargjald	— 524,00	
c. Vegagjald	<u>— 1165,60</u>	— 1998,62

Gjöld:

a. Sýslugjöld	kr. 435,79	
b. Vegabótakostnaður	— 1355,63	
c. Eptirstöðvar:		
1. af niðurjöfnunargjaldi	kr. 126,21	
2. af vegagjaldi	<u>— 80,99</u>	<u>— 207,20</u> — 1998,62

3. Dalasýsla:

	Tekjur:	
a. Eptirstöðvar frá fyrra ári	kr. 427,28	
b. Niðurjöfnunargjald	— 510,61	
c. Vagagjald	— 658,59	
d. Eptirgjald af fasteign sýslusjóðsins	— 46,60	
e. 1/3 hluti andvirðis fyrir tjeða fasteign	<u>— 483,33</u>	— 2126,41

Gjöld:

a. Sýslugjald	kr. 479,98	
b. Vegabótakostnaður	— 748,16	
c. Eptirstöðvar:		
1. af niðurjöfnunargjaldi og af andvirði seldrar fasteignar sýslusjóðs	kr. 868,31	
2. af vegagjaldi	<u>— 29,96</u>	<u>kr. 898,27</u> — 2126,41

31. dag desembermán. 1886.

135

4. Barðastrandarsýsla:

Tekjur:

a. Eptirstöðvar frá fyrra ári	kr. 805,10		
b. Niðurjöfnunargjald	— 477,17		
c. Vegagjald ,	— 635,23		
d. Óvissar tekjur	— 770,00	kr. 2687,50	

Gjöld:

a. Sýslugjöld	kr. 678,60		
b. Vegabótakostnaður	— 1129,96		
c. Eptirstöðvar:			
1. af niðurjöfnunargjaldi	kr. 476,02		
2. af vegagjaldi	— 402,92	— 878,94	— 2687,50

5. Ísafjarðarsýsla:

Tekjur:

a. Eptirstöðvar frá fyrra ári	kr. 612,51		
b. Niðurjöfnunargjald	— 555,00		
c. Styrkur úr landssjóði	— 550,00		
d. Vegagjald	— 1119,96	— 1837,47	

Gjöld:

a. Sýslugjöld	kr. 882,64		
b. Vegabótakostnaður	— 630,81		
c. Eptirstöðvar:			
1. af niðurjöfnunargjaldi	kr. 1080,64		
2. af vegagjaldi	— 243,38	— 1324,02	— 1837,47

6. Strandasýsla:

Tekjur:

a. Eptirstöðvar frá fyrra ári	kr. 368,40		
b. Niðurjöfnunargjald	— 235,27		
c. Vegagjald	— 395,10		
d. Óvissar tekjur	— 50,00	— 1048,77	

Gjöld:

a. Sýslugjöld	kr. 298,00		
b. Vegabótakostnaður	— 586,65		
c. Eptirstöðvar:			
Niðurjöfnunargjald	kr. 164,12	— 164,12	— 1048,77

Íslands vesturamt, Reykjavík 19. nóvbr. 1886.

E. Th. Jónassen.

Á g r i p

af sýslusjóðsreikningum í suðuramtinu árið 1884.

1. Austur-Skaptafellssýsla:

Tekjur:

a. Eptirstöðvar	kr. 339,20	
b. Niðurjöfnunargjald	— 192,92	
c. Vegagjald	— 256,94	
d. Tillag til sýsluvega úr landssjóði 1883	— 228,00	kr. 1017,06

Gjöld:

a. Sýslugjöld	kr. 192,75	
b. Vegabótakostnaður	— 488,00	
c. Eptirstöðvar:		
1. niðurjöfnunargjald	kr. 335,69	
2. vegagjald	— 0,62	— 336,31
		— 1017,06

2. Vestur-Skaptafellssýsla:

Tekjur:

a. Eptirstöðvar	kr. 903,57	
b. Niðurjöfnunargjald	— 390,18	
c. Vegagjald	— 372,40	
d. Tillag til sýsluvega	— 350,00	— 2016,15

Gjöld:

a. Sýslugjöld	kr. 633,50	
b. Vegabótakostnaður	— 651,50	
c. Eptirstöðvar:		
1. niðurjöfnunargjald	kr. 604,59	
2. vegagjald	— 126,56	— 731,15
		— 2016,15

3. Rangárvallasýsla:

Tekjur:

a. Eptirstöðvar	kr. 267,36	
b. Niðurjöfnunargjald	— 545,23	
c. Vegagjald	— 855,25	— 1667,84

Gjöld:

a. Sýslugjöld	kr. 648,67	
b. Vegabótakostnaður	— 809,65	
c. Eptirstöðvar:		
1. niðurjöfnunargjald	kr. 64,01	
2. vegagjald	— 145,51	— 209,52
		— 1667,84

4. Vestmannaeyjasýsla:

Tekjur:

a. Eptirstöðvar	kr. 7,86	
		Flyt kr. 7,86

	Flutt kr. 1028,35	136
b. Vegabótakostnaður	— 811,50	
c. Eptirstöðvar:		
1. af niðurjöfnunargjaldi	kr. 646,84	
2. af vegagjaldi	— 991,14 — 1637,98 — 3477,83	

Íslands suðuramt, Reykjavík 19. nóvbr. 1886.

E. Th. Jónassen.

Ágrip af brjefi landshöfðingja til nmtmannsins yfir suðuramntinu og vestur- 137
amntinu um hallærislán. — Með brjefi þessu var sýslunefndinni í Kjósar- og Gullbringu- 2. nóv.
sýslu veitt 1500 kr. lán úr landssjóði til að afstýra hallæri í Vatnsleysustrandarhreppi,
þannig að lán þetta verði ávaxtað með 4% á ári og endurborgað á 8 árum með $\frac{1}{8}$
árlega eða á þann hátt, sem alþingi síðar kann að ákveða.

Apturköllun á leyfisbrjefi fyrir heimilisgrafreit. — Samkvæmt brjefi ráðgjafans 138
fyrir Ísland hefir ónýtt verið, 25. septbr. p. á, leyfisbrjef það, er út var gefið 30. júní 25. sept.
f. á. handa Jóni Bergssyni í Brokey til að gjöra heimilisgrafreit handa sjer og sínum á
nefndri eyju og sem prentað er í B-deild Stjórnartíðindanna 1885, bls. 107.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramntinu um eptir- 139
gjaldsliunum og þóknun úr umboðssjóði handa þjóðjarðarlandseta. — Samkvæmt tillög- 30. nóv.
um yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi dagsettu 29. sept. p. á, sem byggðar eru
á skoðunargjörð hlutadeigandi úttektarmanna og skýrslu umboðsmannsins yfir Munka-
þverárklostursumboði, veiti jeg samþykki mitt til, að leiguliðinn á umboðsjörðunni
Hvassafelli sökum skemmda þeirra, sem* tún og engjar ábúðarjarðar hans urðu fyrir af
skriðu í ágústmánudi f. á. verði eptir fyrirmælum 17. gr. í lögum 12. janúar 1884, um
bygging, ábúð og úttekt jarða, aðnjótandi þeirrar linunar í landsskuldargjaldinu eptir
jörðina, að það færist niður um 26 meðalálnir fyrir fardagaárið 1885–86 og 7 næstu
fardagaár á eptir.

Sömu leiðis fellst jeg á, eptir tillögum hlutadeigandi umboðsmanns og meðmæl-
um yðar, að leiguliðanum á fyrnefndri umboðsjörð, Benedikt sýslunefndarmanni Jó-
hannessyni, sem samkvæmt ráðherrabrjefi 16. septbr. 1875 var gefið fyrirheiti um þókn-
un, ef hann hreinsaði burt skriðu, sem fjell á tún jarðarinnar það ár, og hlæði varnar-
garð fyrir skriðuhlaupum, veitist 150 kr. þóknun úr umboðssjóði fyrir umgetna jarða-
bót, sem eptir álitu úttektarmanna er vel og vandlega af hendi leyst og hefir kostað að
minnsta kosti 600 kr.

Þetta gefst yður til vitundar, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar og til
frekari birtingar og ráðstöfunar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturamntinu um auka- 140
kosningu til alþingis. — Þaræð þingmaður Vestmanneyinga, Þorsteinn Jónsson, er and- 30. nóv.

140 aður, skal hjermeð þjónustusamlega skorað á yður, herra amtmaður, að annast um, að
30. nóv. aukakosning fari fram í Vestmannaeyjasýslu til þess að kjósa alþingismann í stað hins látna fyrir það sem eptir er af kjörtímanum, sem nú stendur yfir.

141 **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um**
30. nóv. greiðslu málskostnaðar í landamerkjamáli. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 23. septbr. þ. á., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi frá sýslumanninum í Suður-Múlasýslu, þar sem hann fer þess á leit, að helmingur hins úrskurðaða málskostnaðar í landamerkjamáli milli Hólma og Borga verði greiddur honum úr landssjóði með kr. 60,75, með því að sóknarpresturinn að Hólumum hafi haft gjafvörn í málinu fyrir hönd Hólmakirkju.

Út af þessu vil jeg tjá yður, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar og til birtingar fyrir sýslumanninum í Suður-Múlasýslu, að eins og ekki er heimild til að greiða áminnztan málskostnað úr landssjóði til fullnaðar samkvæmt lögum um gjafsóknir 12. júlí 1878, 5. gr., með því að landamerkjadómur Suður-Múlasýslu í málinu er ónýttur af landsyfirdóminum og það þannig ekki er ákveðið með fullnaðardómi, að málskostnaðurinn eigi að greiðast af almannaþje, þannig er heldur ekki heimild til að greiða hann fyrirfram úr landssjóði samkvæmt lögum um borgun til hreppstjóra og fl., 13. janúar 1882, 13. gr., því að af málskostnaðarreikningnum verður ekki sjæð, að varnaraðili, sem gjafvörnina hafði, hafi beiðst neinnar af gjörðum þeim, sem gjald er reiknað fyrir, og tekur því ekki til hans nje landssjóðs fyrir hans hönd að greiða fyrirfram gjöldin fyrir þessar gjörðir, heldur til sóknaraðila sem gjörðarbeiðanda.

142 **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um eptirlaun prestaekkna.** — I
30. nóv. þóknanlegu brjefi 6. þ. m. hafa hin heiðruðu stiptsyfirvöld beiðst úrskurðar míns um það, hvort eigi megi greiða annari af þeim tvögim prestsekkjum, sem nú eru í Saurbæjarprestakalli í Eyjafirði, eptirlaun úr landssjóði, enda þótt þær báðar hafi verið komnar á eptirlaun áður en lög 3. okt. 1884 um eptirlaun prestsekkna komu í gildi, og hafið þjer jafnframt tekið það fram, að eptir því sem þjer getið rjettast skilið, virðist nýnefnd lög hafa sett það upp sem almenna ákvörðun, að engin prestsekkja megi fá minni eptirlaun en 100 kr. á ári (sbr. 1. og 5. gr.), en mikið vanti á, að þetta eigi sjer stað hjer, þar sem prestsekkjur þær, sem hjer sje um að ræða, fáí hvor um sig aðeins 55—60 kr. í eptirlaun á ári, og þó að ekkjur þessar sjeu presrsekkjur í betra meðalbrauði yrðu þær þannig, með öðrum skilningi á lögnum, ver settar en prestsekkjur frá fátækum brauðum.

Útaf þessu undanfelli jeg eigi hjermeð þjónustusamlega að tjá yður, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að skilningur sá, er þjer þannig hafið látið í ljósi á lögum 3. okt. 1884, hefir að mínu áliti ekki stod í þessum lögum, sem aðeins, að undantekinni 5. gr., ræða um *konur þær, sem hjer á eptir verða ekkjur presta*, og geta áminnstar prestsekkjur í Saurbæjarprestakalli því eigi átt neitt tilkall til eptirlauna úr landssjóði samkvæmt nefndum lögum. En að því er snertir þá ástæðu stiptsyfirvaldanna fyrir skilningi yðar, að prestsekkjur þessar sjeu ver settar en prestsekkjur frá fátækum brauðum, sem njóta góðs af 5. gr. laganna, þá vil jeg benda yður á það, að í frumvarpi stjórnarinnar til

fjárlaganna fyrir 1886 og 1887 (Alp.tíð. 1885, C. bls. 30. við A. b. 4.) er einmitt gjört ráð **142**
 fyrir því að úr þessari misfelli á lögunum verði bætt við úthlutunina á fje því, sem 30. nóv.
 veitt er í fjárlaganna 13. gr. A. b. 6.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um 143
 tollgjald af vínföngum sem brúkuð eru sem skipsforði á fiskiskipum. — Með þókn- 1. des.
 anlegu brjefi 11. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað brjef sýslumannsins í
 Barðastrandarsýslu og þar með fylgjandi erindi Markúsar kaupmanns Snæbjarnarsonar á
 Geirseyri með fylgiskjöllum, þarsem kaupmaður þessi sækir um, að fá endurgoldnar 125
 kr. 70 a. sem toll af brennivíni og öli, sem fluttst hafi til Patreksfjarðar með skipinu
 «Guðrún», en verið, hvað brennivínið snertir, skipað úr þessu skipi út í 3 fiskiskip til að
 notast þar sem skipsforði á fiskiveiðum þeirra hjer við landið, og hvað ölið snertir verið
 haldið eptir af skipstjóranum á «Guðrún» til að notast sem skipsforði á þessu skipi.

Útaf þessu vil jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður, herra amtmaður, til þókn-
 anlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að þau ein vínföng eru tollfrjáls
 samkvæmt lögum, sem skipshöfnin á því skipi, sem vínföngin flutti hingað til landsins,
 hafði meðferðis sem skipsforða, þá getur beiðni Markúsar kaupmanns Snæbjarnarsonar
 eigi tekizt til greina.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um skipt- 144
 ingu Jökuldals- og Hlíðarhrepps í 2 hreppa. — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 25. 1. des.
 október þ. á., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi frá sýslumanninum í Norð-
 ur-Múlasýslu, þarsem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar í tjeðri sýslu og eptir ósk
 hreppsnefndarinnar í Jökuldals- og Hlíðarhreppi fer þess á leit, að hreppi þessum verði
 skipt í 2 hreppa, og hafið þjer mælt fram með því, að jeg samkvæmt 23. gr. sveitar-
 stjórnartilskipunarinnar 4. maí 1872 skipi fyrir um hreppaskiptingu þessa á þann hátt,
 sem óskað er eptir.

Fyrir því skal svo fyrirskipað sem hjer segir:

1. Jökuldals- og Hlíðarhreppi í Norður-Múlasýslu skal skipt í 2 hreppa, er nefnist
 Jökuldalshreppur og Hlíðarhreppur, og skulu takmörkin milli hinna nýju hreppa
 norðvestanmegin Jökulsár vera landamerkin milli Haukstaða og Fossvalla, og allur
 sá hluti hins sameinada hrepps, sem er fyrir sudaustan ána, vera í Jökuldals-
 hreppi.
2. Öllum eignum — að meðtöldum kristfjárjörðunum Fossvöllum og Ketilsstöðum —
 skuldum og sveitarþingslum hins núverandi Jökuldals- og Hlíðarhrepps, þeim sem
 verða þegar skiptingin fer fram, skal skipt milli hinna nýju hreppa að tiltölu við
 hina samanlögðu tölu lausafjárúndarinnar til fátækra- og sveitarútsvaranna hin síð-
 ustu 5 fardagaár 1881—86 eins og þau hafa verið í hvorum hluta hins sameinada
 hrepps, sem nú á að verða hreppur útaf fyrir sig, og þannig að hreppsnefndin í
 Jökuldalshreppi hafi byggingarráðin á Fossvöllum en hreppsnefndin í Hlíðarhreppi
 byggingarráðin á Ketilsstöðum. Eptir sama hlutfalli skal skipta sveitarþingslum,
 sem síðar kunna að koma til og sem eiga rót sína í fjelagsskap þeim, er hingaðtil
 hefir átt sjer stað milli hinna nýju hreppa.

- 144 3. Aðskilnaður hreppanna skal fara fram undireins og amtmaður hefir ákveðið tölu
1. des. hreppsnefndarmanna í hvorum hreppi samkvæmt 2. gr. sveitarstjórnartilskipunar-
innar og hinar nýju hreppsnefndir þar á eptir hafa verið kosnar, en þær skulu síð-
an framkvæma skiptinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, og verði á-
greiningur út af skiptingunni, skal skorið úr honum af sýslunefndinni, sem einnig
ákveður um fjallskil hreppanna og afrjettir.

Þetta tilkynnist yður hjermeð, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar
og frekari birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipun er ekki gjörð
nein breyting á Jökuldals- og Hlíðar þinghá, hvorki sem manntalsþinghá nje sem dóm-
þinghá.

145

Auglýsing

30. des. um að birta í blaðinu „Ísafold“ auglýsingar þær, sem um er rætt í opnu brjefi
27. maí 1859.

Frá 1. janúar 1887 skal fyrst um sinn, þangað til öðruvísi verður ákveðið, birta
í blaðinu «Ísafold», sem út kemur í Reykjavík, auglýsingar þær, sem um er rætt í opnu
brjefi 27. maí 1859, um breyting á reglum þeim, er gilda á Íslandi um auglýsingar í
blöðunum í vissum tilfellum, og sem eptir auglýsingu landshöfðingjans yfir Íslandi 16.
októbermán. 1884 átti að birta í blaðinu «Suðra» þangað til öðruvísi yrði ákveðið.

Þetta er hjermeð kunngjört öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Reykjavík 30. desembermán. 1886.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Jenson.

SETTUR MÁLAFÆRSLUMAÐUR.

27. desember var cand jur. Hannes Hafstein settur til þess fyrst um sinn frá 1. janúar
1887 að gegna sýslaninni sem málaflutningsmaður við hinn kgl. ísl. landsyfirjett í stað landritara Jóns
Jenssonar, sem gengt hafði sýslan þessari um stundarsakir.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um **146**
 endurborgun á ofgreiddu aðflutningsgjaldi af rauðavini. — Í brjefi dagsettu 8. ágúst 3. des.
 f. á. skýrði hinn páverandi sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu frá, að Böðvar kaupmaður Þorvaldsson á Skipaskaga hefði krafizt endurgjalds á tolli, er ranglega hefði veriðheimtaður af honum í júnimánuði næst á undan af vínföngum, sem höfðu flutzt til hans frá Bergen með skipinu «Columbus»; hann hefði semsje verið krafinn um og greitt toll af 100 flöskum víns með 45 aurum af flösku hverri kr. 45,00
 í stað þess að hann, með því að vinið á flöskunum var rauðavín, aðeins hefði átt að greiða í toll af því 15 a. af pottinum, eða samtals — 11,25
 og hefði hann því ofborgað kr. 33,75
 Honum hefði samt verið neitað um að fá þessa upphæð endurgoldna vegna þess, að í vottorði því, sem hinn danski konsúll í Bergen hafði ritað á tollskrá áður nefnds skips, hefðu verið tilfærðar 100 flöskur víns, en ekki tilgreint að það væri rauðavín.

Nú hefir fyrnefndur kaupmaður farið þess á leit við mig, að sjer verði endurgoldnar úr landssjóði áminntar kr. 33,75, og með því hann hefir sannað bæði með vöruskrá skipsins Columbusar á umgetinni ferð og með reikningi frá hlutadeigandi vín-sala, að þær 100 flöskur víns, sem tilgreindar voru á tollskránni, höfðu inni að halda rauðavín (St. Julien), þá verð jeg að ætla, að hann hafi við áminnt tækifæri ofborgað í toll af þessum vínföngum kr. 33,75, sem hann því eigi að fá endurgoldnar. Jeg skal því þjónustusamlega skora á yður, herra sýslumaður, að greiða Böðvari kaupmanni Þorvaldssyni á Skipaskaga kr. 33,75 af aðflutningsgjaldi því, sem þjer hafð innheimt fyrir landssjóð á yfirstandandi ári, og færa þær til útgjalda í aðflutningsgjaldsreikningi yðar með skýrskotun til þessa brjefs.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um **147**
 skiptingu Rosmhvalanesshrepps í 2 hreppa. — Með þóknanlegu brjefi 30. október síð- 3. des.
 astliðinn hafð þjer, herra amtmaður, sent hingað útskrift úr sýslunefndarbók Kjósar- og Gullbringusýslu, sem sýnir, að sýslunefndin hefir lagt það til samkvæmt ósk hrepps- nefndarinnar í Rosmhvalanesshreppi í erindi til sýslunefndarinnar, dags. 8. júní þ. á., er einnig fylgdi brjefi yðar, að hreppi þessum verði skipt í 2 sveitarfjelög og hafð þjer jafnframt mælt með því, að jeg samþykki hina eptiræsktu hreppaskipting á þann hátt, er sýslunefndin hefir stungið uppá.

Fyrir því skal samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar 4. maí 1872 skipað svo fyrir sem hjer segir:

1. Rosmhvalanesshreppi í Gullbringu- og Kjósarsýslu skal skipt í 2 hreppa, þannig að innri hreppurinn nái yfir Keflavík, Leiru, Inn- og Út-Garð allt að landamerkjum milli Útskála og Kirkjubólshverfis og nefnist sá hreppur Rosmhvalanesshreppur, en hinn hreppurinn nái frá greindum landamerkjum suður að syðri landamerkjum Stafness við Ósaboтна og heiti Miðnesshreppur, með þessum landamerkjum: frá Litluflös, er liggur fast sunnan við Garðskagaflös í fjöru beint sem sjónhending ræður eptir fornaldar garðlagi uppí svonefndan Draughól á Skaganum, þaðan að Skálareykjarjett, þaðan sjónhending að Kólku á Háleyti, þaðan að Gömlupúfu sunnantil á Háaleyti, þaðan að Beinhól; þaðan í sjó eptir Djúpavog við Ósaboтна.
2. Öllum eignum, sveitarþyngslum og skuldum hins núverandi Rosmhvalanesshrepps, 31. dag desembermán. 1886.

147
3. des.

þeim sem verða þegar skiptingin fer fram, skal skipt á milli hinna nýju hreppa þannig að Rosmhvalanesshreppur hljóti og beri af þeim tvo hluti en Miðnesshreppur einn, og eptir sama hlutfalli skal fara um sveitarþyngsli, er síðar kunna að koma til og sem eiga rót sína í fjelagsskap þeim, er hingað til hefir átt sjer stað milli hinna nýju hreppa.

3. Aðskilnaður hreppanna skal fara fram undireins og amtmaður hefir ákveðið tölu hreppsnefndarmanna í hvorum hreppi fyrir sig, samkvæmt 2. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar og hinar nýju hreppsnefndir þareptir hafa verið kosnar, en þær skulu síðan framkvæma skiptinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslam, og verði ágreiningur útaf skiptingunni skal skorið úr honum af sýslunefndinni.

Þetta tilkynnist yður hjermeð, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðþeiningar og frekari birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipun er engin breyting gjörð á Rosmhvalanessþinghá, hvorki sem manntalsþinghá nje sem dómþinghá.

148
29. des.

Brjef landshöfðingja til landfógeta um hallærislán handa Barðastrandarsýslu. — Með brjefi þessu veitti landshöfðingi Barðastrandarsýslu með venjulegum kjörum allt að 2600 kr. lán úr landssjóði til að afstýra hallæri í sýslunni á þessum vetri.

149
30. des.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suduramtinu og vesturamtinu um skatt af húsum í verzlunarstöðum. — Í brjefi, dags. 10. þ. m., sem hingað kom beina leið, hefir hinn setti sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu getið þess, að síðan húsaskattslögin 14. desbr. 1877 öðludust gildi, hafi þeirri reglu verið fylgt í nefndri sýslu, að heimta ekki skatt af húsum, sem notuð sjeu við ábúð á jörð, er metin sje til dýrleika, án tillits til þess, hvort húsið sje í verzlunarstað eða ekki, en af því að hann álíti, að þetta komi í bága við 1. gr. nefndra laga, þarsem skilyrðislaust sje boðið að greiða skatt af öllum húseignum í kaupstöðum og verzlunarstöðum landsins, þá hafi hann hugsað sjer að fyrirskipa virðing á þeim af slíkum húseignum, er eigi hafi áður verið virtar, og innheimta síðan skatt af þeim, en óskar þó áður staðfestingar á þessum skilningi sínum á húsaskattslögunum.

Fyrir því vil jeg hjermeð biðja yður, herra amtmaður, að tjá nefndum sýslumanni, að jeg álít ofangreindan skilning hans á húsaskattslögunum rjettan.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögunum fyrir árin 1886 og 1887.

10. gr. C. 4.

Samkvæmt tillögum amtmannsins yfir norður- og austuramtinu fyrir hönd amtsráðsins þar, var af þeim 1550 kr., sem getur um í Stj.tíð. 1886 B, bls. 123, skipt 1527 kr. milli 25 búnaðar- og framfarafjelaga í amtinu sem hjer segir:

1.	Búnaðarfelagi	Áshrepps	kr. 150,60
2.	---	Kirkjuhvammshrepps	66,80
3.	---	Þorkelshólshrepps	98,00
4.	---	Engihlíðarhrepps	62,00
5.	---	Torfalækjarhrepps	122,80
6.	---	Þverárhrepps	110,60
7.	---	Sveinsstaðahrepps	95,00
8.	---	Svínavatnshrepps	162,00
9.	Jarðabótafelagi	Rípurrepps	22,40
10.	Búnaðarfelagi	Staðarhrepps	32,80
11.	Framfarafelagi	Svarfdælinga	44,20
12.	---	Öngulsstaðahrepps	40,20
13.	Búnaðarfelagi	Skríðahrepps	72,60
14.	---	Glæsibæjarhrepps	47,80
15.	Framfarafelagi	Hrafnagilshrepps	29,60
16.	Búnaðarfelagi	Bægisárprestakalls	13,40
17.	Framfarafelagi	Arnarneshrepps	55,40
18.	---	Saurbæjarhrepps	69,00
19.	---	Grímseyinga	13,40
20.	---	Grýtubakkahrepps	61,40
21.	Jarðabótafelagi	Helgastaðahrepps	37,60
22.	Búnaðarfelagi	Ljósavatnshrepps	46,40
23.	---	Hjaltastaðahrepps	20,00
24.	---	Fljótsdælinga	34,40
25.	---	Jökulsárhlíðar	18,60
			kr. 1527,00

13. gr. B. V. a.

Kvennaskólanum í Reykjavík veittur 1200 kr. styrkur fyrir árið 1886.

Stjórnartíðindiu (deildirnar A, B og C) má panta á ritstofu landshöfðingja og öllum póststöðvum á landinu. Verð þeirra er 1 kr. árgangurinn, er verður að greiðast fyrirfram um leið og tíðindin eru pöntuð. Eldri árgangar Stjórnartíðindanna, þeir sem enn eru til, kosta heptir 1 kr. 90 a. hver, nema árgangurinn 1874 er kostar 95 aura og árgangurinn 1886 er kostar 1 kr. 25 a.

Stjórnartíðindin eru send kaupendum með póstum. Sje eitthvað áfátt við sendinguna, ber viðtakanda, ef hann vill mega búast við leiðrjettingu á því, að skýra þeim, er hann pantar tíðindin hjá, frá vöntuninni með næsta pósti eða fyrstu ferð sem fellur eptir að sendingin kom.

Embættismönnum, hreppstjórum, hreppsnefndaroddivitum og póstafréiðslumönnum

um er skylt að halda þeim Stjórnartíðindum, er þeim eru send kauplaust, saman í góðri reglu, og munu þeir að öðrum kosti verða skyldaðir til að útvega tíðindin eftir á af nýju á eigin kostnað.